


ÍSALP




ARSIT ISLENSKA ALPAKLÚBBSINS 1987






SKEMMTILEGIR OG FRÆÐANDI FERÐAFÉLAGAR



FRÆÐSLURIT FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Með útgáfu þessara bóka færir félagið út kvíarnar og eykur fjölbreytni í starfsemi sinni. Ætlunin er að gefa út eitt fræðslurit árlega. Þar verður fjallað í stuttu máli og á aðgengilegan hátt um ýmiss konar efni er lúta að náttúrufyrirbærum og ferðalögum á landi hér.



Efnisyfirlit:

Á bleikum buxum	4
Kilimanjaro	10
Ísalp 10 ára	12
Fyrsti áratugurinn	21
Raunir fjallgöngumanns	22
Raunir reykingamanns	23
Leiðarvísir: Skarðsheiði	25
Afreakið	42
Nestishornið	44
Ný leið í Grafarfossi	45
Í minningu félaga	47
Stríð og friður	48
Fyrsti heiðursfélagi	51
Félagsstarfið	52
Ársreikningur	54
Ársskýrslan	55
Fréttapistill	56

Forsíðumynd tók Björn Vilhjálms-son í Björn Vilhjálmsson í Skarðs-horni í Skarðsheiði. Snævarr Guðmundsson leiðir afbrigðið „Dreyra“ af leiðinni Sólei. Á myndinni sést hvers vegna leiðin fekk nafnið.

ÚTGEFANDI:

Íslenski Alpaklúbburinn – Félag íslenskra áhugamanna um fjalla-mennsku.

Pósthólf 4186, Reykjavík.

RITNEFND:

Kristinn Rúnarsson, ábm. (18346)

Björn Vilhjálmsson (36653)

Margrét Júlíusdóttir (688016)

Salbjörg Óskarsdóttir (641702)

Þorsteinn Guðjónsson (32666)

Snævarr Guðmundsson (688412)

PRENTUN:

Borgarprent



ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS

3. TÖLUBLAÐ
NÓVEMBER 1987

Frá ritnefnd

„Allt frá því maðurinn sveiflaði sér niður úr trjánum hefur hann mænt til fjallanna með lotningu og fengið þaðan innblástur og kraft. En í þúsundir ára létt hann sér nægja að hafa þau innan seilingar, kannski minnugur þess að þáttur í þróun hans fólst í að klifra niður, – ekki upp. Það er tiltölulega stutt síðan að maðurinn vann bug á þessari lotningu og hóf að stunda fjallmennsku.“ (Úr Collins guide to mountains and mountaineering eftir John Cleare).

Íslenski Alpaklúbburinn var stofnaður 1977 og er því 10 ára í ár. Mikið hefur áunnist á þessum fyrstu 10 árum klúbbsins. Klúbburinn hefur byggt skála í Botnssúlum og hefur auk þess haft umsjón og séð um viðhald á Tindfjallaskála í Tindfjöllum. Á vegum klúbbsins hafa verið haldin fjöldi námskeiða í öllum greinum fjallmennskunnar, – klettaklifri, ísklifri og vetrarfjallmennsku. Klúbburinn hefur haldið uppi (mis)kröftugu félagslífi mestan hluta ársins með ferðum, fundum og myndasýningum. Síðast en ekki síst hefur klúbburinn gefið út blað, fyrst ársfjórðungsrit en nú, þrjú síðustu árin, ársrit.

En betur má ef duga skal. Það er ansi margt í starfinu sem betur má fara. Það hefur lengi loðað við klúbbinn að erfitt sé að nálgast hann fyrir nýja félaga. Hinn harði kjarni sem heldur starfinu gangandi er lokuð klíka sem ekki er árennileg fyrir nýliðana. Petta veldur svo aftur því að öll starfsemi hvílir á of fáum herðum og menn sem sjá um hana eru síðan gjörsamlega útbrunnir þegar þeir komast frá starfinu. Allt of fáir eldri félagar halda ekki tengslum við klúbbinn á annan hátt en sem stikkfrí neytendur á því ritmáli sem frá klúbbnum kemur. Hér þarf að verða breyting á, ef klúbburinn á ekki að verða nafnið eitt eftir önnur 10 ár – eða kannski minnismerki um það sem einu sinni var, eins og fordæmi eru fyrir.

Hér með skora ég á alla félaga, bæði unga sem aldna, að láta komandi mánuði vera mánuði útiveru og fjallgangna. Gefið mótuarmiðlunum frí, en andið þess í stað að ykkur fersku fjallallofti. Og stundið svo auðvitað klúbbinn stíft, bæði til þess að miðla og þiggja. Ef þú lesandi góður tekur þessarri áskorun, eins og allir hinir lesendurnir, þá verður Íslenski Alpaklúbburinn öflugur félagsskapur eftir önnur tíu ár sem gefur út vikurit ÍSALP!

Kristinn Rúnarsson

STJÓRN ÍSALP:

Formáður: Guðjón Ó. Magnússon (672773)

Varaform.: Björn Vilhjálmsson (53410)

Gjaldkeri: Salbjörg Óskarsdóttir (641702)

Ritari: Gunnlaugur Eiðsson (24102)

Meðstj.: Guttormur B. Pórarinsson (22712)

Varamáður: Páll Steinsson (666703)

Torfi Hjaltason (667094)

FERÐA- OG FUNDANEFND:

Guðjón Ó. Magnússon, form.

Páll Steinsson

Gunnlaugur Eiðsson

FRÆÐSLUNEFND:

Torfi Hjaltason, form.

Snævarr Guðmundsson (688412)

Jón Geirsson (42133)

BÓKA- OG HÚSVÖRÐUR:

Björn Vilhjálmsson

Gunnlaugur Eiðsson

UMSJÓNARMAÐUR SKÁLANNA:

Guttormur B. Pórarinsson

Snævarr Guðmundsson (688412)

Jón Geirsson (42133)

UMSJÓNARMAÐUR

TINDAFJALLASKÁLA:

Björn Vilhjálmsson


Gunnlaugur Eiðsson

UPPSTILLINGANEFND:

Páll Steinsson, form.

Jón Geirsson

Ari Trausti Guðmundsson



Á bleikum buxum

EFTIR JÓN GEIRSSON

CHAMONIX

Pað var ekki margt sem hafði breyst í „Cham“, frá því að við vorum þar síðast. Nálin á Barómetrinum, í glugganum á apótekinu vísaði jafnmikið niður eins og alltaf, sama hvað sólin skein! Franska veðurspáin sem hengd var út í sama glugga, var einnig jafn óskiljanleg og áður. Allavega fyrir okkur mörlandana. „Perspektiv pour, . . . bla, bla“ var snarlega þýtt „horfur slæmar“ og ekki meira um það.


Á Bar National, voru komnar nýjar innréttningar en aðrir innanstokksmunir, þ.e. skítugir Bretar, syngjandi og segjandi sverar afrekssögur, voru hinir sömu.

Gestgjafinn vinalegi, Maurice Simmond, var á sínum stað fyrir innan barborðið, og nú jafnvél enn nærssýnni en áður. Hann setti upp engan svip, heldur brosti bara þegar maður stundi upp „Une biere, silver play“, með hræðilegum hreim. Bjórinn kom að bragði, „Merci“.

Jú annars, ég saknaði djúkboxins, sem trúlegast var látið fjúka með gömlu innréttningunum. Svo er sem mig minni að maður hafi fengið tvo bjóra fyrir tíu franka peninginn síðast, nú fékkst bara einn. Sennilega skýringin á því hvers vegna Bretarnir drekka nú vín. En við, ofan af skeri, sem eru í bjórbindindi milli utanlandsferða pælum ekki í verðinu og drukkum þá frekar „Grandes“.

AIG. DE L'M, EÐA BARA LUMMAN

Pað þykir víst sígilt að byrja á þessum tindi sem við köllum alltaf lummuna okkar á milli.



Greinarhöfundur alveg „hræðilega“ öruggur á tindi Aig. Chardonnet. Ljósm. Snævarr Guðmundsson.

„The beginning of a new life“, hét hún víst greinin sem ég var að reyna að segja strákunum frá, á meðan við röltum að leiðinni. Hún fjallaði um Þjóðverja sem var að byrja sumarið með því að klífa lummunu eftir sömu leið og við. Hann hrappaði í fjórðu spönn og lamaðist fyrir neðan háls.

„Æ, steinþegiðu Jón“, allir í kór.

Okkur fannst lumman góð. Við klifruðum NNA-hrygginn. Átta spannir á gegguðu graníti skiluðu okkur á tindinn, – á guidebókar tíma!“

AF LITUM

Palli keypti gular fjallgöngubuxur í bænum í dag.

Við sáum inni á Bar Nas og ræddum málín og aðrar óvæntar stefnur.

Jón: „Já en Palli, ég meina gular“.

Palli: „Hvers vegna ekki, maður verður að reyna að tolla í tískunni, það eru allir í svona.“

Við hinir, eða a.m.k. ég og Snævarr, sem ólumst upp við Continentallínuna, það er hnésiðar og ekki af áberandi litar buxur og rauðlita sokka, andvörpuðum og supum á bjór. Við höfðum þó mannast til að fá okkur skósíðar fjallgöngubuxur fyrir nokkrum árum, – en ekki gular!

Á Bar Nas viku og allmögum bjórum seinna.

Possi: „Pað er svo helv. gott efni í þessu“.

Snævarr: „Efni, blesðaður þetta er eins og æfingabuxur“.

Porsteinn hafði keypt tvennar buxur í bænum, einar bláar og aðrar bleikar, BLEIKAR ! Við Snævarr áttum ekki til orð.


Daginn eftir keypti Snævarr marglitár buxur og ég gular! Meira af marglitum útbúnaði átti eftir að fylgja. Ég var hættur að andmæla, því þegar öllu er á botninn hvolft, af hverju ekki að vera í einhverju léttu og þægilegu.

Frakkarnir kalla þetta að fara úr garnla tímanum í þann nýja. Ef til vill er það satt, eða eru þetta bara séðir kaupahéðnar sem eru að mjólkua aurana úr annars léttir pyngju fjallgöngumannanna? Ég veit ekki. En allavega koma sterkir litir betur út á myndum.

HOLIDAY RAP“

Rétt austan við Marseille á Miðjarðarhafsströnd Fraklands, er Cassis, lítill ferðamannabær. Á milli Cassis og Marseille er ströndin vogskorin og rísa þar krítarklettar úr sjó. Svæði þetta, Les Calanques, er eitt þekktasta klettaklifursvæðið við Miðjarðarhaf.

Við höfðum hrakist undan slagveðursslyddu frá „Cham“. Og nú höfðum við dvalið í Cassis í two daga, – í ausandi rigningu. Áður hafði ekki rígt þar í þrjá mánuði! Á þriðja degi tökum við ferju í Calanques; sólin er farin að skína á ný. Lof sé miskunn sólargaðsins.



I fyrstu morgunkímunni í hlíðum Chardonnet. Ljósm. Snævarr Guðmundsson.

Í víkinni „En Vau“ stökkvum við í land. Við klifrum slatta af leiðum yfir daginn. Og auðvitað sólar maður sig svo vel á milli.

Um kvöldið búum við um okkur á ströndinni, horfum út á hafið og bíðum eftir nóttinni. Í glymskrattanum er Sting að syngja „Bring on the night“. Stuttu síðar fer að hellirigna og það rignir alla nóttina. Ég dreg upp regnhlífina, Possi skríður í bívakk pokann, hinir hlaupa í skjól. Helv. var nóttin köld og blaут.


Rétt hjá þar sem við lágum úti um nóttina á ströndinni, var leiðin, La Conan. Upphaflega gráðuð 7a. en hafði svo fallið í 6b. og var nú gráðuð 6a. Snævarr hafði orð á því að rétt væri að reyna áður en leiðin lækkaði enn meir!

Snævarr komst upp og Palli í annarri tilraun.

Mér fannst eitthvað bogið við þetta allt saman. Eru mann hættir að klifra kletta og farnir að klifra tölur? Pað var komið að mér. Ég hugsaði með mér meðan ég batt mig í línuna. „Í raun eru bara til tvær gráður, annað hvort kemstu það eða ekki“.

Ég komst það ekki.

Possi fékkst ekki til að reyna, hjá honum var mottó dagsins að verða sólbrúnn á milli tánna.



Aig. du Chardonnet 3842 m. Ljósm. Jón Geirsson.

AIG. DU CHARDONNET

Austast á Mont Blanc svæðinu er lítið og fallegt fjall, Aig. du Chardonnet, 3.842 m.

Við klifruðum skemmtilega leið, gráðu D. á N-hlið fjallsins. Klifurleiðin er sígild og klifrið dæmigert alpaklifur, ísklifur og blandað klifur. Alls var leiðin 500 m löng.

Pennan dag var mjög kalt, Frakkarnir töluðu um vetraraðstæður. En það var bjart og sólina vantaði ekki. Klifrið upp tók tvær og hálfu klst. Á tindinum var loksins komin alpastemning í hópinn. Niðurferðin var sögulegri. Við fórum niður V-hrygginn og þurftum að síga niður nær alla leiðina. Tók það 6 klst. og var þá skriðjökullinn eftir.

Ég átti frekar naprar minningar um þennan skriðjökul. Fyrir þremur árum hafði ég reynt við þessa leið, einn míns liðs, en lenti í þrumuveðri og varð að snúa við. Hraktist ég yfir skriðjökulinn, örvaentingarfullur í þoku og slagveðursrigningu.

En nú var allt svo „hræðilega“ öruggt, og ég meira að segja með regnhlíf! Hana hafði mig vantað síðast.

AD DREPA ÆVINTÝRIÐ, EÐA EKKI

Við erum Homo Sapiens, tækjanotendurnir. Við þróum hluti til að auðvelda okkur erfiðið. Eins er farið með fjallgöngurnar. Frá upphafi höfum við ver-

ið að þroa útbúnað til að gera klifrið auðveldara og öruggara. Erum við að eyðileggja ævintýrið, eða ekki?

Upphaflega var nýr útbúnaður þroaður til og samfara því að erfiðari leiðir voru klifnar. En ekki til að gera mönnum áður klifnar leiðir léttari. Ef klifursagan er skoðuð, má sjá að þegar menn komu að „vegg“, þá þróuðu þeir útbúnað til að geta klifrað yfir „vegginn“. Pannig kom bogna blaðið á ísaxirnar, terrodactylarnir, vinirnir, kalkið og svo boltarnir. Sumt er kannski réttlætanlegt, annað kannski ekki.

Á Mont Blanc svæðinu skipta klifurleiðirnar þúsundum. Og þar sem þeirrar tilhneicingar hefur ætíð gætt hjá fjallamönnum að gera eitthvað nýtt, klifra nýjar leiðir eða á betri stíl, má fullyrða að allar augljósar línur á svæðinu séu þegar klifnar. En ekki allar. Hreinar klettaleiðir, eða hvað? Upp úr 1980 fóru menn að veita athygli sléttu veggjunum sem allstaðar voru. Heilu fjallsveggirnir og stundum bara ein leið upp. Síðan þá hefur orðið bylting. Á fjallsvegg þar sem fyrir var ein leið, skipta þær nú tugum. Til að geta klifrað þessa sléttu veggi, gripu menn til borsins og boltans. Pannig hafa orðið til hundruðir leiða í fjöllunum og einnig þúsundir nýrra hola af mannavöldum, með boltum í. Þarf varla að segja að allir eru ekki á eitt sáttir með þessa þróun.



Draumur eða veruleiki? Á Route Major á Mont Blanc.
Ljósm. Jón Geirsson.

Sennilegast hefðu þessar leiðir flestar, aldrei verið klifnar nema fyrir tilstilli bolta. Þó hafa þarna opnast nýir möguleikar. Leiðirnar sem flestar eru mjög erfðar, eru þess eðlis að þú klifrar þær klifursins vegna.

Ég persónulega er á bádum áttum en get þá á vissan hátt fellt mig við þessa þróun. En ef farið verður að setja bolta á leiðir sem hægt er að tryggja á annan hátt, eða leiðir sem klifnar hafa verið án þeirra, þá er örugglega verið að drepa ævintýrið. Sumir segja að segurðin og rómantíkin hverfi úr klifrinu á þennan hátt. Ég held að maður lærí að upplifa hana á annan hátt.

Ef þú ert ósammála, – þá vertu það.

„VOI RÉBUFFAT“.

Risavaxinn hundur stendur í dyrunum.

„Ég fer ekki hér inn“.

„Hvað er þetta maður, vertu bara fyrir aftan mig“. Við göngum inn, hundurinn þefar af okkur, en gleypir okkur ekki. Ég velti fyrir mér, síðan hvenær Possi hafi orðið maðurinn með breiða bakið. Hann sem venjulega er skíthráddur við hunda og ketti.

Við setjumst við borð úti í horni, sem lengst frá hundinum.

„Quatres biere, silver play“.

Pað er eitthvað sem pirrar mig, auðvitað, ég er enn í bullunum.

Afrek dagsins hafði verið ein af perlum svæðisins. Voi Rebuffat á suðurvegnum á Aig. du Midi, 250 m klettaleið á sléttu og sólbökuðu graníti.

Ég losaði um reimarnar. Þær höfðu verið reimaðar eins fast og kraftar voru til. Sjúkk, engin furða að maður hafði ekki getað hugsað eðlilega!

Palli: „Svona vil ég hafa leiðirnar, þessi dagur er búinn að vera frábær“.

Jón: „Ég bjóst nú við fleiri föstum fleygum á jafn mikið klifraðri leið“.

Snævarr: „Fannst ykkur ekki frábær fflingur að koma undan þakinu í annarri spönn og út í vegginn, hvað þetta var allt slétt og opið. Tókuð þið eftir lausa fleygnum á byrjuninni á „S“ sprungunni“?

Possi: „Laus, hann var sko laflaus, ég tók hann bara beint út. Og ég sem var að reyna að upplifa þennan veggjafiling, hann létt nú bara standa á sér“.

Jón: „Mér leið nú bara ekkert alit of vel þarna í „S“ sprungunni, ég meina, hún var svo þróng að maður rétt gat sultað fingurgómunum í hana. Svo var þetta svo bratt, að ef maður hefði runnið úr taki, hefði maður ekki snert bergið fyrr en línan hefði skellt manni í“!



Sólbaðað og geggað Granít. Rébuffat-leiðin á Aig. du Midi. Ljósm. Snævarr Guðmundsson.

Palli: „Hvaða gráða er á leiðinni“?

Snævarr: „Ef hún er klifruð frítt (eins og við gerðum), þá eru fyrstu fimm spannirnar af 5. gráðu og svo restin 4-4 +. Ég held að það hafi staðist ágætlega, Steini, hvað reyktirðu marga nagla?“

Possi: „Nagla, spurðu frekar hvað marga pakka. Ég reykti alveg rosalega, og ekki veitti nú af.“

Á síðustu spönninni villtumst við svoltíð og komum því ekki á toppinn fyrr en um 10 mín. í sex. Síðasti kláfurinn niður átti að fara kl. 6, en með því að bregða fyrir okkur spretthlauparafætinum, tókst okkur að reka „risastórutána“ í gættina og smjúga inn í sama mund og hann sveif af stað.

DAGAR

Pað rigndi í dalnum og snjóaði í fjöllin. Sennilega liðu nokkrir dagar uns klifurleiðir kæmu í aðstæður. Við freistuðumst þó til að reyna við Ryan-Lochmattar hrygginn á Aig. du Plan, 600 m langa klettaleið. Eftir 150 m snérum við til baka. Pað var snjór á öllum syllum og klettarnir blautir. Við reyndum auðvitað að horfa á björtu hliðarnar, Possi týndi myndavélinni og fann hana aftur á bakaleiðinni. En mórrallinn hafði samt verið upp og niður í hópnum. Við komum við í notalegum skála á leiðinni niður, Envers hut. Skálinn er staðsettur á klettasyllu, innan um fögur fjöll með aragrúa klifurleiða. Útsýnið þaðan er frábært, lítið af fólk og síðast en ekki síst, skálavörðurinn var gullfallegr stúlka.

Eftir þetta þurfti Snævarr að halda áleiðis til Lux.

ROUTE MAJOR

Pað byrjaði sem í daumi, eins og svo oft áður. Í draumum gengur stundum allt svo vel, allt er svo öruggt. En til að draumur gleymist ekki, þurfa að vera átök, líkamleg og andleg. Einnig efablandin augnablik, sorg og gleði. Ég kleip mig í eyrað, var mig að dreyma? Ég ákvað að mig væri að dreyma. Porsteinn las guidebókina, svona rétt einu sinni enn til að fullvissa sig. Alltaf leit hann í efnisyfirlitið þótt hann vissi nákvæmlega á hvaða blaðsíðu leiðarlýsingin var. Hann var farinn að gera vart við sig, stóruleiðar-fiðringurinn. Pað væri nú meiri Alpaferðin, ef hann kæmi nú ekki.

„15 m, slúttandi horn, 5 gr.“ „Pað getur nú ekki verið?“ Ég velti mér á hina hliðina, hélt það.

Mér fannst ég ekkert vita hvað tímanum leið, við urðum bara að halda áfram. Auka hráðann, uns við næðum yfir gilið. Þegar sólin fær að skína myndi byrja hrun úr íshömrum efst í Brenvahlíðinni. Gilið var eins og trekt fyrir íshrun að ofan. Nú þegar var stöðugur straumur af lausasnjó niður gilið þegar við klifruðum yfir. Nokkrar spannir á bröttum íslám

skiluðu okkur upp á hrygg. Petta gekk eins og í draumi, kannski var Óli Lokbrá líka með okkur?

Sólin var að koma upp. Við vorum komnir í leiðina og nú færri klifrið að hefjast fyrir alvöru. Og nú hófst tíminn þar sem maður upplifir sjálfan sig og fjallgönguna. Tíminn, þar sem maður er svo opinn fyrir landslaginu að umhverfið beinist beint í að. Nú var auðvelt að svara spurningunni eilífum. Hvers vegna ertu að þessu?

Framundan eru brattir íshryggir, sem klettabrep, 4 talsins, slíta í sundur og stækka þegar nær dregur. Pað efsta eins og mikill turn upp af hryggnum. Sem í draumi, þá eru augnablik sem standa upp úr.

Ofarlega á hrygnum.

Ég tek eftir skemmtilegu glitri í ískristöllunum, aðeins neðar eru strákarnir á leiðinni upp til mína. Í baksýn, N-veggur á Eckpfeiler, Peuterey hrygginn og við endann á honum, Aig. Noir de Peuterey. Petta allt hafði ég séð áður, en aldrei jafn fallegt og nú. Birtan af fyrstu geislum sólar er einstök. Ég tók upp myndavélina.

Í efsta klettabeltinu.

Ég var búinn að leiða upp 3 spannir, orðinn vel stemmdur og naut klifursins. Skyndilega er ég kominn í erfiða aðstöðu. Ég hafði klifrað upp gróf að slútti, 7 m fyrir ofan millitryggingu. Pað var nýr snjór á klettunum og ég klifraði berhentur. Og svo fékk ég naglakul. Smáam saman færðist tilfinningin fram í fingurgóma og sársaukinn sem því fylgdi var óþoland. Ég reyndi að óskra (það hefur oft reynst vel) til að dreifa huganum. Ég fór að huga að millitryggingu. Allt sem ég hafði var eitt sling en engin kárbína. Mér tókst að „jamma“ slinginu fast í sprungu og batt það svo um línuna. Með undirtaki undir slúttinu og að húkka ísóxinni upp fyrir mig, gat ég vegið mig upp, hreinsað snjó af annarri handfestu, gripið í klifrað upp.

Að lokum tók leiðin enda. Þar sem klifurleiðin hafði verið takmark okkar, voru það því örloð að fara á tind Mont Blanc, og þaðan svo einu leiðina niður.

Ég var kominn með greinileg einkenni hæðarveiki. Síðustu 200 m upp tóku því geysilega á. Færði var líka orðið slæmt. Öll míni hugsun snérist um næsta skref, að hitta í slóðina sem Possi trúð og halda í við Palla. Eftir stendur minningin og reynslan.

Minningin um drauminn sem rættist, um klifrið á Route Major, einhverri stórkostlegustu klifurleið í Ölpunum.

Reynslan, sennilega er það eitthvað sem hver á út af fyrir sig, og menn leggja mismikið upp úr. Fjallgöngumaðurinn safnar reynslu með árunum. Í þetta skipti nældum við okkur í stóran skammt.

Kilimanjaro – Tansanía

EFTIR JÓN VIÐAR SIGURÐSSON

Eitt þeirra erlendu háfjalla, sem Íslendingar hafa verið duglegir við að klífa á undanförnum árum er fjallið Kilimanjaro í Tansaníu. Það helsta sem dregið hefur fjallgöngumenn til fjallsins er hæð þess (5895 m), hversu auðvelt það er uppgöngu og að til-tölulega auðvelt er að komast að því.

Sumarið 1986 fór ég ásamt félaga mínum Gunnari Guðmundssyni til Tansaníu í þeim erindagjörðum að ganga á Kilimanjaro. Við hófum undirbúning undir ferðina rúmum 10 mánuðum fyrr brottför enda þarf að hyggja að mörgu.

Hægt er að fljúga beinustu leið að rótum Kilimanjaro frá Evrópu. Það eru þrjú flugfélög sem halda uppi þessum samgöngum: KLM frá Hollandi, Sabena frá Belgíu og Ethiopian Airlines frá Pýskalandi. Hagkvæmast fyrir okkur var að fljúga með KLM og útveguðum við okkur ódýra farmiða hjá hollenskri ferðaskrifstofu. Verðið var um 30.000 ísl. kr. (jan. 1986). Betra er að panta miða snemma því

að þegar við bókuðum far í desember, 7 mánuðum fyrir ferðina, vorum við settir á biðlista. Þegar við lásum okkur til um fjallið notuðum við mest tvær bækur: „Guide to Mt. Kenya and Kilimanjaro“ sem gefin er út af kenýskum fjallklúbbi og svo þýsku bókina „Kilimandscharo“ eftir Hans E. Rübesamen. Kort af fjallinu pöntuðum við frá breskri kortabúð.

Íslendingar þurfa ekki að hafa vegabréfsáritun til að komast inn í Tansaníu en hafa ber í huga að starfsmenn útlendingaeftrirlits í Tansaníu hafa litla hugmynd um hverjir þurfi að hafa vegabréfsáritun og hverjir ekki. Með því að múa þeim lítilsháttar ættu þó öll vandamál að leysast. Til að hlutirnir gangi eðli-lega fyrir sig á meðan menn dvelja í landinu þarf að múa opinberum starfsmönnum af og til. Benda má á að fjallið er alveg við landamæri Kenýu, en til að komast þangað þurfa Íslendingar að hafa vegabréfsáritun.



Kibo, hæsti tindur Kilimanjaro, 5895 m á hæð. Myndin er tekin í tæpum 4000 m. Ljósm. Gunnar Guðmundsson.



Á svokölluðum „söðli“. Mawenzi 5147 m í baksýn. Ljósm. Gunnar Guðmundsson.

Pó flogið sé beint að rótum fjallsins þurfa menn að koma sér frá flugvellinum til bæjarins Moshi og svo áfram til Marangu en þaðan leggja flestir á fjallið. Um tvenns konar farartæki er að ræða: rútur (skröltormar) og leigubíla. Erfitt er að ferðast með rútunum vegna þess að oftast eru þær yfirfullar af fólk. Að ferðast með leigubílum er jafnvel verri kostur vegna þess hve glæpsamlega dýrt það er. Ástæðan fyrir þessu háá verði er sú að bensín er ill- eða jafnvel ófáanlegt í landinu.

Mikið er af hótelum og gististöðum á þessum slóðum og er yfirleitt ódýrt að dvelja á þeim. Maturinn sem þeir innfæddu elda er oftast ágætur en þó ber að varast að borða á finnstu hótelunum því kokkarnir sem þar starfa kunna engan veginn að elda. Ekki er á það hættandi að drekka vatn vegna þess að lifrabólga er mjög algeng á þessu svæði. Vatn í lækjum og vatnsbólum á fjallinu er hins vegar öruggt.

Sá þjóðflokkur sem býr við rætur Kilimanjaro nefnist Chagga. Tungumálið er Kiswahili en flestir kunna eitthvað í ensku.

Allir, sem ganga á fjallið verða að greiða ýmis gjöld til yfirvalda: Aðgangseyri, daggjald, gistigjöld, björgunargjald og gjöld vegna leiðsögu- og burðarmanna. Samtals voru þetta um \$150 á mann. Kaup til tveggja burðarmanna og eins leiðsögumanns voru samtals 1.000 ísl.kr. fyrir 6 daga.

Velja má um margar leiðir á fjallið þ.á.m. nokkrar erfiðar kletta- og ísklifurleiðir. Við völdum hins vegar auðveldari leið. Gangan á fjallið hefst í 1.550 m hæð og er því lóðrétt hækken 4.350 m.

Við Gunnar vöktum mikla athygli hjá öðrum sem voru að ganga á fjallið vegna þess að við bárum mest-allt dót okkar sjálfrir og það sem merkilegra var, að við elduðum sjálfrir ofan í okkur. Til hvers að hafa fyrir hlutunum þegar nóg er af svertingjum til að snúast í kringum fólk? Á þessu má sjá hvers konar fólk gengur á fjallið. Aðeins brot af því hefur stigið á fjöll áður. Það kom okkur því ekki á óvart þegar við skoðuðum skrár yfirvalda í Marangu, að aðeins tíundi hver af þeim sem leggja á fjallið kemst alla leið á hæsta tindinn, Uhuru.

Besti tíminn til að ganga á fjallið er frá júlí til október og svo aftur frá desember til febrúar. Á öðrum tímabilum rignir mikið. Hafi menn lausan tíma eftir að hafa gengið á Kilimanjaro, má nota hann til margs. Skammt vestan við Kilimanjaro er fjall sem nefnist Meru (4.556 m.) og má ganga á það á 2-3 dögum. Mikið er af frægum þjóðgörðum í nágrenni Kilimanjaro svo sem: Serengeti, Lake Manyara og síðast en ekki sést Ngorongoro sem er stórbrotinn gígur, 16 km. í þvermál og 600-700 m djúpur. Það þarf því enginn að láta sér leiðast í Tansaníu.

Ísalp 10 ára

Íslenski Alpaklúbburinn var stofnaður 11. mars 1977 og er því 10 ára á þessu ári. Af því tilefni fengum við fimm félaga í klúbbnum til þess að spjalla um málefni klúbbsins.

Var tilgangnum með stofnun Alpaklúbbins náð? Hvað hefur áunnist og hvað hefur skort á þessum bernskuárum? Hverjir eru mikilvægustu þættirnir í starfinu? Hefur klúbburinn náð til félaganna? Hvernig verður framtíðin? Verður Íslenski Alpaklúbburinn við lýði eftir önnur 10 ár.

Petta og önnur málezni fengum við eftirtalda fimm aðila til að spjalla um:

Guðjón Ó. Magnússon hefur verið formaður Alpa-



*klúbbsins síðastliðin 8 ár og gjörþekkir því starfsemi-
na á þessum fyrstu árum. Guðjón var á árum áður
virkur klifrari, en hefur nú seinni ár snúið sér að
lengri fjallgöngum og gönguskíðaferðum um há-
lendið.*

Arnór Guðbjartsson er gamall keppnisskíðamaður, sem kynntist Alpaklúbbnum fyrst í gegnum skíðamennskuna. Arnór er meðal brautryðjenda í fjalla-skíðaferðum hérlandis. Hann tók þátt í íslenskum leiðangri á Mount McKinley 1979 og komst einn Íslendinga á tind fjallsins (6194 m).


Björn Vilhjálmsson hefur verið félagi í Alpakuðnum svo til frá stofnun hans. Björn var í stjórn ÍSALP 1979-1980 og aftur frá 1986. Björn dvaldi við nám í Danmörku á árunum 1981-1985 og stundaði þá mikil klettaklifur viðsvegar á meginlandi Evrópu. Þar kynntist hann og starfsemi danska Alpakuðbsins.

Jón Geirsson hefur verið einn af ötulustu kliffrurum klúbbsins undanfarin ár. Einn af þeim, sem aldrei missa úr helgi. Jón tók þátt í íslenskum leiðangri til Perú 1985 og öðrum til Nepal á þessu ári. Jón sat í stjórn ÍSALP á árunum 1984-1987.


Páll Sveinsson byrjaði sinn klifurferil norðan heiða og gekk ekki í Alpaklúbbinn fyrr en hann flutti suður 1983. Páll er mjög virkur klifrari og einn af boðberum hinnar nýju frönsku bylgju í klettaklifri. Páll hefur setið í stíðri ÍSALP frá 1986.

Fyrir hönd ritnefndar sáu þeir Kristinn Rúnarsson og Snaðvarr Guðmundsson um að leiða umræðurnar.

Arnór Guðbjartsson.



Guðjón Ó. Magnússon.



Björn Vilhjálmsdóttir.

Snævarr: Guðjón! Hvaða sveiflur í fjallamennskunni urðu til þess á sínum tíma að klúbburinn var stofnaður?

Guðjón: Ég get náttúrulega ekki svarað fyrir þá sem stofnuðu klúbbinn vegna þess að ég tók ekki þátt í undirbúnungi að stofnun hans, en mig grunar að eitt af aðalmarkmiðunum hafi verið að stuðla að ferðum í Alpana. Alpaferðir voru nýbyrjaðar á þessum tíma og það var ákvæðinn kjarni, sem hafði mikinn áhuga á þessum ferðum og þeir tóku sig til og stofnuðu þennan klúbb.

Arnór: Í framhaldi af því að reynsla þeirra úr heimsókn í Alpana hafði sýnt þeim fram á það að þar störfuðu klúbbar sem voru með skála og annað. Ég held að það hafi langað að hrinda slíku af stað hér.

Kristinn: Hvernig kynntust þið klúbbnum og hvenær genguð þið í hann?

Björn: Ég kynntist klúbbnum gegnum fyrirspurnir í Skátabúðinni á sínum tíma. Ég man að fyrst þegar maður var að byrja að pæla í þessu var maður alltaf að snudda uppi í Skátabúð. Og þá voru Palli og Helgi að segja að það væri búið að stofna einhvern klúbb. En þetta tók voða langan tíma, það tók mig alveg heilan veturn að nálgast klúbbinn. Ég fékk aldrei nákvæmar upplýsingar hvenær fundir voru og maður þorði ekki að spryja, vegna þess að maður hélt að

maður þyrfti að vera búinn að fara um fjöll og firnindi fyrst. Ég gekk svo í klúbbinn haustið 1978.

Kristinn: Já, maður hefur oft heyrt þetta sjónarmið. Að menn væru dálítíð hræddir við klúbbinn vegna þess að þeir haldi að þar væru einungis garpar.

Arnór: Ætli það sé ekki vegna þess, að menn halda að þetta sé eitthvað annað en það er. Að þetta séu svona ofurmenni.

Björn: Maður hélt náttúrulega að engin reynsla sem maður hafði kæmist í hálfkvisti við þá sem menn í Alpaklúbbnum hefðu.

Guðjón: Það gerir kannski nafnið líka, Alpaklúbburinn. Fólk hefur kannski haldið að það væri klúbbur sem væri eingöngu í Ölpunum og þar sem það hefði ekki farið þangað ætti það ekki erindi í klúbbinn. Þetta hefur kannski virkað þannig út að við.

Jón: Ég hef nú ekki heyrt það. Ég byrjaði 1979. Þá var maður búinn að heyra um klúbbinn og þekkti nokkra sem voru í honum. Maður hélt að þetta væru einhverjur garpar.

Arnór: Ég byrjaði 1-2 mánuðum eftir stofnfund. Þá var haldinn kynningarfundur sem ég sótti, vegna þess að stofnfundurinn fór framhjá mér. Ég hafði þá gengið mikil að fjöll en aldrei í þeim skilningi sem fjallgöngur eru. Mitt markmið var alltaf að finna góða leið niður til að renna mér á skíðum. Pegar

maður komst svo í kynni við þessa drengi víkkaði það mikið fjallamennskuna. Þá hófust fjallgöngurnar fyrir alvöru og maður lærði að nota þau hjálpartæki sem þarf til þess að stunda fjallgöngur á öruggan hátt.

Snævarr: En hvernig er það með þig Guðjón, breytti klúbburinn einhverju í þinni fjallamennsku?

Guðjón: Já og nei. Ég mætti á stofnfundinn í mars 1977. Sá auglýsingi í blöðunum um fundinn og hafði heyrt um þessar ferðir í Alpana. Mig langaði sjálfan að fara í Alpana og prófa þetta og að því leyti breyttist fjallamennskan hjá mér, að ég fór að hafa meiri áhuga á klifri. Seinna meir sá ég síðan að það hentaði mér ekki beinlínis og hef þá aftur farið meira út í erfidari fjallgöngur og skíðagöngur.

Kristinn: En Palli, hvernig kynntist þú klúbbnum?

Páll: Kynni míni af klúbbnum komu eiginlega í beinu framhaldi af því sem ég hafði verið að gera fyrir norðan. Ég gekk ekki í klúbbinn fyrr en ég kom hérna suður 1983. Ég varð alls ekki var við þetta ofurmannaálit á klúbbnum sem þið eruð að tala um.


Björn: En þú hefur þá verið farinn að klifra talsvert áður?

Páll: Jú, jú, ég var búinn að klifra þó nokkuð mikið áður en ég kem suður.

Kristinn: Klúbburinn hefur þá kannski ekkert verið auglýstur fyrir norðan?



Jón Geirsson.



Páll Sveinsson.

Páll: Fyrir fjallamenn á norðurlandi er klúbburinn mjög óraunhæfur. Þær fréttir sem maður fær í gegnum blaðið og fréttabréfin eru allar af fólk sem maður þekkir ekki. Maður getur alveg eins lesið fjallabækur eða erlend tímarit eins og að lesa hvað sé að gerast fyrir sunnan. Petta er alveg jafn fjarri manni.

Björn: En hvernig byrjaði þetta þarna fyrir norðan hjá ykkur?

Páll: Gegnum björgunarsveit. Þegar ég byrja, eru þarna 3 menn sem höfðu stundað klifur í 2 ár, frá því að þeir voru 14 ára gamlir. Ég lendi inni í þessum hóp, næ helvítí góðu starti og er á fullu með þeim í 2 ár. Hef ekki hætt síðan.



Kristinn: Eins og þú sagðir áðan Guðjón, þá var klúbburinn stofnaður kannski fyrst og fremst utan um þessar væntanlegu Alpaferðir. Nú hafa þau viðhorf mikið breyst. Hvað finnst ykkur að ætti að vera mikilvægasti þátturinn í starfi klúbbins. Hvað er það sem heldur Alpaklúbbnum saman?

Guðjón: Það eru nokkrir þættir held ég, sem halda klúbbnum gangandi. Þar er fyrst að nefna húsnæðið hér á Grensásveginum þar sem eru haldin opin hús og félagar geta hist og rætt málin, skipulagt ferðir



Á Kirkjufelli við Grundarfjörð í ferð á vegum Ísalp 22. apríl 1978. Á myndinni eru talið frá vinstri: Þór Ægisson, Ágúst Sigurðsson (fremri röð), Ævar Aðalsteinsson (aftari röð), Snævarr, Helgi Ben, Rúnar Nordquist, Örvar Aðalsteinsson, Grímur Laxdal (aftast), Már Guðmundsson, Sigurður Hólmsteinsson og Finnur Nikulásson.

o.þ.h. Einnig eru það byrjendanámskeiðin. Ég held að þau séu mjög mikilvægur þáttur. Að fólk sé gefinn kostur á að læra grundvallaratriðin. Pegar þeim er lokið, þá vildi ég helst sjá fólk halda áfram á eigin spýtur. Það á ekki að skipuleggja hlutina fyrir það. Pannig held ég að klúbburinn eigi að starfa. Hann á ekki að vera með of mikið í gangi. Fjallamenn eru í eðli sínu einfifarar og láta ekki stjórna sér. Ég held að þetta séu aðalatriðin.

Kristinn: Eruð þið sammála? Hvað með blaðið?

Arnór: Já, hins vegar finnst mér að klúbburinn megi áfram vera vettvangur fyrir menn þó að þeir séu komnir aðeins af stað og hafi lokið byrjendanámskeiðum. Klúbburinn á að vera leiðandi í fræðslu bæði fyrir byrjendur og ekki síður fyrir þá sem eru lengra komnir. Það vantar að menn fái leiðsögn í því að gera erfiðari hluti.

Það er svo aftur spurning, eins og kemur fram hjá Palla, hvort landsbyggðin hafi ekki orðið útundan. Klúbburinn ætti kannski að stefna að því að halda námskeið í hverjum landsfjórðungi. Kynna starfsemina og kynnast þeim aðilum sem eitthvað eru að fikta við þetta á hverjum stað. – En almennt séð held ég að klúbburinn hafi gert góða hluti í gegnum tíðina, þó starfsemin hafi ekki verið öflugri en raun ber vitni.

Kristinn: Þér finnst semsagt sem það vanti eitthvert

framhaldsskref fyrir þá sem koma á byrjendanámskeiðin? Það er allavega mjög áberandi hversu margir það eru, sem koma á eitt námskeið og sjást svo ekki meir.

Arnór: Nú veit ég ekki hvernig það er, ég fylgist ekki það vel með, en ég hefði haldið að það væri þörf fyrir að klúbburinn stæði fyrir einni svona merkilegri ferð á ári, til þess að gefa þessu fólk kost á að reyna sig undir verndarvæng klúbbsins.

Snævarr: Petta er nú stefnan. Petta-klúðraðist þó núna í vetur vegna þess að vetrarfjallanámskeiðinu var frestað um tvær vikur á síðustu stundu.

Páll: Það er líka annað í sambandi við þessi byrjendanámskeið. Ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu mikilvæg þessi námskeið í raun eru, fyrr en nú um helgina (Palli hafði verið að kenna á vetrarfjallamennskunámskeiði helgina fyrir umræðurnar). Petta kemur byrjendum alveg svakalega vel.

Jón: Það er eitt sem ég vildi sjá meira af í klúbbnum í framtíðinni. Nú á fjallamenna á Íslandi sér litla sögu, þó að hún hafi verið stunduð í 30 ár meðan Fjallamenn voru og hétu, – og er rækilega skráð í bókinni hans Guðmundar (Fjallamenn eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal). Práðurinn dettur hins vegar niður, en byrjar svo aftur, en það er ekki komin nein saga, ekki nein hefð. Hún skapast ekki nema það séu einhver skoðanaskipti og umræður. Mér

finnst vanta að klúbburinn beiti sér meira fyrir skoðanaskiptum og umræðum. Til þess mætti nota miðvikudagskvöldin. Eins og þetta er núna, þá er verið að keppast við að hafa alltaf eitthvað efni. Gallinn er bara sá, að það eru orðnir svo margir þiggjur en fáir gefendur, að þetta lendir alltaf á sömu mönnunum, sem verður svo aftur til þess að þeir nenna ekki að standa í þessu. Í dag hvílir allt starfið á 10-15 mönnum og ef þeir bregðast þá fer allt í kross. Þess vegna finnst mér að það eigi að vera með opnar umræður nokkur miðvikudagskvöld, hafa eitthvert umræðuefni og fá virkilega vel undirbúinn mann til að brydda upp á einhverju til að ræða um.

Arnór: Ég er alveg sammála þessu. Ég sit t.d. heima og miðla engu, – og ég held að það sé þannig með fleiri. Það verður einhvern veginn að reyna að vekja áhugann hjá þessum mönnum aftur og virkja þá í starfinu. Ég held að þetta eigi kannski að vera eitt af aðalmarkmiðum klúbbsins, – og nauðsynlegt til að klúbburinn haldi velli, en loginst ekki út af.

Kristinn: Ég hef tekið eftir því að þegar maður, sem hefur verið virkur í klúbbnum og setið í stjórn eða einhverri nefnd, hættir, þá sést hann ekki meir. Það er eins og við séum alltaf að tapa þeirri reynslu sem er búið að byggja upp á nokkrum mönnum. Er klúbburinn kannski einfaldlega of ungur ennþá?

Guðjón: Verður þetta ekki alltaf svona með klúbbum, sem starfar á þennan hátt. Það er mest ungt fólk, sem stundar þetta og mest ungt fólk sem hefur tíma til að stunda þetta. Svo þegar það hættir í skóla eða byrjar að búa, minnkar tíminn, önnur áhugamál taka við og það hættir. Við ráðum ekkert við að fólk missi áhugann og hætti að ferðast, hvort sem það er með klúbbnum eða einhverjum öðrum.

Arnór: Ég veit það ekki, þetta er líklega tíðarandinna í dag. Það virðist vera ríkjandi hjá ungu fólk, að um leið og námið byrji þurfi það að hætta öllu. Sjáid bara íþróttafréttirnar, sá sem hefur náð 30 ára aldri er orðinn algjör gamlingi. Og framsetningur er þannig að þá eigi menn helst ekki að vera í þessu lengur. Ég held að þetta sé rangur hugsunarháttur.

Snævarr: En er ekki rík tilhneiting hjá íþróttamönnum, sem nú orðið þurfa að leggja miklu meira á sig en ádur, að gefa allt upp á bátinn, ef þeir eru ekki í fremstu víglínu.

Arnór: Fjallamennska býður upp á það að vera ekki endilega stunduð í fremstu víglínu. Þú ert að gera þetta fyrir sjálfan þig og engan annan. Petta er ekki fjölmiðlasport, sem verið er að auglýsa og það er ekki verið að keppa. Pannig að menn ættu að geta haldið áfram en ættu ekki að þurfa að hætta.

Björn: Mér finnst líka oft á tíðum, þegar verið er að ræða saman á miðvikudagskvöldum, hvort sem það er um síðfræði, klifur eða hvað sem er, að það eru alltof fáir sem leggja eitthvað til málanna. Maður

gæti ímyndað sér, að margir þyrðu hreinlega ekki að hafa skoðun á málinu vegna þess að þeim finnist þeir ekki vera alveg í eldlínunni og þess vegna ekki geta sagt neitt frá sínum bæjardyrum séð.

Kristinn: Petta er það sama og við heyrum, þegar við biðjum menn um að skrifa í blaðið. Enginn getur skrifaað neitt vegna þess að hann hefur ekki verið að gera neitt merkilegt!

Arnór: Petta kemur líka til af reynsluleysi einstaklinganna. Þeir hafa ekki þurft að skrifa neitt ádur og eiga því erfitt með að tjá sig um efni.



Kristinn: Nú er starfsemi klúbbsins orðin nokkuð fastmótuð. Eruð þið með einhverjar hugmyndir um nýja hluti, sem ættu að koma inn í starfsemi klúbbsins eða eruð þið sáttir við starfsemina eins og hún er nú?

Björn: Ég held t.d. að það hafi orðið mikil breyting til batnaðar í gegnum tíðina með námskeið klúbbsins. Fyrstu námskeiðin voru meira svona björg unarsveitar(orienter), á 2 daga námskeiði fór alveg einn og hálfur dagur í að læra björgun!

Arnór: Petta var náttúrulega vegna þess að megin kjarninn kom úr björgunarsveitunum.

Björn: Já, það var náttúrulega þaðan sem þeir höfðu sína kunnáttu. Mér fannst það hins vegar ekki vera fyrr en eftir komu Sam Crimble hingað, að við fórum að sjá aðrar aðferðir í námskeiðahaldi, – a.m.k. í ísklifri. Par kippti hann raunar alveg fótunum undan sumum aðferðunum, sem notaðar höfðu verið ádur. Við höfðum t.d. alltaf eytt talsverðum tíma í björgun úr sprungu, vorum alltaf í línu o.s.frv. Sam lagði hinsvegar mikla áherslu á að menn væru með klifurtækin í höndunum og fengju tilfinningu fyrir þeim. Æfðu sig í stuttum leiðum og hreyfingum, en væru ekki í löngu klifri með línu, í raun ádur en þeir hefðu fengið tilfinningu fyrir þeim tækjum sem þeir voru með í höndunum.

Snævarr: Eins hafði Bill Sumner mikil áhrif.

Björn: Já, hann kom á undan.

Jón: Ég held að námskeiðin séu komin í nokkuð góðan farveg. Það er búið að stokka þau svotil alveg upp.

Páll: Það kemur sér mjög illa, eins og með þetta námskeið um helgina, að kennararnir eru allir nýir menn, sem ekki hafa séð um námskeið ádur.

Jón: Petta er einfaldlega vegna þess að það eru ekki nema svona 10 menn, sem hafa verið að kenna og eru enn virkir í klúbbum.

Arnór: Svo er það nú kannski spurning hvort gert sé nóg af því að leita til eldri félaga með námskeiðahald. Bæði gæti það orðið til að endurvækja áhugann hjá þeim og eins til að dreifa starfinu, svo það lendi ekki allt á þessum 10-15, sem allt hvílir á.



Vetrarfjallamennskunámskeið í Skarðsheiði 1983. Leiðbeinandinn Torfi Hjaltason „gnæfir“ yfir hópinn fremst á myndinni. Úr myndasafni Torfa Hjaltasonar.

Snaevarr: Þá vitum við, við hvern við eignum að tala næst . . .

Arnór: Já, einu sinni var maður beðinn um þetta, en nú er maður aldrei spurður. – Ég er ekki að segja að maður sé alltaf fús.

Björn: Einmitt, ég held að það sem gerist svona ómeðvitað, er að þegar menn fara að sjást sjaldnar er þeim alveg sleppt, í stað þess að taka aðeins utan um þá og halda þeim við efnið.

Jón: Mér finnst að það mætti vera meira um vandaða félagsfundi, sem haldnir væru í stærri sal úti í bæ. Petta þyrftu að vera svona 2-3 fundir á vетri, þar sem væri kannski einhver fræðsla eða virkilega vönduð myndasýning. Það þyrfti að tala við menn strax á haustin og gefa þeim góðan tíma til að undirbúa og hugsa um þetta. Það gæti t.d. verið sniðugt að tvinna saman smáfyrirlestri um eitthvert málefni og svo myndasýningu.

Arnór: Já, það getur farið vel saman að vera bæði með fyrirlestur og myndasýningu í sömu dagskránni. Pessar löngu myndasýningar virðast ekki hafa alltof mikil jákvæð áhrif.

Snaevarr: Mig langar að spryja ykkur hvern og einn, hvað ykkur finnst að hafi áunnist á bernskuárum klúbbns og hvort þið sjáð klúbbinn í svipuðu ljósi nú og fyrir nokkrum árum, jafnvel 10 árum.

Guðjón: Já, eins og ég nefndi þarna áðan, þá var klúbburinn stofnaður aðallega til þess að stuðla að utanlandsferðum í Alpana. Ég held að markmiðin hafi breyst talsvert síðan og séu núna þau að stuðla að meiri fjallamennsku almennt. Það eru náttúrulega fleiri utanlandsferðir nú en áður fyrr, þó að klúbburinn sé ekki beint í því að skipuleggja ferðir, og því má segja að upprunalega markmiðinu hafi verið náð. En ég held að almenna markmiðið hafi einnig náðst og að fjallamennska sé nú öflugri á landinu almennt en áður.

Snaevarr: En finnst ykkur að það sé meiri þrýstingur á menn, að fara að gera einhverja stærri hluti nú, heldur en áður.

Arnór: Alls ekki.

Björn: Ég hélt, þegar ég kom í klúbbinn á sínum tíma, að það væru miklu fleiri menn sem væru að klifra. Í raun voru þetta sárafáir menn sem stunduðu klifur að einhverju ráði. Mér finnst hins vegar að það hafi verið þó nokkur aukning í þessum hópi. – að vísu ekki nógum mikil. Peir eru ennþá teljandi, ég segi ekki á fingrum og tám en það liggur við, sem stunda klifur að einhverju ráði í dag. En það er samt sem



áður kominn meiri andi í það að gera eitthvað erfiðara, þróa þetta aðeins og halda standardinum. Það er meiri klifurhugur í mönnum.

Arnór: Mér finnst sóknin vera mest í tækniklifri, erf-iðari klifurleiðum, – og þá á ég bæði við klettaklifur og ísklifur. Hins vegar hefur sóknin í svona meiri-háttar fjallgöngum síst verið meiri nú en áður. Þær hafa orðið útundan í þróuninni síðustu ár.

Snævarr: En verðið þið eitthvað varir við að t.d. umfjöllun í blaðinu um klifur hafi einhver neikvæð áhrif á þá sem standa fyrir utan klúbbinn eða þá með-limi er stunda ekki Grensásveginn? Að þeim finnist að þeir séu á röngum vettvangi.

Páll: Það getur kannski verið í þeim tilfellum sem menn þekkja ekkert til klúbbsins og þekkja engann í honum.

Arnór: Já, en ég hef líka tekið eftir því að þetta vek-ur unga stráka til áhuga. Peir byrja á að safna að sér alls konar græjum og drasli áður en þeir ganga í raun-inni í klúbbinn. Peim finnst þeir einhvern veginn ekki vera menn með mönnum fyrr en þeir eru búinir að eignast alla þessa hluti sem síðan eru lítið notaðir þegar farið er raunverulega að stunda klifur.

Björn: Petta hefur nú loðað við marga fleiri, – maður á nú til dálítið af græjum þó að . . .

Arnór: Ég hef séð þetta ansi oft á námskeiðunum, ég tala ekki um að björgunarsveitarnar eigi í hlut. Það er alltaf stórmál í kringum allar þeirra aðgerðir og allt það græjudrasl sem í kringum þær eru. Svo fer mað-ur á námskeið erlendis og þar ganga fjallanámskeið-in út á það að gera einstaklinginn hæfan í að nota það sem hann er með og vera þá bara með lágmarksút-búnað. Ég held reyndar að við Helgi (Benediktsson) höfum staðið þrívegis fyrir fjallaskíðanámskeiðum og fengið einn þáttakanda í þessi þrjú skipti! Það eru ís- og klettaklifurnámskeiðin sem heilla þessa ungu stráka, enda er græjufíknin þar allsráðandi.

Björn: Ég held að tilhneigingin sé sú að menn vilji bæta sér upp getuleysið með græjunum. Menn geta ekki farið í kletta nema eiga túttur, svo geta menn ekki klifrað þessa leið nema eiga fullkomið sett af hnetum – og í rauninni fara sumir aldrei lengra, en að setja græjurnar í pokann.

Kristinn: En eins og Arnór sagði áðan, þá hefur sóknin í þessar hefðbundnu fjallgöngur ekki verið mikil undanfarin ár. Er þetta kannski afleidning af því sem maður hefur séð að er að gerast úti í heimi að fjallamennska er að greinast í sífellt sérhæfðari greinar, sem menn þá einbeita sér eingöngu að?

Arnór: Sportið er komið í sérgreinar, það er alveg greinilegt. Við þurfum bara að líta á þessi fjallarit, þá sjáum við að klettaklifrið er sér, ísfossaklifrið er sér og fjallaskíðasportið er sér. Petta eru orðnar sérgreinar út úr sama stofni.

Björn: Það sem er orðið öðruvísi en áður var, þegar

menn gripu í þetta allt saman, er að nú er mikið meira um „sérfræðing“ á hverju sviði. Sumir kletta-klifrarar fara aldrei í klossa eða upp í snjó, – og fara kannski ekki út nema í sól . . .

Jón: Það er nú ansi erfitt hér á Íslandi.

Björn: Já, en ef maður skoðar þetta í stærra sam-hengi þá sér maður að það eru til menn, sem eru al-hliða og svo eru líka til sérfræðingar sem stunda bara eina grein.

Jón: Pið sjáid það hjá þessum ungu strákum sem koma hingað. Það er áhuginn á klifri, en ekki fjall-göngum sem dregur þá hingað. Hins vegar held ég samt að það sé enn mikill áhugi á fjallgöngum, bæði hjá öðrum félögum og fólk sem er ekki í klúbbnum.

Björn: Það má nú líka sennilega leiða rök að því að þeir sem mæta hérna mest, eru kannski þeir sem eru búinir að ýta fjallamennsku til hliðar og eru að sér-hæfa sig meira. Peir eru um leið leiðandi í umræd-unni og stýra þá um leið áhuganum hjá öðrum sem mæta hér. Ég meina, ef það er aldrei talað um annað en fríklifur í nágrenni Reykjavíkur, hentuga ísfossa nálægt bænum eða Stardal, þá er viðbúið að þessir nýju sem koma heyri aldrei neitt annað. Peir heyra ekki talað um þessar stóru fjallgöngur og erfiðar skíðagönguferðir.

Jón: Það er greinilegt með þessar erfiðu skíðagöngu-ferðir að það er engin endurnýjun, – þetta eru alltaf sömu meanirnir . . .

Arnór: Sömu þverhausarnir!

Jón: Er það ekki, Guðjón?

Guðjón: Jú, það má segja það. Petta er aðeins stund-að af þessum gamla kjarna úr Flugbjörgunarsveit-inni.

Jón: Ég sakna þess að sjá aldrei umræður um þetta, – allir þessir hörðu kalla, sem maður hefur heyrt um.

Arnór: Það er spurning hvort þeim finnist þeir nokkuð eiga heima í Alpaklúbbnum, þessum yfirlands-förum. Peim finnst þetta kannski ekki vera sinn vett-vangur þegar aðalumræðan er um lóðréttu veggi og þeir alltaf á láréttu planinu!



Kristinn: En nú hlýtur Alpatímaritið að móta tals-vert mikið viðhorf félagsmanna. Í tveimur síðustu ársritum hafa verið mjög ítarlegir leiðarvívars, sem í báðum tilfellum hafa fjallað um klifur, annars vegar í Esju og hins vegar í Stardalshnúkum. Er ekki lík-legt að þeir hafi átt talverðan þátt í því að beina athyglinni að þessum stöðum frekar en hærri fjöllum.

Björn: Á sama tíma hafa verið í báðum þessum blöðum greinar um fjallaskíðamennsku og annað. Við eignum lengri sögu í þessum hefðbundnu fjallgöngum og lengri ferðum, en erum tiltölulega nýteknir til við



Klettaklifurnámskeið á Þingvöllum 1984. Á myndinni eru talið frá vinstri: Jón Geirsson, Linda Björk Pórðardóttir, Margrét Júlíusdóttir, Hjalti Kristgeirsson, Pétur Ásbjörnsson, Bragi Reynisson, Björn Ólafsson og Stefnan Smárason. Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir.

hitt og þess vegna erum við uppteknari af því, a.m.k. þeir sem tala mest.

Páll: Nú hef ég fylgst vel með úti á landi, þar er alveg gífurleg uppsigling í fjallaskíðamennsku – alveg ótrúlega mikil. Þar klifra menn eingöngu til að ná góðri leið til að renna sér niður. Broddarnir eru bara rétt með til að geta komist hærra upp í brekkuna. Þetta er að gerast bæði á Akureyri og svo einnig á Ísafirði hef ég frétt. Þetta er svoltið annað viðhorf, heldur en maður verður var við hérla fyrir sunnan.

Guðjón: Landslagið á þessum stöðum hlýtur að hafa áhrif á þetta. Parna rísa fjöllin beint upp úr sjónum þannig að það er mun styrra fyrir þá að fara til þess að komast í góð fjallaskíðasvæði.

Kristinn: Hvernig finnst ykkur að þessir tveir leiðarvísar hafa verið? Nú eru þeir bæði ítarlegri og meira um gráðun leiða en áður. Er þetta rétt stefna?

Arnór: Já, mér finnst það. Mér finnst þetta góðir leiðarvísar.

Guðjón: Þessir leiðarvísar í klifri sýna mönnum hvað hefur verið gert og hvað er þá eftir. Þeir eiga alveg rétt á sér og eru mjög vandaðir.

Jón: Þeir eru líka góð heimild og því gott innlegg í eitt af því sem klúbburinn á að beita sér fyrir, að skrá sögu fjallamennskunnar.

Snævarr: Nú hafa tveir síðustu leiðarvísar verið um svæði hérla á suðvesturlandi, og sá næsti verður það einnig. Hver finnst ykkur að ætti að vera stefnan í

þessum málum? Á að klára suðvesturlandið fyrst með það í huga að gefa út veglegt yfirlit yfir þetta svæði eða ættu leiðarvísarnir að vera dreifðir frá svæðum um allt land strax?

Arnór: Endilega að fara út í það að gera sem flesta leiðarvísa viðs vegar um landið.

Páll: Mér finnst að það eigi bara að taka fjölmennustu og almennustu svæðin þar sem flest er fólkvið. Þar munu þeir nýtast best. Mér er illa við leiðarvísa um svæði, þar sem 2-3 hópar fara á ári.

Arnór: Svo má alveg auglýsa upp fjöllin með svona lögðuðu. Leiðir á fjöll, sem eru virkilega fáfarin. Leiðarvísar eru alveg kjörið tækifæri til að opna augu manna fyrir slíkum svæðum.

Jón: Það sem ég hefði viljað sjá í sambandi við þessa leiðarvísa, sem hafa komið út er að það hefði mátt koma í fréttabréfið að verið sé að gera þennan leiðarvísi og auglýsa eftir upplýsingum gegnum fréttabréfið.

Kristinn: Já, það hefur einnig sýnt sig að þeir sem til þekkja og vita að verið er að skrifa leiðarvísi um ákveðið svæði hafa orðið mjög virkir á því svæði. Þetta hefur virkað sem vítamínsprauta innan þessa hóps, – sem í sjálfu sér er mjög gott.

Björn: Með þessa leiðarvísa sem við höfum verið að tala um, Esjuna og Stardalinn, þá var komin ákveðin þörf að fá eitthvað á pappír um þau. Þetta eru það vinsæl svæði og leiðarvísar eru örugglega hvatning

fyrir alla sem fara um þessar slóðir og klifra. Nú þegar búið er að uppfylla þessa þörf, held ég að það geti komið fleiri svæði inn í dæmið og frá fleiri stöðum á landinu.

Arnór: Já, en ég held að við ættum að horfa á þetta í stærra samhengi, þegar við fórum að skrifa um aðra landsfjórðunga. Þá þarf að leita til heimamanna og fá upplýsingar hjá þeim. Um leið náum við þessum aðilum inn í klúbbinn, sem mun stækka hann og efla starfsemina.

Kristinn: Hvernig viljið þið sjá að klúbburinn þróist í framtíðinni? Sumir hafa sagt að endurnýjun í klúbbnum gangi voðalega illa. Þetta séu bara klíkur og harður kjarni, sem erfitt sé að komast að. Verður klúbburinn enn við líði eftir önnur 10 ár?

Guðjón: Það er náttúrulega erfitt að segja til um hvort klíkustarfsemi komi til með að drepa klúbbinn. Ég held nú samt ekki. Það er og verður endurnýjun, þó hún sé ekki mikil. Vissulega er kjarninn líttill, en ég held að það verði alltaf nóg af nýjum andlitum í klúbbnum, meðan fólk hefur áhuga á að ganga á fjöll.

Björn: Ég er alveg sammála þessu. Þegar ég var úti í Danmörku, kynntist ég danska Alpaklúbbnum, sem er að mörgu leiti betur í sveit settur, þó það séu fá fjöll í landinu. Og í þessu 5 milljóna manna þjóðfélagi, er Alpaklúbburinn með 600 félaga og ef eitt-hvað var, þá var starfsemin ekki eins sterk og hér. Ég held að miðað við stærð, séum við með mjög öflugan klúbb. Það hefur verið jafn stígandi í starfseminni þessi fyrstu 10 ár.

Kristinn: Hvað viljið þið sjá að verði öflugra í starfinu í framtíðinni?


Björn: Námskeiðin þarf að efla. Eins held ég að það væri skemmtilegt að reyna að gera svipaða hluti og Bretinn hefur gert. Þar þróast klifurmenningin best á þöbbunum. Þar hefur umræðan blómstrað og þöbbarnir hafa verið vettvangur bæði fyrir þá sem eru á hægfara leið út úr íþróttinni og eins fyrir nýju mennina. Það væri óskandi að sjá eitthvað svipað gerast hér, þannig að í kringum þennan kjarna sem drífur allt áfram, væru menn sem legðu eitthvað til málanna og hjálpuðu upp á að halda móralnum.

Guðjón: Ég hefði samt viljað sjá þennan kjarna stækka dálítið og dreifa þeirri vinnu sem þarf að inna af hendi, – þó hún sé kannski ekki mikil.

Jón: Ég er dálítið hlynntur þessu, sem Bjössi var að segja með þöbbana. Svona þöbbar mundu örugglega glæða félagsstarfið.

Kristinn: Að bjórinn, eða réttara sagt bjórleysið, standi vexti Alpaklúbbsins fyrir þrifum!

Guðjón: Ég man nú þá tíð, að eftir fundi bauð einhver fólk í heim til sín í kaffi. Það var nú enginn bjór þá frekar en nú, en það var mjög góð stemning. Þetta var fyrir svona 7 árum.



Frá Ísklifurnámskeiði 1982 í Gígjökli. Fremstur Ari Trausti Guðmundsson, þá Anna Lára Friðriksdóttir þerrar sultardropa á meðan Anna Guðrún Líndal hugar að skaflajárnum sínum. Ljósm. Torfi Hjaltason.

Björn: Það sem ég var að meina, var að ef þessi opnu hús myndu vera þannig að tjáskiptin væru opnari væri starfið mun líflegra. Það væri ekki alltaf þessi svokallaði harði kjarni, sem sái um umræður í sínum lokaða hóp, heldur væri þetta opinber vettvangur fyrir alla, bæði þessa eldri og þessa sem eru að byrja og allir myndu hafa skoðun á málunum og þora að tjá hana.

Páll: Þetta er bara voðalega erfitt í framkvæmd.

Kristinn: Er þetta ekki eins og með aðra félagastarfsemi, það er orðin svo mikil samkeppni um frístdundirnar að allir fundir og annað slíkt er smám sama að detta upp fyrir?

Björn: Ég veit það ekki, ég held að þetta sé líka spurning um vana. Ég hef alltaf haft mjög gaman af að koma hérrna á miðvikudagskvöldum, þó að ég sé ekki að gera neitt sérstakt. Bara til að sjá andlitin.

Páll: Alveg það sama með mig, að koma hérrna og heyra hvað er að gerast, það er mitt líf og yndi.

Arnór: Klúbburinn verður til eftir 10 ár, það er engin spurning. Ég hefði viljað sjá stærri virkan hóp og bætt húsnæði. Aðlaðandi húsnæði og því ekki húsnæði með einum þöbb.

Björn: Já, félagsheimilið á Kjalarnesi, það þyrfti að útvíkva það.

Fyrsti áratugurinn

EFTIR ARA TRAUSTA GUÐMUNDSSON

Fyrstu samtök fjallamanna á Íslandi (Fjallamenn) héldu uppi nokkuð alhliða starfi í hálfan annan áratug. Svo dró mjög hratt úr því. Það er því full ástæða til þess að velta fyrir sér tilgangi, starfsháttum og vexti ÍSALP þegar samtökin eru orðin 10 ára gömul.

Fjallamennska er um margt mjög mikil einstaklingshyggiúþrótt og menn staldra mislengi við hana. Meðal annars vegna þessa tel ég að samtök fjallamanna verði ávallt sundurleit og sjaldan virk sem heild. Það þarf lítið til þess að svæfa þau og miði til þess að þau haldi uppi vönduðu starfi. Í ÍSALP er tími frumherjanna og nýjabrumsins liðinn. Flestir sem drifu klúbbinn af stað leggja samtökunum nú lítið lið og starfið er orðið fremur hefðbundið. Stór hluti virkra félaga er fólk sem gekk seint til starfs með samtökunum.

Allt þetta verður að hafa í huga þegar starfið er metið og spurt um framtíðina. Og ekki má gleyma þeirri sérstöðu ÍSALP að hafa sér við hlið þrjá „klúbba“ sem sinna nánast sama hlutverki og hann, þ.e.a.s. björgunarsveitirnar þrjár hér á SV-horninu.

Það jákvæða við starf samtakanna er að finna á flestum starfssviðum þeirra; blaðið hefur sinnt hlutverki sínu þokkalega, leiðarvísar hafa fullkomnast, margar ágætar myndasýningar eru að baki, góðir gestir komið í heimsókn, fjöldi námskeiða gert gagn, sumar ferðanna hafa heppnast vel og skáli stendur í Botnssúlum. Ennfremur hefur ÍSALP tekist að kynna fjallamennsku með nokkrum árangri. En gallarnir eru líka margir. Ég nefni þrjú atriði öðrum fremur: Nýju fólk er of lítið sinnt, námskeið eru of

litið sérhæfð og fundastarfsemin er ómarkviss (t.d. of tíðir fundir, ekki hugsað fyrir efni sem höfðar til ólíkra þarfa félaga. . .).

Auðvitað þarf að sjá til þess að nýir félagar fái sérstaka aðstoð og upplýsingar; næga uppörvun. Auðvitað þarf að sinna ólkum kunnáttustigum markvisst í námskeiðahaldi og það þarf að kenna og æfa óreynd atriði eins og t.d. sprungubjörgun. Auðvitað þarf að breyta fundarskipaninni í takt við árin og þróun samtakanna úr tiltölulega samstæðum hópi í marghópasamtök.

Nýjar tillögur og vangaveltur um allt þetta og fleira hafa stundum komið fram á umræðu- eða aðalfundum, ekki bara frá mér heldur mörgum öðrum. Það stendur uppá forystu ÍSALP að fara ofan í saumaná á starfseminni með þá grunnhugsun að samtökunum hallar nú í annan áratuginn og þau hafa breyst verulega á liðnum árum.

Margt hástemmt og miður satt hefur verið sagt um fjallamenn og fjallamennsku. Par eru verstar staðhæfingar um að fjallamenn séu óskaplega „spes“ mannflokkur og að fjallamennska sé upphafinn lífsstíll; en ekki einungis sérhæfð dægradvöl þéttbýlisfólks. Þá vill líka oft gleymast að í fjallamennsku felst sérkennileg mótsogn: Sérhagsmunahygga í einn stað og samhjálp í annan.

Í mínum huga er meginhlutverk klúbbsins að ýta undir jarðbundna afstöðu til pessarar útvistar og náttúruátaka og efla samvinnu milli manna, einkum með því að miðla þekkingu.

Með því móti tekst ÍSALP kannski að endurnýjast og halda velli í marga áratugi enn.

STORNO

Farsímar



RAFEINDAPJÓNUSTAN HF.

Eyjarslóð 9

— Símar 91-621688 —


Pósthólf 7045

— 127 Reykjavík 6

GUÐMUNDUR PÉTURSSON

Raunir fjallgöngumanns

Á Skessuhornið ég skrapp í gær
þó skratti teljist það bratt.
Broddum mínum ég tyllti á tær
og tölti upp brekkuna hratt.
Í klifri ég talinn var fjandi fær,
það fannst öllum rétt og satt,
en – uppi við brúnir var ísinn glær
og aumingja maðurinn datt.
Nú er ég aumur og brákað mitt bak
og búið með afrekin stinn.
Öxina góðu í rassinn ég rak,
þá rifnuðu vöðvar og skinn.
Mér þotti ég heyra í beinunum brak
og brotinn var tebrúsinn minn.
Fjandinn má hafa allt fjallaskak,
ég fer ekki aftur – um sinn.



Höfundurinn. Ljósm. Þorsteinn Guðjónsson.

FISKVERKENDUR. ÚTGERÐARMENN

ÞEGAR GÆÐI OG TÍMI SKIPTA MÁLI.

Framleiðum eftirtalin tæki og vélar
fyrir fiskiðnaðinn úr ryðfríu stáli.

Eftir óskum kaupanda!
Kynnið ykkur afgreiðslutímann.

Fiskþvottakör
Færibond
Frystirekka
Rækjudælur
Löndunarmál

Saltskóflur
Hillurekka og borð
Pönnurekka
Lausfrysta
Burstavélar fyrir saltfisk

Gneisti hf. - vélsmiðja
Laufbrekku 2, 200 Kópavogur
Sími 641745

Raunir reykingamanns eða Höfuðlausn hin nýja

(flutt á aðalfundi Alpaklúbbins í febrúar 1987)

Höfundur hætti að reykja einu sinni sem oftar. Kvaðst aldrei ætla að byrja aftur og lagði höfuð sitt að veði í áheyrn Péturs Hermannssonar, sem tók að sér að slíta það af ef bindindið yrði ekki haldið.

Höfuð ber ei hátt,
hárið orðið grátt.
Um það finnst mér fátt,
fé hef betra átt.
En þó ég hengi haus
hann er ekki laus,
því ég kveða kaus
kvæðabull og raus.

Ekki hélt ég heit,
Hermannsson það veit.
Á mig auman leit,
iðrun sár mig beit.
Krefur mig um koll,
kaldan fæ ég hroll,
úr pela tek ég toll,
þó traут sé veigin holl.

Sæt er syndin mín
seður nikótín,
indæl auðarlín
ágætt brennivín.
Ei því hafnað hef
að hafa yfir stef.
Illa einn ég sef,
einatt þigg í nef.

Boðorð mörg ég braut,
byltu stundum hlaut.
Margoft lágt ég laut,
lífs á vegi hnaut.
Miskunn Pétur minn,
milda huga þinn.
Vertu vinurinn
vænn í petta sinn.

Alltaf Pétur er
aðeins fremri mér,
syndir mínar sér
og síga í hann fer.
Best er að biðja um náð
og bregða á það ráð,
svo hans bræði bráð
burtu verði máð.

Veik er vonin mín,
vond er hugarpín.
Sjaldan gerir grín
gamalt tóbakssvín.
Helst er hjálp að fá
höfuðtapi frá
þeim er miðla má
miði Bölverks þá.

Við því hugur hrís,
haus minn verja kýs.
Heyr, mín heilladís!
Hárið á mér rís.
Grimmur grand mér býr,
góð eru ráðin dýr.
Hjálpin reynist rýr,
rökin Péturs skýr.

Pó skal herða hug,
hörku sína og dug,
voða vísa á bug,
vonar glæða flug.
Ef ég kveða kann
kvæði fyrir þann
sem mig setti í bann,
sefað gæti hann.

Býð ég Óðins öl,
öllum krús er föl.
Pað er dægradvöl,
deyfir sút og böл.
Verður lundin létt,
lifna fljóðin nett.
Aftur upp get rétt
aldinn hjálmaklett.

Bráðum úti er
œvin, því er ver.
Burt úr heimi hér
halda munum vér.
Í himnaríkis rann
rata ég ei kann.
Tel þó tóbaksbann
tryggja engan mann.

Pétur grimmur góð:
Gef mér heilaból!
Bar hann töng og tól,
tók að fjúka í skjól.
Loforð halda hlýt,
höfuð af þér slít,
þig á barka bít
og blóðið renna lít.

Engin gef ég grið.
Gvendur, líttu við!
Bráðum færðu frið,
fellur höfuðið.
Reykjarbann þú braust,
berð því höfuð laust.
Nefnd að launum hlaust
- háðsleg gellur raust.

Ljótt er líf í reyk,
lungun bæði í steik.
Slæman lék ég leik,
loforð mitt ég sveik.
Pennan sóðasið
seint ég hætti við.
Varla fæ ég frið
fyrir andlátioð.

Ekki er lotan löng,
lokast barkagöng,
andnauð strið og ströng,
stynur Líkaböng.
Eftir œviskeið
opnast hliðin breið.
Verður gatan greið,
- sá gamli vísar leið.

Segir: Sonur minn,
ég set þig hérrna inn.
Ég get þess, gamla skinn,
þér geðjast reykurinn.
Hér er hlýtt og gott,
héðan ferðu ei brott.
Finnst þér ekki flott
að fara í pennan pott?

Erfitt er mitt líf,
amstur, þras og kíf.
Tóbak, vín og víf
veittu mér þó hlíf.
Við það von ég bind,
vönkuð meinakind,
að sú unaðslind
ei sé höfuðsynd.

Íslenski Nepal-leiðangurinn 1987, á fjallið Gangapurna, notaði CARAVAN svefnpoka



KAUPSTAÐUR
Sími: 73900

CARAVAN svefnpokar og
bakpokar í úrvali
í Kaupstað, Mjódd og kaupfélögum
um land allt.

Skarðsheiði

EFTIR
SNÆVARR GUÐMUNDSSON
OG
KRISTIN RÚNARSSON

Vafalaust er Skarðsheiði einna tíðast gengin af þeim fjöllum á SV-horni landsins, sem rísa yfir 1.000 m hæð. Eru ýmsar ástæður þar að baki. Skarðsheiðin er hvortveggja rismikil og fögur, af henni er geysilega víðsýnt og ekki spillir það fyrir að aðkoma er í flestum tilfellum þægileg og fremur stutt að fjallsrótum. Síðast en ekki síst er sú staðreynd að möguleikarnir til ástundunar fjallamennsku í formi göngu, klifurs eða skíðaíðkunar eru afar miklir.

Leiðir í Skarðsheiði eru flestar langar samanborið við nágrannafjöll og því eru leiðarlýsingar oft á tíðum nákvæmari, þar eð leiðarval er mikilvægur þáttur í fjallgöngunni. Skarðsheiði er stórbrotið svæði og fagurt og ekki skemmir það fyrir að hún á sinn þátt í fjallamennsku á Íslandi og þróun hennar. Það er því viðeigandi á tíu ára afmæli ÍSALP að hún sé tekin fyrir og ritaður um hana leiðarvísir. Áður hefur hluta leiðanna verið lýst í tölublöðum ÍSALP nr. 14 og 15, en mikil vatn hefur runnið til sjávar síðan og yfir 25 leiðir bæst við. Lýsingar af Skarðsheiði finnast víða, m.a. í árbókum F.Í. frá árunum 1950 og 1954. Algengustu kort af svæðinu, útgefin af Landmælingum Íslands eru fjórðungskort nr. 2, kvarði 1:250 000, og Atlasblöð nr. 26 (Borgarfjörður) og nr. 36 (Botnsheiði), í mælikvarða 1:100 000.

INNGANGUR

Segja má að Skarðsheiði skiptist í two hluta. Annars vegar í fjallshrygg eða hábrún, víða yfir 1000 m háa, og svo hrjóstuga háheiði hins vegar. Austur-Skarðsheiði markast af Leirárdal að vestanverðu og Geldingardraga að austan. Vesturheiðin svokallaða er allmiklu lægri og liggur vestan Leirárdals og norðan Ölvvers að Hafnarfjalli. En það mun vera eystri hlutinn sem að öllu jöfnu er í daglegu tali nefndur Skarðsheiði.

Upp af Leirárdal hefur hábrúnin sig upp og gengur hlykkjótt og stórskorin til austurs og síðar norðausturs. Suðurhlíðar brúnarinnar mynda dali á milli múla og kamba, en til norðurs falla hlíðar niður, víðast hvar sem brött hamraþil með hjarnskafla í giljum og hvilftum. Brúnin sjálf einkennist af hyrnum, skörðum og rindum, oft á tíðum hvöss og hömrum krýnd.

Skarðshyrna (923 m) er vestasti tindurinn á hábrúninni. Norður af henni rís hæsti tindur Skarðsheiðar, Heiðarhorn 1053 m. Frá Heiðarhorni gengur hábrúnin til austurs og koma rindarnir hver á eftir öðrum. Tungukambur, eða Skarðskambur öðru nafni, er næstur, 1039 m á hæð, og austur af honum

næst hæsti tindur Skarðsheiðar, Pverfjallskambur, 1041 m. Gengur hann þvert á brúnina, norður yfir og endar á einni athyglisverðstu hyrnu heiðarinna, Skessuhorni 967 m. Austan Pverfjallskambs tekur Miðfjallskambur við 1011 m hárr, og því næst Eyrakambur (967 m), er þá tekið að halla niður að Draga. Sveigir hábrúnin til norðausturs að Drageyraröxl, neðan Mórauðahnúks 768 m. Eru þá upptaldir helstu tindar sem á hábrúninni eru, en fullyrða má að allar meginleiðir beggja vegna hennar, endi á þeim.

Skarðsheiði og Hafnarfjall eru leifar gamallar megineldstöðvar og er allt berg þar eldra en 3 milljón ára. Skarðsheiðin er hlaðin að mestu af láréttum og reglulegum basalthraunlögum, en Hafnarfjall er ekki líkt því eins reglulegt. Þar er talsvert um líparít, enda mun miðja eldstöðvarinnar hafa verið í grennd við það. Líparít er einnig að finna norðaustan við Skessuhorn.

Jöklar ísaldar mótuðu það landslag sem við sjáum í Skarðsheiðinni. Lágu skriðjöklar í dölunum í sunnanverðri Skarðsheiði og sameinuðust þeir stórum skriðjökli er skreið fram Svínadal. Að norðanverðu ber jökulrofinu hvað sterkest vitni hyrnan Skessuhorn, sem jafnframt er eitt besta dæmi hérlandis um svokölluð horn. Horn myndast þar sem hvilftarjöklar rjúfa í sundur fjallshryggi, svo eftir standa aðeins strýtur. Heiðarhorn og Skarðshorn urðu fyrir sama áhrifavalldinum en þar sem rofið varð ekki eins mikið, náðu fjallshryggirnir út frá þeim að halda velli.

Vegna hæðar leysir vetrarsnjó seint úr Skarðsheiði. Fannir í giljum og hvilftum vilja því oft verða lengi fram eftir sumri. Við efstu brúnir, sem og í norðurhlíðum, þar sem sólar nýtur ekki, leysir skaflana jafnvel ekki svo þeir ná að skerast í gegn um hamrabrúnirnar. Í hvilftum ofarlega við háeggina, að norðanverðu, sjást merki greinilegrar jökulmyndunar og er hún vel áberandi yfir sumartímann. Virðist því sem um einhverjar fyrningar sé að ræða. Víðar eru eilífðarskaflar í Skarðsheiði eða ummerki íss og hjarns, litlir urðargarðar og katlar, væntanlega myndaðir af hvilftarjöklum litlu ísaldar frá 1600-1800.

Yfir haustmánuðina, þegar fjöll færast í vetrarbúning og er veturn konungur gengur í garð, verða veður oft válynd í Skarðsheiði. Kyngir þá oft niður miklu magni af snjó, sem vindar sjá um að safna í lænur og hvilftar. Vill því verða varasamt að ferðast þar um vegna snjóflóðahættu. Vegna nálægðar sinnar við sjó, verða hamrabelti og eggjar fljóttlega ísaðar, sérstaklega er ofar deregur.

Það er mjög algengt að skýjakúfur leggist á Skarðsheiði og er sagt að hann sé fyrirboði versnandi veðurs SV-lands. Að því fratóldu má þó til marks taka, að þá og þegar hvessi á fjallinu. Kúfur er




Flekaflót í norðurhlíðum Skarðsheiðar. Ljósm. K.R.

algengur í norðanátt, en fylgir þó einnig öðrum vindáttum. Að vetrarlagi er ráðlagt að fylgjast með veðri í nokkra daga á undan áætlaðri göngu til að fá sem besta mynd af aðstæðum, m.a. með tilliti til snjóflóðahættu.

Eðli leiða og umhverfi

Skarðsheiðarsvæðið er áhrifamikið göngu- og klifurland, jafnt að sumri sem vetri. Gönguleiðir eru að miklum hluta til í sunnanverðri Skarðsheiðinni, enda gefur landslag þar tilefni til gönguferða. Misjafnt er hvaða árstíma menn kjósa sér til uppgöngu, en mæla má með seinni hluta vetrar eða árla vors. Er þá sól tekin að hækka á lofti, göngufærir að jafnaði gott og snjór léttur og traustur yfirferðar. Má einnig minna á að þá skapar landslag skörp skil og birtuskilyrði til ljósmyndunar því mjög góð. En á þessum árstíma er þó oft ísing við efstu brúnir og harðfenni í brekkum. Er því vissara að hafa brodda og ísaxir meðferðis.

Klifurlandið er að mestu leyti í norðurhlíðunum og er óhætt að mæla með ísklifurleiðunum. Eru ís-og snjóleiðir mun vinsælli en klettaleiðir, enda berg víða laust.



Yfirlitskort af Skarðsheiðarsvæðinu. Gönguleiðir merktar inn á. Teikn. S.G.

Snjóleiðir liggja að jafnaði upp hin augljósari gil og skorninga sem mörg hver eru fær uppgöngu allan ársins hring. Að vetrarlagi geta þessar leiðir þó verið mjög varasamar vegna snjóflóðahættu, því óvísða er hún meiri en einmitt í giljum og skorningum þar sem snjór safnast fyrir. Síðla vors og að sumarlagi er hins vegar óhætt að mæla með þessum leiðum. Þá er snjór öruggur og þægilegur yfirferðar, auk þess sem snjóskaflar í hlíðunum skerpa skilin í landslaginu og auka því enn á dýpt og fegurð þess.

Ísklifurleiðirnar einkennast af bröttum íshöftum með syllum á milli. Aðstæður eru yfirleitt góðar á tímabilinu febrúar til maí, en á þeim tíma er ísinn bestur til klifurs.


En hreinar klettaleiðir eru ekki margar í Skarðsheiðinni, enda berg fremur laust eins og ádur er getið. Grjóthrúnshætta er því fyrir hendi og í vissum tilfellum þarf mjög heppilegt veður. Samt sem ádur eru þær vel klifursins virði. Ákjósanlegasti tími til klettaklifurs er seinni hluti sumars, haust og stundum þarf frostveður í einstaka leiðir.

Notkun leiðarvísisins

Eins og vænta má, er leiðarvísirinn byggður upp á sama hátt og fyrrleiðarvísar, þ.e. um Esju og Stardal. En vegna þess að klifurleiðirnar í Skarðsheiði eru oft fjölpæna (e. multi-pitch) og alvarlegar á stundum, eru lýsingar nákvæmari þar sem við á. Sömu gráðukerfi eru þó notuð til að hafa samræmi, það er skoska kerfið (1-6) fyrir ís- og snjóleiðir og UIAA staðallinn fyrir klettaklifur (I-VIII). Í Stardalsleiðarvísinum er samanburður á klettaklifurgráðunum til að fá skýrari mun á erfiðleikum. Skal bent á að uppgefnar erfiðleikagráður í Skarðsheiðarleiðarvísinum eru fyllilega í samræmi við og með hliðsjón af öðrum leiðarvísum ÍSALP. Að venju skal athuga að sumar leiðirnar eru sjaldan farnar og gráðun ber því að taka með fyrirvara. Miðað er við góðar aðstæður þegar leiðir eru gráðaðar.

Skýringar

Pegar vísað er til hægri eða vinstri, er miðað við að horft sé að fjallinu. Uppgefinn tími, svo og lengd leiðar miðast við klifurleið. Aftur á móti er tíma að byrjun leiða að finna í köflum um tiltekin svæði.



Mynd 1. Suðurhlíðar Skarðsheiðar. Frá vinstri: Skarðshyrna 923 m og Heiðarhorn 1053 m, Skarðskambur 1039 m, Pverfjallskambur 1041 m, Miðjallskambur 1011 m og á Eyrarkambur 967 m. Ljósm. K.R.

Útbúnaður

Hjálmar eru nauðsynlegir fyrir bæði kletta- og ísklifur. Almennur ísklifurútbúnaður telst vera ísaxapar, broddar og hjálmur. Fyrir flestar ísklifurleiðir nægir að hafa 45 m langa línu, 4-6 ísskrúfur, lykkjur, 2-3 bergfleyga og 2-3 hnetur. Í kletta eru 4-5 fleygar, 1 sett af hnetum og lykkjur nægilegt, auk línu. Þó skal haft í huga að einn besti ferðafélaginn er reynslan sjálf.

Nýnefni

Í leiðarvísinum eru nokkur nöfn sem ekki teljast örnefni, en eru samt notuð til þæginda, því um þá staði liggja oft leiðir fjallamanna. Má þar nefna Skarðhorn, sem núorðið er mikil notað (sjá tímarit ISALP nr. 28) og nafnið Katlaklauf, fyrir skarðið sunnan Skessuhorns. Það nafn verður að teljast á abyrgð höfundar. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er ekki til nafn á því skarði, því er það notað í leiðarvísí þessum.

BRÚNIRNAR OG SKARÐSHEIÐI AÐ SUNNAN

Kambar, múlar og dalir einkenna suðurhlíðar Skarðsheiðar. Kambarnir ganga allir með sömu


stefnu upp á hábrúnina og mynda hyrnur og rindar hátoppa þeirra. Að sunnanverðu eru þeir allir auðgengnir og má raunar segja að hvergi séu hlíðar dalanna eða brúnir kambanna það brattar, að gönguferðir séu einhverjum vandkvæðum bundnar. Skarðshyrna er þó fráttalín, því SV- og S-hlíðar hennar eru brattari en gengur og gerist í suðurhlíðnum.

Suðurhlíðarnar og hábrúnir Skarðsheiðar eru kjörið gönguland og víðsýnt mjög af þeim. Tilvalið er að tengja saman fleiri en einn tind með göngu eftir hábrúnunum og fá þannig meira út úr fjallgöngunni.

Í þessum leiðarvísí verður aðeins helstu gönguleiðum lýst. Hins vegar má tilfæra leiðarval á ýmsan máta og er lesanda látið eftir að skapa sín afbrigði af gönguleiðum eftir aðstæðum og smekk.

SKARÐSHYRNA 923 M OG HEIÐARHORN 1053 M.

Vestustu tindarnir á hábrúninni, Skarðshyrna 923 m og Heiðarhorn 1053 m hafa vissulega sérstöðu í Skarðsheiði sunnanverðri. Hvorar um sig eru þær svipmiklar og má kalla þær andlit suðurhlíðarinnar, því skarpari landslagsdrættir finnast þar ekki. Heiðarhorn er einnig hæsti tindur Skarðsheiðar svo engan skyldi undra að þessar tvær hyrnur seu vinsælastar uppgöngu.



Mynd 2. Skarðshyrna og Heiðarhorn. Ljósm. S.G.

Skarðshyrna eða Skessuhorn, eins og hún er einnig nefnd, gengur suður úr Heiðarhorni, sem öxl fremur en sjálfstæður tindur. Er því tilvalið að fara á báða tindana í sömu göngu. Gönguleiðirnar eru líka flestar áhugaverðar. Þær eru auðrataðar, hóflega léttar og bjóða upp á fallegt útsýni. Algengasta gönguleiðin á Heiðarhorn er upp Skarðsdal, en sú leið er einnig öruggasta leiðin til niðurferðar.

Klifurleiðir eru í suður- og suðvesturhlíðum Skarðshyrnu. Þær eru hæfilega erfiðar, bæði ís- og klettaklifurleiðir. Það er nokkuð athyglisvert að í hlíðum Skarðshyrnu eru elstu þekktu klifurleiðir sem finnast í Skarðsheiði, aldri en t.d. í Esju og þótt viðar væri leitað.

Suðvestur- og suðurhlíðar Skarðshyrnu gefa meiri möguleika á góðum ís- og snjóleiðum heldur en klettaleiðum, því bergið er alllaust og hættulegt yfirferðar. Besti tími til ísklifurs er í janúar til apríl, en vegna þess að snjó tekur fyrir upp í suður- en í norðurhlíðunum, er ísklifurtímabilið ekki eins langt. Til klettaklifurs er haustið besti tíminn, þegar kalt er í veðri. Er bergið þá mun þurrara.

Norðurhlíðum Heiðarhorns er lýst í kaflanum um norðurhlíðar Skarðsheiðar.

Aðkoma að öllum leiðum er um Efraskarðsafleggjara að samnefndum bæ í Svínadal. Ganga að klifursvæðum tekur 1 klst. Til niðurferðar eru leiðir nr. 2 og 10 bestar.

1. Með Skessubrunnum um Vesturhrygg – gönguleið.

Vegalengd: 4 km – um 800 m lóðrétt hækjun – 2-4 klst.

Falleg gönguleið með miklu útsýni. Frá Efraskarði er gengið vestur með og undir Skessusæti, upp urðarhvilftina undir hamrapili Skarðshyrnunnar. Þar er landslag fallegt, miklar urðir og djúp, en smá vötn, er heita Skessubrunnar. Haldið er vestur yfir hvilftina, út fyrir meginhamrapilið og í skarðið milli hæðarpunkts 742 og vesturhryggs Skarðshyrnu. Hægt er að styttu gönguleiðina með því að fara upp gilskörning vestarlega í hamrapilinu. Verður leiðin þá öllu brattari á kafla. Læna þessi telst við vetraraðstæður ná 1. grádu að erfiðleikum, en bæta má því við að skíðað hefur verið niður hana. (Sjá mynd nr. 2. Afbrigði 1A).

2. Úr Skarðsdal um austurbrúnir – gönguleið.

Vegalengd: 4 km – um 800 m lóðrétt hækjun – 2-3 klst.

Pessi leið er nátengd leið nr. 10, en áhugaverð ef ganga á fyrst á Skarðshyrnu. Þegar komið er inn fyrir mynni Skarðsdals er stefna tekin á austurbrún Skarðshyrnu. Leiðin er bröttust neðst, en auðvelt er að sneiða hjá öllum erfiðleikum. Auðrötuð leið.

3. V-Miðgil – snjór/ís.

Gráða: 2/3 – 200 m – 2-3 klst.

Fyrst farin: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, 3. jan. 1982. Mjög falleg klifurleið upp vestara gilið af tveim sem ganga upp á tind Skarðshyrnu. Auðrötud. Brött höft í neðri hluta leiðarinnar.

4. Giljagaur – berg.

Gráða III, hreyfingar af IV. – 200 m – 2 klst.

FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, 25. sept. 1982. Hóflega erfið klifurleið. Tvær fyrstu spannirnar eru erfiðastar með hreyfingum af 4. gráðu í þeirri efri. Leiðin byrjar hægra megin á rifinu, í mynni A-Miðgils. 3-4 spannir með léttara brölti í efri hluta. Pokkalegar megintryggingar.

5. A-Miðgil – snjór/ís.

Gráða 2 – 200 m – 1-2 klst.

FF: Ari Trausti Guðmundsson og Peter Wiedthal er, apríl 1975. Falleg auðrötud leið, aðallega snjóleið með nokkrum léttum íshöftum.

6. Vesturlæna – snjór.

Gráða 1 – 150 m – 1-1 1/2 klst.

FF: Ari Trausti Guðmundsson og Olgeir Sigmarsson, maí 1979. Snjólæna norðan við leið nr. 1 sem liggur upp á Skarðshyrnu.

7. Um Skessusæti og Miðhrygg.

Gráða I/II – 400 m – 1-3 klst.

FF: Ari Trausti Guðmundsson, 1969. Fjölbreytt og skemmtileg leið. Frá Efraskarði er stefnt á Skessusæti (702 m), sem er líttindur undir Miðhrygg og er öllu léttara að koma austan að honum en vestan. Haldið er upp og yfir tindinn og að miðhrygg Skarðshyrnu. Upp hrygginn eru afbrigði að vali fjallamannsins. Pó er oftast farið austan við hrygginn.

8. Leiðir í SA-hlíðum. – snjór.

Gráða 1 – 100-200 m – 1/2-1 1/2 klst.

Fjölmargar snjólænur liggja upp SA-hlíðar Skarðshyrnu, allar þó af svipuðum erfiðleikum. Pessi afbrigði eru velþekkt. (Sjá mynd 1)

9. Af Skarðshyrnu á Heiðarhorn – gönguleið.

Vegalengd: 1,5 km – Lóðrétt hækkun: 130 m – ca. 1/2 klst.

Skarðshyrna er í raun öxl út frá Heiðarhorni og er mjög algengt að gengið sé á báða tindana í sömu ferð. Auðratað. (Sjá mynd 2)

10. Úr Skarðsdal – gönguleið.

Vegalengd: 5 km – 950 m lóðrétt hækkun – 2-4 klst.

Auðrötud leið og tíðgengin. Fær allan ásins hrung. Frá Efraskarði er gengið vestan við Skarðsá upp í Skarðsdal. Liggur leiðin þá austan við og undir Skarðshyrnu, uns útsýni opnast til Heiðarhorns. Er þá stefna tekin á það, upp vestanverðan Skarðsdalinn eða að farin er leið nr. 2 áleiðis á Skarðshyrnu.

KAMBARNIR AUSTUR AF OG HÁBRÚNIN.

Austan Skarðshyrnu og Heiðarhorns eru kambar og múlar sem sjaldan eru gengnir. Pó eru nokkrar langar gönguleiðir á þessum slóðum. Í leiðarvísinum er þó aðeins þremur leiðum lýst, þar af gönguleiðinni um hábrúnir Skarðsheiðar. Benda má á að þetta svæði er kjörið til fjallaskíðaferða.

Aðkoma að leiðum nr. 11 og 12 er um Svínadalsveg. En að leið nr. 13, um hábrúnir Skarðsheiðar, um Dragháls.

11. Súlárðalsleið – gönguleið.

Vegalengd 6 km – um 800 m lóðrétt hækkun – 3-4 klst.

Lagt er af stað frá Hlíðarfóti og stefnt á mynni Súlárðals. Upp dalinn er gengið og upp í skarðið milli Skarðskambs og Pverfjallskamb. Skarðið er í um 900 m hæð. Þaðan er tilvalið að ganga á kambana eða jafnvel halda norður yfir og út á Skessuhorn. Ef það er gert er leið nr. 28, Pverfjallskamsleið af Skessuhorni, fylgt.

12. Eyrarkamsleið – gönguleið.

Vegalengd 9-10 km – um 900 m lóðrétt hækkun – 4-6 klst.


Frá Grjótárbrú er gengið um Eyrarskóg og stefnt á Eyrarkamb. Kambinum er fylgt alla leið uns hábrúninni er náð í 967 m hæð. Þaðan má fylgja brúninni yfir á Miðfjallskamb 1011 m. Er þá leið nr. 13 fylgt. Bent skal á að varasamt getur verið að fara niður af Miðfjallskambi eftir öðrum leiðum en þeirri, sem hér hefur verið lýst.

13. Um Hábrúnir Skarðsheiðar – gönguleið.

Vegalengd: 13 km – 6-9 klst.

Langsta og fallegasta gönguleiðin í Skarðsheiði er tvímaðalaust um hábrúnirnar. Fjölbreytt leið með miklu útsýni þar sem gengið er á fjóra tinda, sem rísa yfir 1000 m auk annarra. Tilvalin fjallaskíðaleið.

Frá Geldingardraga er gengin Hestadalsöxl, austan Villingadals á Eyrarkamb 967 m (1 1/2-2 klst). Er brúninni eftir það fylgt, ýmist upp á við eða niður. Næsti áfangi, á Miðfjallskamb 1011 m, tekur um 1-1 1/2 klst. Haldið er niður og vestur í skarðið á milli kambanna tveggja sunnarlega í hábrúninni og er



Mynd 3. Norðurhlíðar Skarðsheiðar. Villingadalur og hábrúnin. Ljósm. S.G.

nokkuð varasamt á niðurleiðinni. Á Miðfjallskamb er aftur á móti um aflíðandi brekkur að fara.

Af Miðfjallskambi má ætla um 1 klst. gang á Pverfjallskamb og þaðan annað eins á Skarðskamb. Þá er eftir um 40 mín. gangur á hæsta tind Skarðsheiðar, Heiðarhorn 1053 m.

NORÐURHLÍÐAR SKARÐSHEIÐAR

Þjóðsagan segir skessu eina illvígá hafa búið í Skarðsheiði. Hún átti það til að sitja fyrir og ráðast á ferðamenn þá er fóru Skarðsheiði. Lét svo mikil af henni að ferðir lögðust að lokum niður að mestu, uns bóndi einn í Skorradal náði að ráða niðurlögum hennar eftir harða viðureign.


Pegar norður fyrir Skarðsheiði er komið, tekur við annað landslag, mun tröllslegra og mikilfenglegra en að sunnanverðu. Fjallhlíðarnar verða rismiklar og brattar, sérstaklega er vestar dregur. Hamraþil og hjarnskaflar í skuggsælum hlíðum eru einkennandi og drættir skarpir í hábrúninni. Mikil ber á Skessuhorni sem skagar norður úr meginfjallinu og eru fjallseggjar beggja vegna þess stórkornar. Austan Skessuhorns rísa Pverfjallskambur nær og Miðfjallskambur fjær, ofan Hornsdals. Vestan Skessuhorns er Álfsteinsdalur og ríss þar Skarðshorn ofan hans.

Skarðshorn er einn þriggja mest áberandi norðurveggja Skarðsheiðar. Hinir eru á Skessuhorni og Heiðarhorni.

Í dag er svæðið á milli Skessuhorns og Heiðarhorns að norðanverðu orðið fjölfarið og liggja leiðir fjallamanna þar víða um. En sökum þess að fjallshlíðarnar eru örnefnalaus svæði, hafa ábyrgðarmenn leiðarvísins gefið heiti á ákveðnum stöðum, lessendum til hægðarauka. Petta á eingöngu við um fjallshlíðar í norðanverðri Skarðsheiði.

Ferðir í norðurhlíðum Skarðsheiðar eru algengastar að vetrarlagi enda eru ís- og snjóklifurleiðir þar margar hverjar á við leiðir í Ölpunum. Á það sérstaklega við leiðir í norðurveggjunum þremur. Þar má einnig finna athyglisverðar klettaklifurleiðir þó að bergið standist þar ekki samanburð við Alpana.

Það er rétt fyrir um rúnum áratug að farið er að kanna norðurhlíðarnar. Því er það engin furða þó að skessa hafi í öndverðu búið í Skarðsheiði. Vist er þó að Skessuhorn hafi verið heimsótt fyrr á öldinni, bæði af Borgnesingum og ungmennahreyfingum. Einnig má telja það vist að Guðmundur Einarsson frá Miðdal ásamt Nicholas Clinch hafi gengið á Skessuhorn upp úr 1950, en óvist er hvaða leið þeir fóru. Er ekki ólíklegt að þeir hafi farið Náhrygginn. En það er fyrst við upphaf hins nýja tíma bils íslenskri fjallmennsku sem haldið er í brattari



Ísklifur í norðurhlíðum Skarðsheiðar. Ofarlega í NV-vegg Skessuhorns. Ljósm. K.R.



Klettaklifur í norðurvegg Heiðarhorns. Leiðin Meinhornið. Ljósm. K.R.

hlíðar. Þó mun Ari Trausti Guðmundsson hafa allt frá 1969 farið erfiðari leiðir í Skarðshyrnu sunnanverðri en þá tófkaðist. En aftur í norðurhlíðarnar.

Sem eðlilegt var lágu leiðir í byrjun upp hin augljósari gil og lénur, í og við Skessuhorn, enda er það glæsileg hyrna frá flestum sjónarhornum. En þegar tímar liðu fóru menn að beina sjónum að erfiðari markmiðum og þá fyrst og fremst að NV-vegg Skessuhorns. Trúlegast er að þar hafi alpasjónarmið ráðið mestu.

Á bernskuárum Alpklúbbins, um og eftir 1980, sóttu framsæknir klifrarar mikið í norðurhlíðarnar í Skarðsheiði í leit að nýjum viðfangsefnum. Par voru „stóru vandamál“ þess tíma. Norðurhlíðarnar, og þá sérstaklega NV-veggur Skessuhorns, léku stórt hlutverk í þeirri klifurþróun sem átti sér stað á þessum árum og þá jafnframt í sögu fjallamennsku á Íslandi.

Haustið 1978 var gerð fyrsta tilraunin til að klífa NV-vegg Skessuhorns. Sú ferð var þó meira sem könnunarferð heldur en alvara. Fremur slæmar aðstæður voru, svo sem snjór og bleyta og hurfu menn því frá, út á NA-hrygginn, eftir að hafa fylgt fremur ógreinilegri slóð í austurhluta veggjarins. Svo leið eitt ár.

Í október 1979 komust þeir Björn Vilhjálmsson og William Gregory næstum upp NV-vegginn en myrkur neyddi þá til næturvalar á lítilli syllu, 40 m frá

tindinum. Daginn eftir reyndust aðstæður afar slæmar og sigu þeir því niður sömu leið, klettarifið fyrir miðjum vegg. Eftir þessa ferð og ævintýralega frásögn þeirra í tímariti ÍSALP nr. 14, verður NV-veggur Skessuhorns þekktasta „vandamálið“ í íslenskri fjallamennsku næstu 3-4 árin. Næsta tilraun á sér stað í febrúar 1980. Í það skiptið eru vetraraðstæður. Tveir félagar í ÍSALP, þeir Hermann Vasson og Jón Þór Ólafsson reyna vestan klettarifsins í veggnum en myrkur og slæm veðurskilyrði hvika þeim frá ætlunarverkinu. Peir halda út úr veggnum til vesturs. Á einum stað munar litlu að illa fari þegar annar þeirra fellur á langri hliðrun úr veggnum.

Sama ár (1980), þann 13. september er NV-veggurinn loks klifinn í fyrsta sinn. Par voru á ferð tveir ungrir menn, þeir Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson. Þetta þykja nokkur tíðindi í litlu íslensku fjallasamfélagi og vakti víðar athygli. Ferð þeirra félaga fær m.a. umfjöllun á baksíðu Morgunblaðsins nokkrum dögum síðar.

Enn beinast augu manna að NV-vegg Skessuhorns þegar Helgi Benediktsson og Arnór Guðbjartsson reyna við leið upp V-grópina í mars 1981. Slæmar aðstæður í efstu 40 metrunum, háveggnum, neyða þá út á NA-hrygginn. Sama ár klífa Jón og Snævarr vegginn öðru sinni, eftir fyrri leið, Rifinu. Klifrið nú tekur 2 1/2 klst. í stað 7 klst. áður.



Mynd 4. Norðurhlíðar austan Skessuhorns. Leiðir úr Hornsdal. Frá vinstri Miðfjallskambur, Þverfjallskambur, skarðið Katlaklauf og Skessuhorn. Ljósm. S.G.

Veturinn eftir beinist athyglín víðar, meðal annars er farin smá könnunarferð í NV-vegg Heiðarhorns. En 5. maí 1982 er svo fyrsta vetrarleiðin klifin í NV-vegg Skessuhorns. Peir Helgi og Arnór klífa sömu leið og þeir höfðu áður reynt við ári fyrr. Sama ár, 3. júlí, er Rifið svo einfarið af Snævarri Guðmundssyni.

En ekki eru allar ferðir til fjár og í janúarmánuði 1983 verður hópur, sem er á leið niður Katlakinn eftir að hafa gengið NA-hrygg Skessuhorns, fyrir snjóflóði. Einn úr hópnum berst 20-30 metra með flóðinu og fer hálfur í kaf. Var honum bjargað af félögum sínum.

Í mars 1983 einför Óskar Þorbergsson vesturgrópina í NV-vegg Skessuhorns, leið þeirra Helga og Arnórs. En sama ár einför Óskar einnig Hraundranga í Öxnadal og Skarðatind í Öræfum. Petta var í fyrsta skipti sem NV-veggurinn var einfariinn við vetraraðstæður og jafnframta fimmfa uppferðin. Stuttu síðar eða 16. apríl 1983 fellur NV-veggur Heiðarhorns í hendur Jóns Geirssonar en telja má það athyglisverðasta framtak í Skarðsheiðinni enn sem komið er. Í leiðinni er m.a. erfiður 8-10 m hár ísfoss og háveggur Heiðarhornsins er 40-50 metrar. Einnig voru aðstæður afar erfiðar þennan dag.

Það sumar (1983), var NV-veggurinn klifinn í sjötta skiptið og má því segja að Rifið sé orðin sígild

leið. Sama ár, þann 13. september, nákvæmlega þremur árum eftir að NV-veggur Skessuhorns var klifinn fyrst, fellur seinasti norðurveggurinn í Skarðsheiði. Peir Björgvin Richardsson og Snævarr Guðmundsson klífa erfiða klettaklifurleið í Skarðshorni. Slæmar aðstæður, frost og ísing setja mark sitt á þessa fyrstu uppgönguleið í Skarðshorni, en síðar eiga fleiri leiðir eftir að fylgja.

Og í dag eru fleiri en ein leið í öllum norðurveggjum þremur. Margar þeirra eru athyglisverðar og mun erfiðari en þær sem klifnar voru á því 3-4 ára tímabili þegar NV-veggir Skarðsheiðar fengu sínar fyrstu heimsóknir. Par má nefna leiðir eins og Sólei, ísklifurleið í Hnitbjörgum í Skarðshorni, sem Björgvin Richardsson og Óskar Þorbergsson klifu 23. febrúar 1986. Aukin reynsla og þekking hefur fjöldað leiðum í Skarðsheiði og það er af sem áður var. Má vissulega segja að síðan hafi ekki skessur búið í Skarðsheiði.

NORÐURHLÍÐAR AUSTAN SKESSUHORNS

Norðurhlíðar Skarðsheiðar, frá Hestadalsöxl vestur í Hornsdal austur undir Skessuhorni er eitt fáfarnasta svæðið í Skarðsheiði. Þó eru fjórir tindar

á þessum slóðum, jafnvel fimm ef telja á Skessuhorn með.

Austasti hlutinn er Villingadalur, djúp dalhvilft sem gengur SV inn í meginfjallíð og rennur Villingadalsá eftir honum. Í botni dalsins eru athyglisverðir fossar.

Milli Mórauðahnúks (768 m) og Miðfjallskambs er fáfarnasta svæðið enda býður það ekki upp á möguleika eins og finna má er nær dregur Skessuhorni og útlínur fjallshlíðanna fara að skerpast.

14. Villingadalsfoss – ís.

Gráða 4 – 40 m – 1-2 klst.

FF: Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson, mars 1983. Í gljúfri í dalbotninum eru 3 fossar sem að vetrarlagi eru tilvaldir til ísklifurs. Enn sem komið er hefur þó aðeins einn fossanna verið klifinn, sá austasti (sjá mynd 3).

15. Mórauðihnúkur – snjór.

Gráða 2 – 600 m – ca. 2 klst.

FF: Þorsteinn Guðjónsson, desember 1983. Gengið inn Kaldárdal þar til komið er rétt innan við Mórauðahnúk. Þar er haldið beint upp hlíðina og er hún auðfarin uns kemur efst við brúnina. Þar er klettabelti af 2. gráðu. Til niðurferðar er best að fara norður af Mórauðahnúk vestan megin við Seldal.

16. Á Miðfjallskamb frá Mófellstaðakoti – snjór.

Gráða 1-2 – 500 m – 2-3 klst.

FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, 8. okt. 1983. Löng, en skemmtileg leið. Auðrötuð, en brött í efsta hluta. Að jafnaði fær allan ársins hrung. Frá Mófellstaðakoti er haldið inn með Mófelli að vestan, upp Mógil og yfir Ok (523 m) að fjallsrótum (1-2 klst). Yfir létt klettabelti, upp hjarnskaffinn (sjá mynd nr. 4 og 8) og inn í augljóst gil. Oft hengja við toppinn.

17. Úr Hornsdal á Pverfjallskamb – snjór.


Gráða 1 – 500 m – 1-2 klst.

Áberandi heilleg snjórás, klofin í tvær lénur í efri hluta, býður upp á auðrataða snjó- eða hjarnleið. Brattast 45° efst við hábrúnina.

18. Pverhausarnir – snjór/klettar.

Gráða 2 – 500 m – 3 klst.

FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, 31. ágúst 1985. Áhugaverð og fjölbreytt snjóleið. Hægt er að fylgja klettarfinu vinstra megin við gilið í neðri hluta og er þar klifur af IV. gráðu, – hættulegt. Leiðin er auðrötuð og fylgir gilinu upp á hrygginn ofan við Katlaklauf og þaðan eftir leið 28 á Pverfjallskamb.



Mynd 5. Norðurhlíð Pverfjallskambs. Ljósmynd. S.G.

19. Austurlæna í Katlaklauf - snjór.


Gráða 1 – ca 500 m – 2-5 klst.

Úr botni Hornsdals er stefna tekin á krikann sem gengur niður úr Katlaklauf. Snjólænan er án allra hindrana, en þó skal hafa góða gát á snjóflóðahættu í gilinu. Fáfarin leið. Úr skarðinu má halda á tind Skessuhorns eða Pverfjallskamb, þá eftir leið nr. 28.

SKESSUHORN 967 M.

Skessuhorn er mikil fjallshyrna sem skagar norður úr meginfjallinu og skilur skarðið Katlaklauf, 850 m. hornið frá Pverfjallskambi. Skessuhorn og umhverfi þess er ákaflega hrífandi og er hornið sjálf tignarlegt frá öllum sjónarhornum. Allir landslagsdrættir eru stórgerðir og skarpir, einkenndir af hamrabeltum, eggjum og hvilftum.

Norður undir Skessuhorni er lítil klettaborg, sem heitir Katlar. Katlar, sem eru í um 500 m hæð, er fyrsti áfangastaður að Skessuhorni, en þess utan vinssælt æfingasvæði fyrir byrjendur í snjó- og ísklifri. Þar er tilvalið að tjálfa, ef dvelja á lengur en einn dag



Mynd 6. Þverfjallskambur, Skessuhorn og Katlar. Fjær eru Skarðshorn og Heiðarhorn. Ljósm. S.G.

á svæðinu. Frá Kötłum skiptast leiðir á Skessuhorn. Vinsælast er að halda á NA-hrygg hornsins, en til að komast að honum er gengin brött brekka upp á Flata, hlíðarslakka austur undir hamrabeltum Skessuhorns. Er um 1/2 klst. gangur þangað frá Kötłum.

Ofan Katla rís NV-veggurinn sem áður hefur verið talað um, en vestan undir honum og meðfram vesturhlíðum heitir Katlakinn inn í botn Álfsteinsárdals. Er Katlakinn gengin, er fara á auðveldustu leið á Skessuhorn.

Í dag er Skessuhorn eitt vinsælasta viðfangsefni fjallamanna á SV-horni landsins, enda eru þar leiðir við allra hæfi sem enda á fögrum tindi með miklu víðsýni yfir sveitir Borgarfjarðar og Snæfellsness.

Aðkoma að Skessuhorni er frá bænum Horni og er um 1-1 1/2 klst. gangur þaðan í Katla og þaðan 1/2-1 klst að helstu leiðum. Í vissu árferði er fært um gamla Skarðsheiðarveginn og styttr það göngu um 1/2-1 klst. Til niðurferðar af Skessuhorni er einungis mælt með leið nr. 20 um Katlakinn.

20. Katlakinnarleið – gönguleið.

Vegalengd: 3,5 km – 450 m lóðrétt hækjun – 2 klst.

Auðrötud gönguleið og fær allan ársins hring. Er mikið notuð sem niðurleið af Skessuhorni. Frá Kötłum er haldið vestur með Skessuhorni eftir Katlakinn. Gæta verður þess að halda nógu langt inn með

fjalllinu, eða uns út fyrir meginhamraþilið er komið. Úr dalhvilftinni (ca. 600 m hæð) er haldið upp vesturhlíðarnar á hátind Skessuhorns.

Pegar haldið er niður af fjalllinu eftir þessari leið, skal gæta þess að stefna á dalbotninn til að komast hjá hamraklungrunu í neðri hluta vesturhlíðanna. Má hafa það til viðmiðunar að beint undir lægsta punkti Katlaklaufar eru engin hamrabelti.

21. Austurhlíðar – snjór/ís.


Gráða 1-2. – 450 m – 1-2 klst.

Frá Kötłum er leið nr. 22 fylgt upp á Flata, undir NA-hryggnum og í stað þess að halda áfram eftir honum er sveigt út í Austurhlíðarnar. Upp þær eru ýmis létt afbrigði, en greinilegasta leiðin er um snjó-lænu þá sem gengur næsta beint niður frá hátindi fjallsins. Læna þessi var skíðuð niðuð veturinn 1987 af Óskari Þorbergssyni og Einari Stefánssyni.

22. Norðausturhryggur - snjór/ís/klettar.

Gráða 2 – 450 m – 1-3 klst.

FF: Líklega Guðmundur Einarsson frá Miðdal og Nicholas B. Clinch árið 1950. Frá Kötłum er haldið upp bratta snjófönn upp á öxlina undir hryggnum. Upp hrygginn liggar ein fallegasta leið á SV-horni landsins. Skiptast á misbrött höft og syllur. Vinsæl leið og sígild.



Mynd 7. Norðausturhryggur Skessuhorns. Ljósm. S.G.

23. Skessukorn – snjór/ís.

Gráða 3 – 120 m – 1-2 klst.

Stutt afbrigði af N-vegnum og NA-hrygg. Erfiður ísfoss neðst. Haldið upp greinilega gróf austarlega í vegnum sem endar á miðjum NA-hryggnum. 3 spannir, en þá sameinast hún leið nr. 22. Upp hana. Tilvalin leið fyrir þá sem stefna á NV-veginn seinna meir.

24. Eystri gróf – snjór/ís.

Gráða 4 – 200 m – 1 1/2-3 1/2 klst.

FF: Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson, Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson, 3. mars 1985. Farið er upp íslenuna austan við leið nr. 25. Tvö íshöft eru í fyrstu spönninni. Áfram upp lænuna og lítið eitt til vinstri, að brattri ísrennu. Upp hana og næsta íshaft, þá með hliðrun til hægri. Par fyrir ofan er sveigt upp grófina til hægri uns leiðin sameinast leið nr. 26 á áberandi snjóskafla. Upp þá leið.

25. Skessuprep – snjór/ís.

Gráða 4+ – 200 m – 5 1/2 klst.

FF: Broddi Magnússon og Páll Sveinsson, 3. mars

1985. Austurgrófin er í raun viðamikil hvilft í vegnum sem gefur kost á fleiri en einni leið. Beinustu og reglulegustu línurnar eru leiðir 24 og 25. Leið 25 er vestar. Lykilklaflarnir eru tvær fyrstu spannirnar en eftir það sameinast hún leið 24.

26. Rifið – berg.

Gráða III+/-IV. – 200 m. – 1-4 klst.

FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, 13. sept. 1980. Fyrsta leiðin sem klifin var í NV-vegg Skessuhorns. Ein besta klettaleiðin í Skarðsheiði. Auðrötud leið og sígild. Berg er misgott, en telst í heildina þokkalegt til klifurs. Leiðin er átta til tíu spannir með góðum megintryggingum.

Vestan megin í rifið sem gengur neðst út úr meginvegnum, er greinileg kverk, sem liggar upp á rifið sjálf (III+). Eftir henni að meginvegnum.

Austan megin við rifið er afbrigði (26 a sjá mynd nr. 7), sem hefur verið klifrað að vetri til og vori, þegar snjór nær hátt upp á rifið. Er það greinilegur gilskorningur, eða gangur, auðklifinn í snjó én berg er afar laust. Nær gangurinn að meginvegnum.

Upp meginveginn er rifið fylgt og er það auðrat-að (hreyfingar af III. og IV. gráðu). Þegar háveggurinn (síðustu 40 m) er klifinn er farið upp vinstra megin við rifið (III+).

27. Vesturgróf. – snjór/ís.

Gráða 4 – 200 m – 2-4 klst.

FF: Helgi Benediktsson og Arnór Guðbjartsson, 5. maí 1982. Fyrsta vetrarleið í NV-vegnum. Löng samfelld ís og snjóleið sem er bröttust í neðsta hluta. Leiðin sameinast leiðum nr. 24, 25 og 26 undir hávegnum og fylgir þeim seinustu spönnina. Átta til tíu spannir.

Vestan við Rifið er gróf eða hvilft sem gengur upp í veginn. Lykilhluti leiðarinnar er upp 15 m langt íshaft í neðri hluta en eftir það er klifrað upp grófina með stefnu til vinstri á háhluta Rifsins. Vinstra megin við rifið er íshaft, bratt og er það seinni lykilhluti allra leiðanna í NV-vegnum.

SKESSUHORN 967 M – PVERFJALLS-KAMBUR 1041 M.

28. Pverfjallskamsleið af Skessuhorni – gönguleið.
Lóðrétt hækkan: 190 m úr skarðinu Katlaklauf – 1-3 klst.

Af Skessuhorni getur verið áhugavert að ganga á hæsta rinda Pverfjallskambs. Þó skal hafa vara á í vetraraðstæðum, að snjóflóðahætta getur verið í hvilftinni vestur undir Pverfjallskambi. Haldið er út fyrir brúmina suður yfir og sveigt á Pverfjallskamb úr Súlárdal.



Mynd 8. Norðvesturveggur Skessuhorns. Fjær er Miðjallskambur. Ljósm. S.G.

29. Katlaklaufsleið –berg.

Gráða I/II – 400 m – 1-3 klst.

Fallegra afbrigði á Pverfjallskamb er tvímælaust, ef haldið er næsta beint upp hrygginn úr Katlaklauf. Þessi leið er mun brattari en aldrei torkleif. Að sumarlagi er hryggurinn einnig vel fær. Leiðin liggar nánast alltaf vestan megin á hrygnum.

30. Pverklofið – snjór.

Gráða 1/2 – 1-3 klst.

Enn eitt afbrigðið er að fara um snjólænu utan til á hrygnum. Brött er ofar dregur og að vetri til er hengja við brúnina.

SKARÐSKAMBUR – SKARÐSHORN 1039 M.

Á milli Heiðarhorns og Pverfjallskambs gengur Skarðskambur upp á hábrúnina, 1039 m hárr og er hann þriðji hæsti tindur Skarðsheiðar. Kamburinn fellur bratt norður af og myndar áberandi hamraveggur hæsta hlutann. Er hann einn af þremur norðurveggjum Skarðsheiðar, nefndur Skarðshorn.

Skarðshorn er stórgert hamraþil með bröttum og miklum höfuðvegg efst, 60-70 m háum. Í austanverðu horninu er þríhyrnt klettaþil sem Hnitbjörg kallast, en þar er að finna eina fallegustu ísleið í Skarðsheiði, – Sólei.

Skarðshorn varð síðast klifið af norðurveggjum Skarðsheiðar enda er það einna fjarlægast og minnst áberandi. Allar leiðir í því eru krefjandi og alvarlegar. Aftur á móti er auðgengt á Skarðskambinn og hornið sjálft eftir öðrum leiðum. Reikna þarf með nokkrum tíma í fjallgönguna.

Ferðir á Skarðshorn eru algengari að vetrarlagi, því þar bjóðast fjallamönnum einhverjar bestu ís-klifurleiðir á SV-landi. Enn sem komið er, er einungis um eina klettaklifurleið að ræða. Er hún alvarleg og hættuleg, enda er berg afar laust í Skarðshorni og þarf því frost til að stunda þar klettaklifur.

Aðkoma að Skarðshorni er frá Horni og tekur gangan 2-3 klst. að helstu leiðum. Ef ført er um gamla Skarðsheiðarveginn styttist gangan til muna.

Til niðurferðar er um tvær leiðir að ræða til norðurs. Annars vegar niður svokallað Álfagil, milli Skarðshorns og Álfaborgar, sem er klettahöfði rétt austan Skarðshorns (sjá mynd 10). Hins vegar niður

Tröllahlíðar, en svo nefnast hlíðarnar milli Skarðshorns og Heiðarhorns. Er þá genginn Tröllakambur (sjá mynd 10). Báðar leiðirnar geta verið varasamar að vetrarlagi, sérstaklega eftir miklar úrkomur, vegna snjóflóðahættu.

Skarðshorn – Hnitbjörg

31. Sólei – snjór/ís.

Gráða 4 – ca. 250 m – 2-4 klst.

FF: Björgvin Richardsson og Óskar Þorbergsson, 23. febr. 1986. Sólei er alvarleg og erfið ísklifurleið í eystri hluta Skarðshorns. Með því að tengja hana við efri hluta leiðar nr. 31, Austurrif fæst einhver albesta ísklifurleið á Íslandi (sjá leiðarlýsingar 31 a og 32 og mynd 9).

Neðri hluti Sólei inniheldur meginerfiðleikana auk leiðarvals í fyrstu spönn. Ísskrúfur eru notaðar í megintryggingar. Hafa skal meðferðis 2-3 bergfleyga. Leiðin er 3-4 spannir, auðveldari í efri hluta.

Úr miðglinu er haldið upp vinstra megin í fyrstu (lykilkafli 37 m), upp brött höft og svo upp á við til hægri, undir klettarifið hægra megin við gilið. Eftir það er augljóst ísgil með nokkrum íshöftum, uns það eyðist út í efri hluta og gengur að lokum út á háóxlina undir Austurri. Af henni er tilvalið að halda áfram upp rifið eftir leið 31. Að öðrum kosti er hliðrað út undir austurhluta rifsins.

31 a. Dreyri – ís.

Gráða 5 – 40 m – 1-2 klst.

FF: Björn Vilhjálmsson, Páll Sveinsson og Snæ-

varr Guðmundsson, 4. apríl 1987. Petta nýja afbrigði gerir Sólei og Austurrif enn fallegri og beinni. Jafnframt því er spönnin erfið og mjög krefjandi. Að öðru leyti vísast til leiðarlýsingar á Sólei og Austurri.

32. Austurrif – snjór/ís.

Gráða 4 – 250 m – 3-4 klst.

FF: Jón Geirsson og Kristinn Rúnarsson, 17. febr. 1985. Löng og alvarleg snjó- og ísleið. Getur verið snjóflóðahætta í megingilinu sem og í undirhlíðum Skarðshorns. 2 spannir upp Austurri. Augljós leið í neðri hluta, flókið leiðarval í efri hluta.

Upp meðfram Hnitbjörgum í megingilinu. 2-3 brött íshöft. Efst í glinu er hliðrað upp á við til vinstra upp á óxlina undir austurri.


Upp vinstra megin á rífinu og upp á snjósyllu á vinstra hönd. Paðan upp þróngan skorning með hliðrun til vinstra ofarlega og svo upp á brún.

33. Hrollur – berg.

Gráða VI – 200 m – 7 klst.

FF: Björgvin Richardsson og Snævarr Guðmundsson, 13. sept. 1983. Fyrsta uppfærð að vetrarlagi í maí 1984 af Björgvini og Óskari Þorbergssyni. Inniheldur V. og VI. gráðu klifur, en 5. og 6. að vetrarlagi. Mjög erfið og alvarleg klettaleið. Fyrsta leiðin í Skarðshorni. Vandrotuð í efsta hluta. Berg laust og skal því klifrað í frostveðrum. 7-8 spannir með slæmum megintryggingum.

Mynd 9. Skarðshorn og Hnitbjörg. Ljósm. S.G.





Mynd 10. Skarðshorn. Álfaborg er vinstra megin við Skarðshorn og Tröllakambur hægra megin. Ljósm. S.G.

NORÐURHLÍÐAR HEIÐARHORNS, 1053 M.

Frá hæsta punkti snjóskaflsins undir megingilinu leiða 3-4 spannir (III., IV gr.) upp á miðrifið í Skarðshorni. Því er fylgt vinstra megin, upp undir höfuðvegginn (II. gr.), þá er hliðrun til hægri eftir breiðri syllu um ca. eina fulla spönn. Eftir brölt upp 2 klettabelti tekur við gróf í höfuðvegnum, sem inniheldur 6. gr. hreyfingar í efsta hluta. Af mjórri syllu til hægri upp í horn með stefnu til vinstri. Upp það (5-5+ hreyf.). Af syllunni þar fyrir ofan er haldið vestur fyrir efsta klettabeltið og upp þar á augljósum stað (III. gráða).

34. Vesturrif – snjór/ís.

Gráða 3/4 – 200 m – 2-3 klst.

FF: Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson, Snaevarr Guðmundsson og Þorsteinn Guðjónsson, 23. nóv. 1986. Skemmtileg klifurleið, erfiðust í efsta hluta. Augljós. 2 spannir upp höfuðveginn.

Vesturrifinu er fylgt að eigin vali í neðri hluta. Þegar að Höfuðvegnum kemur er haldið vestur með að greinilegu snjógili. Fremur neðarlega í því er farið út á rif vinstra megin og upp skorning sem leiðir upp að hengjunni. Yfir hana á léttasta stað.

Norðurvegg Heiðarhorns myndar bratt og víðattumikið hamraþil, sem gengur upp á hátind hornsins. Hann er hæstur af norðurveggjunum þremur og allhrikalegur útlits.

Stór og mikil sylla sem liggur þvert yfir vegginn skiptir honum í tvö hamraþil. Gengur það eftir í brattan hávegg, um 40 metra háan efst. Neðra hamraþilið myndar stórgerð klettabelti sem fela í sér lykilhluta leiðanna. Frá hátindinum ganga niður tvö mikil gil gegnum hamraþilin, en um það eystra liggur fyrsta leiðin sem klifin var í norðurvegg Heiðarhorns.

ENN má það til tíðinda telja ef Heiðarhorn er klifið úr norðri. Leiðir eru allkrefjandi en auðvelt er þó að flýja úr vegnum, eftir syllunni í miðjum vegg, ef eitthvað kemur upp á, t.d. óvænt veður.

Aðkoma að norðurvegg Heiðarhorns er frá bænum Efra-Skarði í Svínadal og tekur gangan 2-3 klst. Ef fært er um gamla Skarðsheiðarveginn, sem er sjaldgæft yfir háveturinn, styttað ganga til mikilla muna.

Til niðurferðar vísast til leiðar nr. 10 um Skarðsdal að Efraskarði til suðurs, en lýsingar nr. 37 niðurleið af Heiðarhorni að Skessusæti, til norðurs.



Mynd 11. Norðvesturveggur Heiðarhorns. Ljósm. S.G.

35. Jónsgil – ís/snjór.

Gráða 4 – 300 m – 2-6 klst.

FF: Jón Geirsson, 16. apríl 1983. Samfellið og erfið snjó- og ísleið. Fyrsta leiðin í norðurhlíð Heiðarhorns. Auðroutuð, en með tveimur lykilköflum. 5-8 spannir með auðveldara klifri á milli í neðri hluta. Lítið af hvíldarsyllum. Megintryggingar í snjó og ís.

Neðst í gilinu er auðvelt íshaft. Yfir það og upp gilið að 8-10 m háum ísfossi (fyrri lykilkafli). Eftir íshaft þar fyrir ofan, er haldið beint upp gilið sem inniheldur nokkur íshöft. Ofarlega er sveigt til vinstri upp á háhluta eystra rifsins. Vinstra megin í því er gróf. Upp hana að háveggnum. Hann er um 40 m hárr, brattur og er oft með erfiða hengju. (Seinni lykilkafli).

36. Meinhornið – klettar.

Gráða IV- 300 m. – 6 klst.

FF: Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson, 28. sept. 1985. Krefjandi klettaklifurleið með mjög misjöfnu bergi. Átta spannir. Löng og alvarleg leið, en með góðum megintryggingum.

Haldið er upp hægra megin á vestara rifi, fyrst tvær spannir af III. gráðu, þá ein af IV. Þá er komið


undir hæsta klettabeltið. Þar er farið til vinstri yfir gilið með varkárnii, en þó hratt vegna hættu á grjóthruni. Á eystra rifi er farið fyrst upp greinilega gróf á miðju rifi (IV). Þaðan er rifi fylgt að háveggnum og síðan beint upp hann – 3 spannir af III. og IV. gráðu (laust berg).

37. Af Heiðarhorni að Skessusæti (niðurleið).

Frá hátindi Heiðarhorns er haldið suður í skarðið milli Skarðshyrnu og Heiðarhorns. Vestur úr skarðinu á auðveldasta stað, niður og þá norður með Heiðarhorni. Skal hafa gát á að halda nógum vestarlega vegna hamrabrúnar í neðri hluta Heiðarhorns (varúð í þoku).



ÞAÐ ER ALLTAF FJÖR Í BSÍ-FERÐUM



Vissir þú, að HRINGMIÐI og TÍMAMIÐI eru lykillinn að ódýru og skemmtilegu ferðalagi um Ísland.

Og fyrir þá sem leigja vilja HÓPFERÐABÍLA þá bjóða BSÍ-HÓPFERÐABÍLAR uppá margar stærðir bíla til fjallaferða, sem taka frá 12 upp í 60 manns.

Í bílaflota okkar eru lúxus innréttar bílar með videótæki og sjónvarpi og allt þar á milli.

Láttu okkur gera tilboð sem þú getur ekki hafnað.



BSÍ Hópferðabílar
Umferðarmiðstöðinni
Reykjavík
Símar 22300 – 25035

Ferðaskrifstofa BSÍ
Umferðarmiðstöðinni
Reykjavík
Sími 22300

Síðasta haust efndi ritnefndin til smásagnasamkeppni meðal klúbbfélaga. Undirktir voru góðar og var því nefndinni mikill vandi á höndum að skera úr um ágæti þeirra. Varð þó sagan „Afrekið“ eftir Guðmund K. Birgisson fyrir vali og fer hún hér á eftir.


Afrekið

GUÐMUNDUR K. BIRGISSON

Teikning: Sigurborg Steinþimsdóttir.

Petta var fallegur morgunn. Sólin lyfti sér í róleg heitum upp fyrir fjallstindana og skildi þá eftir baðaða gullnum geislum sínum. Hrímið á moldinni í kálgarðinum hvarf smám saman og morganhanar bæjarins fóru á kreik. Hann var löngu kominn á ról. Hann hafði lagt af stað strax í birtingu, og hingað til hafði ferðin sóst ótrúlega vel. Samt var honum ekki alveg rótt. Það skipti litlu þótt honum gengi vel hér niðri á jafnsléttu; klifrið var eftir. Og þvílíkt klifur! Hann hafði aldrei tekist á við neitt þessu líkt, hvorki svona mikla hæð né svona erfitt klifur tæknilega séð. Og það var fleira sem olli honum áhyggjum. Kuldinn. Ef einhver ís væri í suðvesturhliðinni yrði hann frá að hverfa. Að reyna að klífa hana í ís væri ekki aðeins heimskulegt heldur líklega banvænt. Það yrðu honum mikil vonbrigði að þurfa að snúa við.

Undirbúningur ferðarinnar hafði staðið frá því snemma um veturinn og núna loksins, þegar komið var fram á vor, var draumurinn að rætast. Raunar var þetta gamall draumur. Allar götur frá því að hann var líttill hafði hann horft á það með lotningu þar sem það gnæfði yfir heimabyggð hans eins og Alpatindur yfir svissneskum smábæ. Og um leið og hann var farinn að hugsa sjálfstætt varð það helsta markmið hans að sigrast á því. Pess vegna gat hann ekki hugsað þá hugsun til enda að þurfa að snúa við loksins þegar takmarkið var í sjónmáli. Hann jók hraðann. Annar óvinur hans var myrkrið. Þótt hann kæmist upp yrði hann að komast niður aftur og það varð að gerast í dagsbirtu. Tefðist för hans fram í myrkur yrði hann að eyða kaldri nótt í mikilli hæð og allsendis óvist að hann lifði slíka útvist af. Að vísu var það hálf undarleg tilhugsun að vera að hafa áhyggjur af myrkri á degi sem þessum. Sólin skein í heiði, himininn var fagurblár og vart hægt að hugsa sér betra veður til fararinnar. Hann hugsaði um það hve stórkostlegt útsýnið yrði. Heimabyggðin yrði



eins og útbreitt landabréf fyrir neðan hann; hann yrði fyrrstur til að virða hana fyrir sér af þessum stórkostlega stað. En þetta voru tveir fuglar í skógi en enginn í hendi; hann átti eftir erfiðasta klifur sem nokkurn tímann hafði verið framkvæmt, áður en hann gæti farið að rifja upp landafræðina úr hásæti sínu himnum ofar.

Þegar hann kom að rótum þess létti honum stórum. Það var enginn ís sjánlegur. En þrátt fyrir það yrði þetta erfitt, jafnt andlega sem líkamlega. Hann fékk sér að borða og horfði á klifurleiðina á meðan. Hann þekkti hana nákvæmlega. Að vísu hafði hún aldrei verið klifin en hann hafði rannsakað hana vel og taldi hana færa. Hann lauk við matinn, axlaði byrðarnar og lagði á brattann. Í fyrstu var klifrið tiltölulega létt, hann var líkamlega vel á sig

kominn og hreyfingarnar voru markvissar og öruggar. Honum miðaði vel áleiðis og eftir fjórar klukkustundir var hann hálfnaður. Hann var hálfnaður með að ná æðsta takmarki lífs síns, hálfnaður. Að vísu var seinni helmingurinn erfiðari, en hann var fullur bjartsýni þar sem hann hékk í þverhnípinu og borðaði. Einhversstaðar þarna langt fyrir neðan var heimili hans, kálgarðurinn og rósabeðið og allt hitt sem honum þótti vænst um. Hin heittelskaða sæti sjálf sagt í garðinum skjálfandi af ótta um hann, elskhuga sinn. Samt datt henni ekki í hug að reyna að telja hann af ferðinni. Hún vissi hversu mikilvægt þetta var honum; hún vissi að fyrr eða síðar myndi hann reyna og fyrr var alveg eins gott. Hún hafði hins vegar meiri afskipti af afkvæmunum. Pau voru á unglingsaldri og þegar farin að klifra eins og faðirinn. Aðfarir þeirra lofuðu góðu og eflaust yrði þess skammt að bíða að þau færðu létt með að stinga pabba af í hvaða klifri sem væri. En hvað um það, hann varð að fara að hreyfa sig ætti hann að komast á toppinn fyrir kvöldið. Og áfram hélt hann ótrauður, í anda forfeðranna sem fóru ótroðnar slóðir vitandi það að hver ferð gæti orðið þeirra síðasta. Upp, upp í átt til himinsins sem á þessari stundu virtist honum fugurri en nokkru sinni fyrr. Hann var farinn að nálgast toppinn og degi tekið að halla. Klifrið gekk vonum framar, en hann hafði áhyggjur af því hve áliðið var orðið. Himinninn var byrjaður að roðna og hrollur fór um hann við tilhugsunina um að verða ef til vill að eyða nótinni í þessari miklu hæð. Þá væri hætt við að konan svæfi lítið. Og sennilega myndi hún kalla út alla tiltæka til að grennslast fyrir um afdrif hans. Sennilega myndi hún eldast um túu ár á þeirri einu nóttu. Mitt í þessum hugsunum rann hann til og var næri dottinn. Hann var farinn að þreytast og þetta óhapp var staðfesting þess. Hann slapp með skrekkinn og kaldur sviti spratt fram á enni hans. Ef hann hefði dottið hefði hann ekki þurft um sárt að binda. Á þessum hluta var beint fall alla leið niður á jafnsléttu og þar sem hann var ekki með neins konar öryggislínu myndu alvarleg mistök kosta hann lífið.

Hann fylltist óöryggi við tilhugsunina. Til hvers var hann líka að þessu? Hann var að hætta lífi sínu til að fullnægja einhverri hvöt sem hann kunni ekki einu sinni að nefna. Hvöt sem aðrir þekktu ekki og skildu ekki. Hann var að taka tilgangslausa áhættu, leika sér að fjöregginu. Hann nam staðar og róði sig niður. Auðvitað var þetta ekki tilgangslaust. Hann vissi hve mikla ánaegju það myndi veita honum að komast á toppinn. Að vera fyrstur til að sigrast á honum, að sanna fyrir sjálfum sér að það sem hann hafði ætlað að gera allt frá barnæsku væri mögulegt. Þetta yrði persónulegur lokasigur hans á sköpunarverkinu. Allt í einu tók hann eftir því að farið var að skyggja. Sólin var hnigin til viðar og tekið að kólna í lofti. Hann reif sig upp úr dagdraumunum og hélt áfram klifrinu, stynjandi og með verki í öllum líkamanum. Lokakaflinn kostaði mikil átök og alla orku sem hann átti eftir.

Pegar hann sat loksins á toppnum var hann örmagna. Pað var komið myrkur svo útsýnið var ekkert líkt því sem hann hafði búist við. Bláleitum bjarma sló á heimabyggðina fyrir neðan hann og stjörnurnar skinu á himninum bjartari en nokkru sinni. Hann lokað augunum og slakaði á. Fyrir hugskotssjónum hans flögruðu ýmsar kynjamyn dir, hann sá fyrir sér klifurleiðina, kálgarðinn og rósirnar, ástina og afkvæmin og allt rann þetta saman í eina litablöndu sem hann skynjaði þó sem eitthvað ákveðið. Hann velti fyrir sér hvað hann ætti að taka til bragðs fyrst hann kæmist ekki niður strax en komst ekki að niðurstöðu. Hann var of þreyttur til að hugsa skýrt og hann var farinn að skjálfa af kulda. Parna lá hann einn og yfirgefinn; enginn gæti komið honum til hjálpar en hann hugsaði ekki um það. Með sjálfum sér var honum sama. Hann hafði náð takmarki sínu og þá gerði svo sem ekkert til þótt það yrði hans síðasta verk. Og um leið og hann hvarf á vit feðranna hugsaði hann brosandí af stolti um afrek sitt. Hann hafði orðið fyrsti snigillinn til að klífa hæsta rabbarbarablaðið í bakgarðinum á Laufásvegi sex.



NESTISHORNIÐ

UMSJÓN TORFI HJALTASON

Fjallalambið að hætti fjallamannsins

Skammtur fyrir 1-2

Efni:

1-2 góðar lambalæriseiðar (eða lambalundir)
hrísgjón, 1 skammtur af þeim sem þurfa 5 mín. suðu
1/2 – 1 pakki af pakkasósu, t.d. græniparsósu
(með æfingu tekur þessi matseld 10-15 mínútur)

Matreiðsla:

Gott er að hálfssteikja kjötið áður en lagt er af stað,
rétt bregða því á þönnuna (loka því).

Sjóða grjónin eins og sagt er til um á viðkomandi
pakka. Gott er að saxa ferska papriku eða þurrkaða út
í. Þegar hrísgjónin eru tilbúin, leggja þau til hliðar og
halda heitum.

Steikja kjötið í smjörklípu á þönnu ásamt því að
blanda sósduftinu í bolla samkvæmt leiðbeiningum á
pakknum. (Ekki er nauðsynlegt að nota mjólk í sósuna,
þó það standi á pakknum).

Hellt yfir kjötið á þönnunni og látið malla í smá-
stund (3-4 mínútur á vægum hita).

Gerið svo vel!

Ferðist ódýrt Gistið á farfuglaheimilum



Kynnið ykkur
ferðaþjónustu
Farfugla



Bandalag Íslenskra Farfugla

Icelandic Youth Hostels Association
Laufásvegi 41, Reykjavík
sími 91-10490

koflach

Leiðandi merki í
fjallgönguskóm.
Notaðir af fremstu
fjallamönnum Íslands

VIVA SOFT:

Hálf stíflir fjallgönguskór
Kjörnir fyrir göngur allt árið um kring.
Henta vel fyrir þá sem vilja alhliða skó.



ULTRA:

Fyrir þá sem gera sérstakar kröfur.
Alistíflir þannig að þeir henta vel
fyrir þá sem eru í klifri eða nota
brodda mikið.



ULTRA EXTREM:

Alstíflir vetrar- og háfjallaskór.
Með sérstaklega sterkri skel og hlýjum
innri skó. Skór sem margir af þekkt-
ustu háfjallaklifrurum heims hafa valið
þar sem góðir og hlýjir skór skipta
sköpum.



Vesturröst hf

Laugavegi 178, R.,
sími 16770 — 84455

Ný leið í Grafarfossi

EFTIR PÁL SVEINSSON

Petta hófst allt á Alpaklúbbsfundi eitt kvöldið þegar ég sprýr Helga hvað eigi að gera næstu helgi og ekki stóð á svari.

„Fara í dalinn, hvað annað eins og blíðan hefur verið undanfarið, hlýtur að vera þurrt og þraelgott færi.“ „Ekki líst mér illa á þessa hugmynd, að taka smá æfingi í klettum fyrir pásku. Höfum samband fyrir helgi og ákveðum tíma.

„OK, sjáumst.“

Á föstudagskvöldið hringir síminn og Helgi segir: „Hefurðu litið upp í dal?“

„Nei, það hef ég ekki gert.“

„Það er allt á kafi í snjó.“

„Æ, æ það var leitt, hvað skal þá gjöra?“

„Hvernig líst þér á Grafarfossinn?“

„Er það nú ekki of venjó?“

„Ja, við getum alltaf gert nýja leið, er það ekki í tísku núna?“

„Ekki svo slæm hugmynd, en þá verðum við að leggja snemma af stað, hvernig líst þér á hálf níu?“

„Fínt.“

„Þú mætir þá.“

„OK.“

Um morguninn, stundvíslega (að sjálfsögðu) er kappinn mættur og ég rétt kominn í brækurnar, öllu hrúgað í pokann í snarhasti og skutlað út í bíl og af stað. Helgi sprýr:

„Hvað ert þú með margar tryggingar?“

„Níu.“

„Og ég með sjö, er það nú ekki helst til mikið?“

„Jú, það held ég.“

„OK, ég skil eina eftir, en hvað með snjóankerí, ég tók eitt með.“

„Snjóankerí, til hvers erum við að fara í ísfossaklifur?“

„Hvað er þetta, maður veit nú aldrei.“

Henti því aftur í bílinn.

Þegar við komum upp að fossi segir Helgi:

„Helvítí er hann blautur, ekki vildi ég fara venjulegu leiðina núna.“

„Enda stóð það ekki til, hvað með direkt?“

„Líst vel á það, en sjáðu: Það er nýr foss þarna.“

„Hvar?“

„Parna við hliðina á granna, þessi granni.“

„Við verðum nú að taka direktinn, þetta er sennilega síðasti séns, hver tekur fyrstu, ert þú með uppástungu?“

„Verð ég ekki að gera það, þú tókst síðustu?“

Par með var rokið í að gera klárt. Helgi:

„Hvað viltu taka margar tryggingar?“



Grafarfoss í Esju. Leiðin er merkt inná. Ljósm. Páll Sveinsson.

„Ég tek fimm, það hlýtur að duga, fyrsta er hvort sem er svo létt.“

Par með rauk ég af stað. Skellti inn einni góðri eftir sautján metra og rauk áfram eina fimmtán. Varð það á að líta niður og sá það að ég var kominn helst til langt og orðið ansi bratt eða eiginlega snarbratt. Par með byrjaði ég að reyna að troða inn skrúfu, sem gekk ekki allt of vel þannig að ég setti aðra. Hugsaði með mér að ekki mætti ég detta í þetta rusl og mjakaði mér af stað. Pregar ég var kominn með tærnar í skrúfuhæð sat allt fast og öskraði ég niður að gefa slaka og hugsaði illa um Helga sem hafði það gott niðri.

„Pað er nógur slaki“, var svarið.

Ég hríðskjálfandi tók þá eftir að fifihúkkið var fast í tryggingunni og lét ég klaufaskap minn í ljós með gífurlegu jóðli. Losaði hendina úr annarri öxinni og reyndi að teygja mig niður og krækja króknum úr, en náði ekki. Þá var ekki annað en að losa sig við krókinn, en ég gat það ekki nema að fara úr vettlingnum, sem gekk fljótt fyrir sig. Losaði mig og ætlaði í vettlinginn aftur, en ekki gekk það því til þess þurfti ég tvær hendir, en hafði því miður ekki nema eina til ráðstöfunar í augnablikinu. Ég reyndi að troða vettlingnum inn á mig og halda áfram. Var ekki kominn nema þremur metrum lengra þegar ég horfði á eftir vettlingnum niður til Helga. Par fór það og áfram var haldið, tveimur metrum ofar lenti ég svo í ísskel sem ég varð að moka mig í gegnum berhentur og kaldur. Þá heyrist öskur að neðan:

„Geturðu ekki haft kögglana minni, þetta lendir allt á mér.“

„Jú, jú ég skal reyna.“

Paufaðist áfram upp í helli, sem myndast alltaf í miðjum fossinum og skellti inn einni alveg skotheldri af lengstu gerð og öskraði:

„Er til.“

Það sem hafði tekið mig hálftíma að paufast upp var Helgi aðeins kortér að hlaupa. Hann var síðan snöggur að gera sig kláran til þess að rjúka áfram. Samt tók hann smá pásu til að pústa og líta á áfram-haldið og segir:

„Helvítí verður þetta töff, níutíu gráður alla leið upp.“

„Hvað er þetta, þú nærd að tönnella þetta.“

„Ég er innskeifur og missi allan ballans ef ég stend útskeifur.“

„Æ, æ það var nú verra, en drífdou þig nú af stað.“

Par með var hann rokinn fyrir hornið, ég flutti mig umsvifalaust út á hornið til að fylgjast með. Á frábærari stað hef ég aldrei staðið, allt íshróngl fór langt framhjá mér og útsýnið alveg frábært. Pregar Helgi hafði hliðrað svona þrjá metra setti hann inn skrúfu.

„Ekki líst mér á framhaldið, en ísinn er góður.“



Hetjur dagsins. Páll (t.v.) og Guðmundur Helgi.

Með það lagði hann af stað, en varla var hann kominn meter af stað þegar hann sagði:

„Petta tókst mér, að húkka króknum í“, en honum gekk mun betur að losa en mér. Einni skrúfu seinna kemur neyðaróp:

„Barakúdan er að detta í sundur, hún skröltir öll. Heyrðu Palli, hefurðu tekið barakúdu í sundur? Veistu hvort það er bolti í gegn?“

„Auðvitað er bolti í gegn, hvað annað!“

„Pá held ég bara áfram.“

Tveim skrúfum seinna heyrist:

„Hvernig er það, er fossinn ekki búinn í brúninni sem við sjáum?“

„Jú, jú, það held ég.“

„Ég tek þá restina í einum hnykk.“

„OK.“

Einni mínumútu seinna heyri ég gólað:

„Andskotinn, ekki astur.“

Þá var hann búinn að húkka króknum aftur og nú á versta stað. En eins og sannri hetju sémir, bjargaði Helgi þessu með heiðri og sóma. Sá ég hann hverfa upp fyrir brúnina og hafði varla undan að gefa út línumuna.

„Línan er búin“, kallaði ég.

„Það er enginn ís hérra“, heyrist að ofan. „Ertu til í að koma á einfaldri níu upp?“

„Ekkert mál.“

Horfði á eftir annarri línumni upp. Ég gerði mig klár-an í hvelli og skellti mér fyrir hornið að fyrstu skrúfu og hugsaði: Ansi er ísinn góður, það verður gaman að þessu. Það sem tók Helga klukkutíma að klifra tók mig tæpan hálftíma. Þá var ekki nema eitt eftir, það var að taka sjálfsmynd af hetjunum í tilefni dagsins.



Í MINNINGU FÉLAGA

Broddi Magnússon

F. 08-12-1963. D. 11-10-1986.

Pegar góður vinur hverfur á braut, finnst manni eitthvað hafa breyst og þegar það er einnig klifurfélagi, er eins og hægri hendina vanti. Pannig er eina lýsingin sem ég á yfir minn góða félaga, Brodda Magnússon, sem varð að yfirgefa okkur á besta aldri. Ég kynntist Brodda í gegnum klifrið og honum á ég að þakka áhuga minn á klifri í dag. Kenndi hann mér allt sem ég kann.

Broddi hafði alveg óþrjótandi áhuga á að kynna sér allar nýjungar í klifri og fjallamennsku, því var það alveg óþrjótandi fróðleikslind að vera með honum.

Í fjallamennsku og klifri þarf að treysta vini sínum alveg óendenlega mikil og myndast því órjúfanleg vináttubönd, sem ekkert getur skilið sundur nema dauðinn. Átti ég því láni að fagna að geta verið félagi hans gegnum hans bestu ár og sé ég ekki eftir neinni stund, nema þá helst þeim sem við áttum ekki saman.

Eitt af því sem Broddi gerði best var að tileinka sér nýjungar í klettaklifri og fjallamennsku almennt. Hann var með það sjónarmið að klettaklifur væri sport út af fyrir sig, sem var nýjung á þeim tíma og svo sannur var hann í þeirri trú, að hann fór til Englands til að stunda þessa íþrótt áður en hún varð verulega vinsæl hér á landi.

Pó að Broddi hafi ekki orðið mjög gamall náði hann miklum árangri í klifri. Sem dæmi má nefna að hann var fyrstur á topp Hraundranga í Öxnalad að vetrarlagi, og sá fyrsti sem fór tvívegis á hann. Hann átti einnig þátt í annarri uppfærð á Kistuna, sem er tindur sunnan við Hraundranga. Broddi átti fyrstu og einu leið að norðaustur hlið Tröllafjalls í Glerárdal, einför norðurhlíð Kerlingar í Eyjafirði, og átti þátt í öllum klettaklifurleiðum í Munkapverárgili og mörgum í Kjarnaklettum við Akureyri. Broddi



Magnússon stundaði klettaklifur í Bretlandi og klifraði hann leiðir gráðaðar 5.10 sem fáir Íslendingar leika eftir jafnvel í dag. Ef honum hefði enst aldur til, hefði hann verið meðal fremstu manna í fjallamennsku í dag.

En að lokum varð Broddi að lúta í lægra haldi fyrir banvænum sjúkdómi, sem var erfiðasta verkefni á lífsskeiði hans, og sama hversu baráttuviljinn var mikill varð hann að gefast upp og hafa ekki möguleika á að reyna aftur.

Pinn félagi Palli.

Stríð og friður

VIÐTAL VIÐ CHRIS BONINGTON

EFTIR ÞORSTEIN GUÐJÓNSSON

Pað er líklega óparfi að kynna Chris Bonington fyrir lesendum ÍSALP blaðsins. Ferill þessa manns sem klettaklifrara, alpinista og leiðangursmanns er orðinn æði fjölbreyttur og langur. Freneyhryggurinn, Patagonia, Eiger, suðurhlíð Annapurna I, suðurhlíð Everest, og nú síðast tindurinn á Everest með norska leiðangrinum 1985. Petta eru bara örfá dæmi um afrekk þessa manns, sem nú er orðinn 52 ára. Eftir góða ferð út á Snæfellsnes sættist hann á að koma í stutt viðtal við ársrit ÍSALP.

Ekki hafði undirritaður mikinn tíma til að undirbúa viðtalið, þannig að fyrsta spurningin var nokkuð klassísk.


– Af hverju klifrarðu Chris?

– Af því að það er skemmtilegt, mér líkar tilfinningin að vera að klifra og að vera á fjöllum. Byrjaði þegar ég var 16 ára að klifra í klettum og ég verð að segja að grundvöllurinn hjá mér er og verður klettaklifur. Pegar ég fer á hærri fjöll kemur fleira inn í auk klifurs, tilfinningin að vera að kanna, sjálfsögrun, spurningin um ego, **stærra hærra nýtt ósnert**. Kemur samt allt að sama grunni, klettaklifri.


– 36 ár er langur tími fyrir einn mann að vera að klifra. Segðu mér frá þessum árum, breytingum og bróun.

– Klifur þróast og maður verður að sætta sig við það. Þú verður að fylgjast með, ef þú atlar að vera með af einhverju viti (eða þannig). Árið 1951 klifraði maður á negldum skóm, var í mesta lagi í leikfimiskóm í erfiðari leiðum, hampur og stálkarabínur. Toppurinn var HVS (5.7 – 5.8) og ég klifraði fljótlega þessa gráðu. Hvort sem þú trúir því eða ekki, þá var ég einn af betri klettaklifrurum á Bretlandi á þessum tíma. Upp úr þessu fóru málín að þróast, lykilatriðin voru P.A., mjúkir klettaskór, og Whillans og Brown, þeir voru bestir. Gerði mikil af því að


vera annar maður til að leiða leiðirnar þeirra. Árin 1961-62 komu hnetur, ádur notuðum við steina. Joe Brown var frábær í því, klifraði meira segja „aid“-klifur með því að nota steina. En hnetur ýttu standardinum töluvert framávið, jafnvel enn meir seinka. Um 1970 kemur Livsey með það að þjálfa sig sérstaklega fyrir kletta, þá rauk standardinn upp (E1 – 1965 E2 – E3. En í dag E7 – E9).



Chris Bonington (t.h.) ásamt Helga Benediktssyni og Guttormi Þórarinssyni á tindi Snæfellsjökuls í júní 1987. Ljósm. P.G.



Chris leiðir lykilihluta Upprisu II (5.8) í Stardal. Ljósm. P.G.



Chris Bonington á tindi Shivling á Indlandi. Ljósm. Jim Fotheringham úr bókinni „Everest árin“.

– Himalaya. Fyrst ertu þar 1960 og nú síðast 1987?
– Já þar finnur maður fyrir hvað græjurnar hafa þróast ofsalega. Þær breyttust nefnilega lítið þangað til á sjötta áratugnum. Fyrsti leiðangurinn undir stjórn Jimmy Roberts var í anda gamla tímans; – einkapjónn og „yes Shahib-búkk“. Nuptse nokkrum árum seinna var hins vegar einn af fyrstu nútíma leiðöngum. Erfið leið, 8 klifrarar og 6 sérpar. Fixaðar línar, samt engir júmarar, bara handstyrkt sig eftir línunum.

Próunin í dag er sú að menn hverfa frá „siege-style“ yfir í „alpine-style“ og þú getur séð hvað Bretar hafa verið að gera undanfarin ár. Þeir hafa verið að klikka á fullt af leiðum í Himalaya. Málið er held ég, að sumar leiðir henta „siege“, meðan aðrar henta „alpine“. Bretar hafa reynt með alpastíl og mistekist. Eru ekki eins agaðir og t.d. Pólverjarnir, vilja heldur fara sínar eigin leiðir og eru svoltíð óskipulagðir. Ég býst samt við því, að þetta haldi áfram að gerast.

– Svo þú heldur ekki að Himalaya verði eins og Alparnir í framtíðinni?

– Nei, Alparnir halda áfram að þróast á sinn hátt. Þeir eru reyndar að verða eins og stór leikfimisalur. Þú veist, þessir frönsku klífa margar leiðir á dag. En

Himalaya fjöllin eru svo stórr, það er þá að minnsta kosti langt í land að þessi tvö svæði verði sambærileg. Alpastíll þrýstir á „siege“ taktíkina eins og í kletta-klifri, fyrst stigar, svo frítt.

Pegar hér var komið sögu slepptum við okkur í röflum hitt og þetta í sambandi við fjallgöngur, en svo tókst mér að teyma þetta aftur inn á viðtalsgrundvöll.

– Hvað er minnistæðast Chris?

– Æi, þetta er alltaf svo erfið spurning. En Central Pillar á Freney er ennþá ofarlega í hugskotum mínum. Suðurhliðin á Annapurna var stórt skref inn í það ókunnuga. Suðurhliðin á Everest, það var aðallega skipulagningin á þeim leiðangri sem er minnistæð. Skemmtilegasta ferðin var hins vegar með Fotheringham á Shivling, fallegt klifur á áður óklifinn tind í alpastíl. Mér líkar líka að fara í ferð með einum manni.

– Hvað með Ísland, því litla sem þú hefur kynnst hér?

– Yndislegt land. Klifur er náttúrulega betra víðast annars hvar. En þið hafið umhverfi og andrúmsloft sem er frábært. Tómt land með góðu fólk, eftir því sem ég hef kynnst.

Klifurlega séð, virðist þið vera að gera allt rétt, frábært að vera að kanna það ókunnuga og halda síð-

an áfram að byggja upp reynslu. Fara til Himalaya eins og þið hafið verið að gera. Það eiga klifrarar eftir að koma, sem munu nýta sér reynslu ykkar.

— *Eitt af hitamálum hér eru boltar eða ekki boltar, hvað segir þú?*

— Það væri nú hálferð synd, t.d. í Stardal. Með boltum veistu ekki nógum vel hversu góður klifrari þú ert, — hvort þú getur leitt án bolta. Í öðru lagi eigið þið eftir að skoða það mikið og kanna. Betra er kannski að klára svæði, áður en boltað er. Ég er einginlega á móti boltum, kann betur við náttúrulegar tryggingar. Með boltum hættirðu alveg að skoða bergið með tilliti til náttúrulegra trygginga. En þið verðið að gera þetta upp við ykkur sjálfir, að setja inn bolta getur haft áhrif í báðar áttir.

— *Jæja Chris, hvernig líður þér annars í dag, hvernig hugsarðu um það liðna og framtíðina. Hamingjusamur?*

— Já. — Auðvitað er maður stundum dapur yfir horfnum félögum. Eicingjarnt náttúrulega, en þetta voru skemmtilegir vinir: Haston, Escourt, Tasker og Boardman. Ég og Doug höfum tapað svo mörgum félögum, að við erum alltaf að mynda ný sambönd. Pessu sé ég eftir (þ.e. vinunum). Að öðru leyti hef ég notið klifursins til fullnustu. Stundum hefur manni tekist, stundum mistekist. Góðu tímarnir hafa yfirskyggt þá slæmu. Það er ekki hægt að láta dauðsföllin hafa of mikil áhrif á sig, þessir menn vissu hvað þeir voru að gera, tóku áhættu. Kusu sér vissan lífsmáta, — maður er helst sár ættingjanna vegna.

Ég veit að ég er að verða gamall, en held áfram að klifra meðan ég hef gaman af því. Elska það hreinlega að klifra, og veit að það er hægt að njóta hlutanna lengi fram eftir aldri ef áhuginn er fyrir hendi og maður er jákvædur. Kannski er ég of djúpt sokkinn í fjallgöngurnar, annað lendir á hakanum. Málið er samt að við getum talað um þetta lengi, en munum samt alltaf koma til baka að því, hvort maður hefur gaman að því sem maður er að gera.

— *Svona í restina ætla ég að leggja fyrir þig spurningu. Segjum að þú þyrfir að dveljast á eyðieyju í eitt ár og mættir taka með þér eina bók og einhvær einn annan hlut. Hvernig myndir þú leysa þetta?*

— Já, en gaman. En bíddu við, örugglega ekki klifurbók. Stríð og frið eftir Tolstoy, finnst gaman að sögulegum bókum. Má ég taka lítinn klifurvegg?

- Nei
- Af hverju ekki? Bara einn lítinn færانlegan.
- Nei
- Petta skil ég ekki, þú sagðir einn annan hlut og ég vel lítinn klifurvegg.
- Hmm. Já, jæja fáðu þá þinn klifurvegg.
- Gott

Maðurinn er greinilega langt leiddur



LÖGMÁL FERÐAMANNSINS


- 1) Göngum ávallt frá áningarástað eins og við viljum koma að honum.
- 2) Skiljum ekki eftir rusl á víðavangi né urðum það.
- 3) Kveikjum ekki eld á grónu landi.
- 4) Rífum ekki upp grjót, né hlöðum vörður að nauðsynjalausu.
- 5) Spillum ekki vatni, né skemmum lindir, hveri eða laugar.
- 6) Sköðum ekki gróður.
- 7) Truflum ekki dýralíf.
- 8) Skemmum ekki jarðmyndanir.
- 9) Rjúfum ekki öræfakyrrð að óþörfu.
- 10) Ökum ekki utan vega.
- 11) Fylgjum merktum göngustígum þar sem þess er óskað.
- 12) Virðum friðlýsingarreglur og tilmæli landvarða.

Höfum þetta í huga og varðveitum þá auðlind sem náttúra landsins er, þannig að við fáum notið hennar um ókomna framtíð.



NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Fyrsti heiðursfélagi ÍSALP




Í vor var David Oswin gerður að fyrsta heiðursfélaga ÍSALP. Fer það vel á 10 ára afmælinu. David er klúbbnum að góðu kunnur, á hans vegum hafa þekktir fjallamenn eins og Doug Scott og Chris Bonington komið í heimsókn og haldið sýningar o.fl.

Heimsóknir þessar hafa verið ómetanlegar félögnum, bæði lærðómsríkar og skemmtilegar, svo og hjálpað til að opna huga landans. Því er ekki að neita að við erum ansi einangruð hér á skeriu og okkur er nauðsynlegt að vera í einhverjum tengslum við umheiminn, ef starfið á að vaxa og dafna.

David er vel kunnugur hér á landi, í nokkur ár hefur hann verið með ljósmyndaferðir hingað og einnig ferðast sjálfur um landið.



Við óskum David og Ísalp til hamingju með nýja heiðursfélagatitilinn.

Porsteinn Guðjónsson



MAMMUT klifurstólar, klifur-línur, lausar línar og lykkjur.

ÚTILÍF^H





Félagsstarf Ísalp

UMSJÓN MARGRÉT JÚLÍUSDÓTTIR
OG SALBJÖRG ÓSKARSDÓTTIR

FERÐIR

Esjan

Vesturbrúnir Esju voru heimsóttar 19. janúar (1986). Páttakendur voru 7 og var fararstjóri Jón Geirsson.

I febrúar (1986) var síðan farið á Hátind Esju frá Pverárkoti. Páttakendur voru 4 og fararstjóri var Guðjón Ó. Magnússon.

I janúar (1987) efndi klúbburinn til ferðar í Búahamra í Esjunni. Fararstjóri var Jón Geirsson og voru páttakendur 13 talsins. Farnar voru nokkrar léttar leiðir, m.a. var farin 55° N. Það óhapp vildi til að fararstjórunum skrikaði fótur og kom allharkalega niður. Meiðsli reyndust þó ekki alvarleg eðlis og fór betur en á horföist.

Botnssúlur

Sunnudaginn 9. mars (1986) var farin klifurferð í Botnssúlur. Fararstjóri var Guttormur B. Þórarinsson og voru páttakendur 6.

Bratti

Talsvert hefur verið unnið í Bratta síðastliðið sumar og í haust. Skálinn var máláður að utan og sett í hann kabyssa í stað gashitarans, sem eyðilagðist í vetur er brýstijafnari gaf sig. Farnar hafa verið 3 ferðir, 1 dagsterð og tvær 2 daga ferðir og hafa 10 manns innt þar starf af höndum. Gaskerfið í Bratta var óvirkt allt sumarið, en var komið í lag í vinnuferð í september.

Að gefnu tilefni er fólk áminnt að eiga ekkert við gasið, nema það kunni til þeirra verka.

Skarðsheiði

Jón og Snævarr fóru ásamt Michael Scott á Skarðsheiðina 1. maí (1986). Fóru þeir upp nv-vegg Skessuhornins í heldur leiðinlegu veðri.

Hvannadalshnúkur

Um hvítasunnuna (1986) var farið í Skaftafell og gist þar í tjöldum. Gengið var á Hvannadalshnúk, Virkisjökulsleiðina í góðu veðri en mjög þungu færri og var leiðin því óvenju seinfarin.

Páttakendur voru 6 og fararstjórar Ingimundur Stefánsson og Jón Viðar Sigurðsson.

Fjallkirkjan

Helgina 11.-13. júlí (1986) var gengið á skíðum úr Þverbrekknamúla í Fjallkirkju (1.226 m). Fararstjóri var Guttormur B. Þórarinsson og páttakendur 6.

Torfajökulssvæðið

Helgina 22.-24. ágúst (1986) var farið á Torfajökulssvæðið. Gengið var á Háskerðing og Skerínef. Á sunnudeginum var gengið langleiðina inn að Strútslaug. Páttakendur voru 4 og fararstjóri var Guðjón Ó. Magnússon.

Eyjafjallajökull

Pangað var farið helgina 8.-9. nóvember (1986). Gengið var á göngu/fjallaskíðum upp undir neðsta skerið. Þar voru grafin snjóhús og gist. Um nöttina snjóði og urðu menn að hafa vara á sér og fylgjast með loftræstingunni. Páttakendur voru 8 og fararstjóri var Kristinn Rúnarsson.

Tindfjöll

Um verslunarmannahelgina 1987 var boðað til vinnuferðar í Tindfjöll og stóð mikil til. Hamarshöggin kváðu við í Tindfjöllunum alla helgina, var skipt um suðurgafi í skálanum og skipt um hurð. Glugginn á svefnloftini var stækkaður og haður opnanlegur. Þá var dytt að ýmsu inni í skálanum og hann þrifinn hátt og lágt. Rusl var tínt í kringum skálann og því ýmist brennt eða tekið með í bæinn. Hlerar, sem voru fyrir gluggum, voru teknir af og þeim einnig brennt ásamt ónýta viðnum úr gaflinum. Átta manns lögðu hönd að plöginn og sáu trésmiðirnir Guttormur Þórarinsson og Jón Geirsson um verkið.

Pumall

Klúbburinn efndi til ferðar á Pumal (II./III. gr.) í Vatnajökli (1279 m en Pumall sjálfur er 120 m hárr) helgina 4.-6. september 1987. Páttakendur voru 6 og fararstjóri var Páll Sveinson. Farin var hin hefðbundna leið upp á Pumalinn og fóru allir upp. Farið var á einum degi, úr og aftur í tjaldstað í Skaftafelli og tók gangan 15 tíma.



Við Gígjökul á leið á Eyjafjallajökul. Á myndinni eru Rúnar Vilhjálmsson, Guðmundur Eyjólfsson og Haraldur Ólafsson. Ljósmynd: Árni G. Reynisson.

Námskeið

Vetrarfjallamenntskunámskeið

var haldið helgina 22.-23. febrúar 1986 í Skessuhorni. Páttakendur voru 9 og leiðbeinendur Magnús Guðmundsson og Torfi Hjaltason.

Í mars 1987 var vetrarfjallamenntskunámskeiðið aftur haldið þar. Leiðbeinendur voru Guðmundur Helgi Christensen, Páll Sveinsson, Einar Torfi Finnsson og Leifur Órn Svavarsson. Nemendur voru 12 talsins.

Snjóklifurnámskeið

Nýtt námskeið, snjóklifurnámskeið var líka haldið helgina 22.-23. febrúar. Er það hugsað sem framhald af vetrarfjallamenntskunámskeiðinum. Páttakendur voru 10 og leiðbeinendur Jón Geirsson og Snaevarr Guðmundsson. Fyrri daginn voru báðir hóparnir æfðir í meðferð axa og brodda í Kötłunum undir Skessuhorni. Seinni daginn kennu Magnús og Torfi áfram í Kötłunum, en Jón og Snaevarr fóru með sinn hóp upp bratt afbrigði á NA-hrygg Skessuhorns. Legið var í tjöldum í Kötłunum.

Klettaklifurnámskeið

var haldið í Stardal 10. maí (1986). Kennarar voru Björn Viljhálmsson, Jón Geirsson og Þorsteinn Guðjónsson, ásamt Michael Scott. Páttakendur voru 10. Helgina áður leiðbeindi Michael kennurum klúbbinsins og töku 8 manns þátt í því.

Aftur var haldið klettaklifurnámskeið helgina 13.-14. júní (1987) í Stardalnum. Nemendurnir 12 æfðu klifurtæknina undr leiðsögn þeirra Páls Sveinssonar, Guðmundur Helga Christensen og Péturs Ásbjörnssonar.

Ísklifurnámskeið

í Gígjökli var haldið helgina 18.-19. október (1986). Páttakendur voru 10 og kennarar voru Torfi Hjaltason og Pétur Ásbjörnsson.

Jöklanámskeið

var haldið í Kerlingarfjöllum helgina 21.-23. ágúst 1987. Nemendur voru 5 talsins og leiðbeindi þeim Torfi Hjaltason. Markmiðið var að veita nemendum grunnpbekingu í jöklafærðum á eigin spýtur, t.d. æfð meðferð ísaxar, að ganga í línu o.fl. Æft var í Hveradöljunum (undirhlíðum Fannborgar) og gisti var í tjöldum.

Myndasýningar

Himalaya

Michael Scott hélt myndasýningu á Hótel Loftleiðum þann 12. maí (1986). Sýndi hann myndir frá leiðöngrum

sínum árið 1985-á Makalu (8.481 m) og Nanga Parbat (8.125 m). Sýninguna sótti 80-90 manns. Áður hélt Michael sýningu í húskynnum klúbbinsins og sýndi þá myndir frá klifri á Bretlandseyjum. Mættu þá um 30 manns.

Í júníþyrjun 1987 sótti Bretinn Chris Bonington klúbbinn heim og hélt myndasýningu í Risinu. Sýninguna kallaði hann Everest-árin. Voru myndirnar frá fjallamenntskufelli hans; frá Himalaya og víðar, m.a. sýndi hann frá norska leiðangrinum á Everest 1985, en þá var Chris einn þeirra, sem komust á toppinn. Auk þess að sýna myndirnar var hann með raddir nokkura félaga sinna af segulbandi. Var sýning hans hin vandaðasta og góður rómur gerður að. Um 130

manns nutu þessarar frábæru sýningar.

Í upphafi sýningarinnar færði Guðjón Ó. Magnússon breska ferðaskrifstofueigandanum David Oswin, fyrsta heiðurstfélaga Ísalp, heiðursskjálpví til staðfestingar og þakkaði honum hlýhug og stuðning við klúbbinn á undanförnum árum.

McKinley

Myndasýning var haldin í Risinu þann 19. nóvember (1986). Björgvin Richardsson sýndi myndir frá ökuferð sinni og Óskars Þorbergssonar um Kanada, göngu þeirra sem lauk í um 5.700 m hæð á McKinley (6.149 m) og síðan ökuferð þeirra um Bandaríkin. Um 50 manns sáu sýninguna.



Að afloknum vinnudögum í Tindfjöllum: Guttaur Þórarinsson, Torfi Hjaltason, Helga Garðarsdóttir, Anna Lára Friðriksdóttir, Sigursteinn Baldursson og Jón Geirsson. Ljósm. Salbjörg Óskarsdóttir.



Frá árshátið Ísalp að Grensásvegi 5. Jón Viðar Sigurðsson með stóra vinningsinn úr happdrættinu. Páll Sveinsson og Ingimundur Stefánsson grænir af öfund. Ljósm. Salbjörg Óskarsdóttir.

Skemmtanir

Árshátið

var haldin dagana 15.-16. febrúar (1986). Hafði verið fyrirfram ákveðið að ágði af henni rynni í kabyssusjóð Bratta. Um framkvæmd hennar sáu þau Anna Lára Friðriksdóttir og Björn Vilhjálmsson. Voru veitingar framreiðdar á staðnum, bæði í föstu og fljótandi formi. Þá var stiginn dans fram undir morgun og sýndu margir hverjur ótrúleg og áður ókunn tilþrif í þeiri mennt.

Í vetrar (1987) var árshátiðin haldin

20. febrúar og aftur í umsjá þeirra Önnu Láru og Björns. Margt var til skemmtunar og var keppni háð í hinnum ýmsu greinum fjallamennskunnar, svo sem hnútagerð og fleiru. Þá gilti aðgangsmiðinn sem happdrættismiði og m.a. fór Jón Viðar heim með splunkunýjan bíl. Skemmtunin var mjög vel sótt og stóð fram á næsta morgun.

Jólaglöggin

var mölluð síðasta föstudagskvöld-

ið fyrir jól, þ.e. 19. desember (1986). Umsjá með því höfðu þær Margrét Júlíusdóttir og Salbjörg Óskarsdóttir og nutu góðrar aðstoðar Önnu Láru við gerð lagarins. Ymsir komu með sýnishorn af jólabakkelsi sínu og salurinn var skreyttur. Í hinni árvissu stólakeppni klúbbssins varð hinn margfaldi meistari Jón að lúta í lægra haldi og bar Salla sigur úr býtum. Síðan sýndu nokkrir fjallagparar listdans við mikla aðdáun. Ágði varð af skemmtuninni.

Ársreikningur Íslenska Alpaklúbbsins 1986

Rekstrarreikningur

Gjöld	Tekjur	Kr.	
Útgáfukostnaður vegna ársritsins	Félagsgjöld (205*900)		184.495
Fjölritin og ljósritun	Auglýsingatekjur	-	115.000
Burðargjöld	Hagnaður af myndasýningum (18.750-6.500)	-	12.250
Ritföng	Seld eldri blöð og leiðavísar	-	5.114
Áskrift tímarita	Hagnaður af sælgætissölu	-	3.650
Húsaleiga	Gistigjöld úr Tindfjöllum	-	8.066
Auglýsingar	Gistigjöld úr Bratta	-	1.700
Tölvunúmer hjá H.Í.	Ýmis framlög	-	3.551
Viðhald Tindfjall skála	Kabyssusjóður	-	5.600
Viðhald Bratta	Seld merki Ísalp	-	1.250
Bensín í vinnuferðir	Hagnaður af námskeiðum	-	6.000
Stofnkostnaður vegna Bratta			
Vaxtakostnaður			
Ýmis kostnaður			
Vífíllán L.Í. vegna ársrits 1985			
Tekjur umfram gjöld			
Samtals		- 346.676	

Eignir	Skuldir	Kr.	
Ávísanareikningur (nr. 1371 L.Í.)	Höfuðstíoll 1/1 1986	- 131.319,46	
Gíróreikningur	Hrein eignaaukning á árinu	- 15.593,00	
Kjörbók L.Í.	Tekjur umfram gjöld	- 33.963,00	
Bratti 1/1 1986			
111.333,47			
- viðbót á árinu	- 126.926,47		
15.593,00	- 418,42		
	- 168,00		
Sjúkrabörur	- 373,00		
Sýningarbord	- 148,00		
Sýningartjald	- 1.600,00		
Kommóða			
Sófi			
Samtals	- 180.875,46		- 180.875,46

Ársreikning þennan fyrir Ísalp hef ég endurskoðað og sé enga ástæðu til breytinga.

Reykjavík, 31. janúar 1987

Sighvatur Blöndahl

Árskýrsla stjórnar Ísalp 1986

1. Stjórnin

Í stjórn 1986 sátu; Guðjón Ó. Magnússon formaður, Torfi Hjaltason varafomaður, Guttormur B. Pórarinsson gjaldkeri, Björn Vilhjálmsdóttir ritari, Jón Geirsson meðstjórnandi, Salbjörg Óskarsdóttir og Páll Sveinsson varamenn. Stjórnin hélt 11 fundi á árinu.

2. Skálarnir

Bratti. Ekkert varð úr vinnuferð í Bratta en til stóð að skipta um kabyssu o.fl. En skálinn er í sæmilegu standi.

Tindfjallaskáli. Farið var með eldsneyti í haust og dyttæð að ýmsu smálegu, en framundan eru meiriháttar fúavarnir.

3. Ferðir

Almennar ferðir voru 9 með 44 þáttakendum. Aðeins var farin 1 vinnuferð og þá í Tindfjöll og voru 6 þáttakendur.

4. Námskeið

Fimm námskeið voru haldin. Vetrarfjallamenntskunámskeið var haldið í febrúar, og þá var einnig haldið snjóklifurnámskeið í fyrra sinn. Tvö klettaklifurnámskeið voru haldin í byrjun maí. Var annað fyrir leiðbeinendur og hitt fyrir byrjendur. Michael Scott var leiðbeinandi. Ísklifurnámskeið var síðan haldið í október. Samtals voru þáttakendur í námskeiðunum 50. Eftirtektarvert er að í fyrra skipti í 4 ár fylgjar þáttakendum á námskeiðum klúbbsins og er það vel.

5. Fundir

Klúburinn stóð fyrir 2 sérstaklega auglystum sýningum. Um mánaðamótin apríl/maí sýndi Michael Scott myndir frá Himalaya og í október sýndi Björgvin Richardsson myndir frá McKinley/Denali frá því um sumarið. Fyrri sýningin var á Hótel Loftleiðum og komu 80-90 áhorfendur á hana.



Stjórn ÍSALP 1987. Fremri röð: Gunnlaugur Eiðsson, ritari, Guðjón Ó. Magnússon, formaður og Guttormur B. Pórarinsson. Aftari röð: Torfi Hjaltason, Páll Sveinsson og Salbjörg Óskarsdóttir, gjaldkeri. Á myndina vantar Björn Vilhjálmsdóttir, varafórmann.

Seinni sýningin var í Risinu og sáu hana u.p.b. 50 manns. Michael dvaldi hér á landi í 12 daga og var farið með hann til Gullfoss og Geysis, á Snæfellsjökul, í Botnssúlur, í Esjubrúnir, á Skessuhorn og síðast en ekki síst í Stardal – var hann mjög ánægður með heimsókn sína og var það gagnkvæmt.

6. Félagsheimilið

Opið hús var öll miðvikudagskvöld og dagskrá yfir vetrarmánuðina. Aðsókn var nokkuð góð á þessu ári, sérstaklega yfir veturinn en sumarið er alltaf miklu losaraalegra. Samtals komu ca. 620 manns á þessi kvöld, sem er ca. 20% aukning. Árshátiðin var haldin í febrúar og tókst hún mjög vel og var dansað fram í sólarupprás. Jólaglögg var haldin 19. desember og varð þar hin mestu skemmtun. Hús næðið er að sjálfsögðu notað fyrir starf nefnda, stjórnar og fyrir undirbúning ferða. Bókasafnið óx á árinu, aðallega vegna bókagjafa frá félögum en engar bækur voru keyptar. Stendur það til bóta.

7. Útgáfa

Ársrit nr. 2 kom út – aukið að efni og endurbætt. Útgáfukostnaði tókst að halda í lágmarki þannig að fjárhagsgæla kom útgáfa ársritsins mjög vel út. Sérprentanir voru gerðar af leiðavísnum um Stardal til almennrar sölu. Sex tölublöð af fréttabréfinu komu út á árinu. Í því birtust áætlanir klúbbsins, fréttir og tilkynningar. Ritstýrði formádurinn því.

8. Félagatal

Skráðir félagar um áramót voru 280, þar af höfðu 205 greitt árgjaldið og er það um 73%. Eins og ársreikningarnir sýna er í fyrra skipti í 10 ára sögu klúbbsins verulegur tekju-afgangur. Stafar hann aðallega af því að nú fór minna hlutfall af árgjöldunum til að greiða útgáfukostnað ársritsins, svo og af því að engar framkvæmdir hafa verið við skálana.

9. Önnur mál

Að lokum vill stjórn Ísalp þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plöginn í starfi klúbbsins á árinu fyrir þeirra framlag.

Fréttapistill



UMSJÓN KRISTINN RÚNARSSON
OG SNÆVARR GUÐMUNDSSON

Í gegnum tíðina hefur ritnefnd ÍSALP reynt að hafa fréttapistil í þeim blöðum sem gefin eru út. Þar hefur verið getið helstu afreka, nýrra leiða og annarra frétt næmra atburða.

Tilgangurinn er tvíþættur. Í fyrsta lagi hafa flestir gaman af að heyra frá því merkilegasta sem er að gerast hjá íslenskum fjallamönnum. Og í öðru lagi, en ekki síður, hafa bessir pistlar ótvírætt sögulegt gildi. Í þá verður leit-að bæði þegar, og ef, saga fjallamenntsku á Íslandi verður skráð og eins þegar leiðarvísar framtíðarinnar verða ritaðir.

En tilgangurinn næst ekki nema bessir pistlar endurspegli allt það helsta sem er að gerast í fjallamenntskunni hjá öllum aðilum. Að öðr-

um kosti gætum við alveg eins kallað pennan pistil „Úr dagbókum ritnefndar manna“.

Þess vegna viljum við biðja alla sem lúra á einhverju frétt næmu, gömlu sem nýju, að láta umsjónarmenn bessa pistils vita, – eða jafnvel skrá þá í gestabók ÍSALP á Grensásvegi 5.

Einkunnarorð okkar eru „allar fréttir góðar fréttir“ og að sögulegri hefð „gamlar fréttir líka góðar fréttir“.


NEPAL

Gangapurna

Um miðjan mars hélt fyrsti íslenski Himalayaleiðangurinn til Nepals. Markmið leiðangurins var tvíþætt.

Annars vegar voru það fjallaklifrarar sem stefndu á suðurhlíð Gangapurna (7455 m) á Annapurnasvæðinu og hins vegar göngufólk sem hugðist ganga um nærliggjandi fjallendi (trekking).

Þau Anna Lára Friðriksdóttir, Torfi Hjaltason, Jón Geirsson, Þorsteinn Guðjónsson og Guðmundur Pétersson leiðangursstjóri, komu til aðalbúða 10. apríl ásamt göngufólkini Salbjörgu Óskarsdóttur, Sigríði Þorbjarnardóttur og Helgu Garðarsdóttur. Eftir að aðalbúðir höfðu verið reistar var strax farið í að kanna leiðina að fjallinu, sem var bæði löng og torfarin. Guðmundur og Jón, ásamt göngumönnum fóru þó á austari tind Tharpu Chuli (ca. 5400 m) meðan hin



Snævarr Guðmundsson leiðir 5.11 í Buoux í Frakklandi.
Ljós. Páll Sveinsson.



Tjaldbúðir í Illimani 6380 m í Bólívíu. Ljós. Ari Trausti Guðmundsson.



Íslenski Gangapurna-leiðangurinn. Leiðangursmenn. Ljósm. Torfi Hjaltason.

reistu fyrstu búðir. Aðrar búðir voru reistar undir klettaskeri í miðjum skriðjöklí. Sökum þess að skriðjökullinn var með öllu ófær neyddust þau til að klífa klettaskerið (ca. 300 m) og koma fyrir föstum línum. Tafði þetta leiðangursmenn mjög, enda klífur all erfitt (IV) í mikilli hæð. Búðir III voru síðan reistar ofan skersins á bröttum íshrygg.

Pegar hér var komið sögu var tímí örðinn mjög naumur enda hafði veður verið óvenju slæmt. Ákváðu þau því að reyna að klífa fjallíð í Alpastíl frá búðum III (ca. 5500 m), en tveggja daga samfellt snjókoma gerði útum þau áform.

Ferð göngumannanna heppnaðist hins vegar mjög vel og fóru þeir fallega og fjölbreytta 3 vikna gönguferð umhverfis Annapurna-fjallaklasann.

Ama Dablam

Og hér kemur ein glóðvolg, – allavega á ISALP-mælikvarða. Í byrjun október hélt Þorsteinn Guðjónsson af stað áleiðis til Nepal í annað sinn á þessu ári. Þorsteini var boðið að taka þátt í breskum leiðangri á eina af perlum Himalayafjalla, Ama Dablam (6856 m). Alls verða fimm fjallaklifrar á ferðinni, en leiðangurstjóri verður fjallagpurinn Bill O'Connor, sem

staðið hefur í eldlínunni í á þriðja áratug.

BÓLIVÍA

Cordellera Real og Nevado Sajama

Ari Trausti Guðmundsson kleif nokkur fjöll í Andesfjöllum Bólívíu í sumar. Ari dvaldi þar frá 5. – 28. júlí með 15 manna hópi frá þýska Alpakuðnum (DAV) og var farið á hvorki fleiri né færri en 5 tinda yfir 5000 m á þessu rúmlega 3 vikna tímabili!

Dvalið var í höfuðborginni La Paz, sem er í um 3600 m hæð og farið í ferðir þaðan. Fyrst var gengið á Chacaltaya (5300 m) og Cerro Charquini (5400 m), áður en strax á 5. degi lagt var í fyrsta 6000 m tindinn, Huyana Potosí (6080 m). Sú ferð tók 3 daga og skemmtilegasta ferðin klífurlega séð (2. gráða).

Næst var hæsta fjall Bólívíu klífið, Nevado Sajama (6480 m), sem er gamalt eldfjall við landamæri Chile.

Loks var farið á þekktasta fjall Bólívíu, hið fallega Illimani (6380 m). Þar var farin normalleiðin, eins og reyndar á öll hin fjöllin. Svipar neðri hluta leiðarinnar mjög til hinnar frægu Bianco-grat á Piz Bernina í Ölpunum.

KÍNA

Kongur Tiube

Hætt var við fyrirhugaðan leiðangur á Kongur Tiube (7595 m) í Kína síðast liðið vor.

ALASKA

Mount McKinley

Tveir íslenskir fjallaleiðangrar reyndu að klífa Mount McKinley (6194 m) í Alaska um vor 1986.

Þeir Björgvin Richardsson og Óskar Þorbergsson reyndu við „West Rib“ leiðina, en urðu frá að hverfa í 5700 m hæð. Leið þessi er all krefjandi og fremur fáfarin.

Í hinum leiðangrinum voru þeir Hreinn Magnússon, Ragnar Hilmarsson og Halldór Magnússon. Þeir hugðust fara „normal“ leiðina, en urðu einnig frá að hverfa, eftir að hafa reist 6. búðir í 5200 m hæð.

Björgvin og Óskar ferðuðust einnig um Norður-Ameríku og komu m.a. við í Yosemite-pjóðgarðinum, Grand Teton og Colorado fylki, þar sem þeir klífu nokkrar stuttar klettaleiðir.

TANSANÍA

Kilimanjaro

Hæsta fjall Afríku er óvirkt eldfjall, eitt það stærsta í heimi, Kilimanjaro (5895 m) í Tansaníu. Nokkrir Íslendingar hafa klifð Kilimanjaro og var Agnar Kofod-Hansen fyrstur þeirra, 18. nóvember 1966. Sumarið 1986, réttum tuttugu árum eftir ferð Agnars, stóðu þeir Jón Viðar Sigurðsson og Gunnar Guðmundsson á Kibo, hæsta tindi Kilimanjaro (sjá grein).

ALPAR

Mont Blanc og Le Calanques

Í ágúst 1986 fóru Jón Geirsson, Páll Sveinsson, Snævarr Guðmundsson og Þorsteinn Guðjónsson velheppn-aða ferð í frónsku Alpana (sjá grein). Klifu þeir m.a. norðurhlíð Aig. du Charbonnet (3824 m) gr. D., Aig. du L'M (2844 m) NNA-hrygg, gr. D., Rebuffat leiðina á suðurhlíð Aig. du Midi (3800 m) gr. TD. Einnig fóru þeir til Les Calanques við Miðjarðarhafið þar sem klifnar voru nokkrar klettaleiðir, erfiðast 5.10. Í lokin fóru Jón, Páll og Þorsteinn hina þekktu Route Major á Brenvahlíð Mont Blanc (sjá grein).

Mont Blanc, Leysin og Gran Paradiso

Þeir Guðmundur Helgi Christensen, Guðbjörn Óskarsson, Ingimundur Þorsteinsson og Sindri Grétarsson voru einnig í Chamonix í ágúst 1986. Þeir byrjuðu á því að klifa Dent du Géant (Risatönnina, 4013 m) eftir normalleiðinni gr. AD. Eftir það gengu þeir Gouter-leiðina á Mont Blanc (4807 m) áður en haldið var á fjalla-skóla í Leysin í Sviss.


Á námskeiði þar klifu þeir D-leið á Mirror Wall, einnig 500 m langa ísléið á Gran Paradiso (4081 m) og aðra ísklifurleið á Ciarforan (3642 m).

Mont Blanc – afmælishátið

Pann 8. ágúst 1786 klifu þeir Dr. M.G. Paccard og J. Balmat fyrstir manna hæsta tind Evrópu, Mont Blanc (4807 m). Árið 1986 voru 200 ár liðin frá þessu afreki og af því tilefni var haldin afmælishátið í Chamonix, þar sem m.a. leið þeirra félaga upp fjallið var lýst upp með kynldum af fjall-göngumönnum víðs vegar að úr heiminum. Frá Íslandi fóru til hátiða-haldanna þeir Helgi Benediktsson og Sighvatur Blöndal.

KLETTAKLIFURSVÆÐI EVRÓPU

Þeir Snævarr Guðmundsson og Páll Sveinsson þræddu mörg af



Mount McKinley í Alaska. „West-Rib“ leiðin sem þeir Björgvin og Óskar hugðust fara er merkt inn á. Ljósm. Björgvin Richardsson.

þekktustu klettaklifursvæðum Mið-Evrópu í ágúst síðastliðnum. Fyrst komu þeir við í Grimsel í Sviss þar sem þeir klifu tvær „slab“-leiðir, 5.8 og 5.10. Næst var haldið til Chamonix og allar erfiðstu leiðirnar í heima-klettunum klifnar. Einnig fóru þeir tvær leiðir á La Joux (5.10 a og b) og D., Rebuffat leiðina á Aig. du Midi (3800 m).

Klifursvæðið í Buoux í Frakklandi var þó það svæði sem þeir félagar voru hrifnastir af. Þar klifu þeir 20 leiðir, þar af 18 5.10 a – 5.11 c leiðir. Þeir stoppuðu hins vegar stutt á öðru klifursvæði í Frakklandi, Verdon, enda svæðið yfirfullt af túristum og lítil fjölbreytni í leiðum. Tvær leiðir fóru þeir þó í ofanvað (top-rope) 5.8 og 5.10 d. Loks heimsóttu þeir Les Calanques við Miðjarðarhafið þar sem þeir klifu nokkrar 5.9 og 5.10 leiðir. M.a. La Conan (5.10) sem þeir höfðu klifrað með erfiðismunum í ofanvaði árið áður.

Þessi ferð þeirra Snævarrars og Palla sýnir að stórtigar framfarir hafa orðið hjá íslenskum toppmönnum í klettaklifri. Aldrei hafa verið farnar eins erf-íðar leiðir af íslenskum klifurrum.

ÍTALÍA

Klifurmót í Arco

Helgina 19.-20. september var haldið klettaklifurmót í smáþorpini Arco á Ítalíu. Þar voru samankomnir flestir af fremstu klettaklifurum í heiminum í dag.

Að sjálfsögðu var fréttaritari ÍSALP, Snævarr Guðmundsson, á staðnum. Kept var í karla og kvennaflokki og

klifraðar tvær leiðir í hvorum flokki. I kvennaflokki voru leiðirnar af gráðu 5.12 d og 5.13 a. Sigurvegari var hin ameríkska Lynn Hill, sem nú er talin besti kvenklettaklifrari í heiminum.

Í karlaflokki voru klifraðar leiðir af gráðu 5.13 a og 5.14 a. Eins og reyndar hjá kvenfólkini, þá þurftu klifrararnar að klifra fyrrleiðina án þess að hafa séð hana áður, né séð aðra klifra hana (onsight). Seinni leiðina höfðu þeir hins vegar klifrað einu sinni áður og einnig máttu þeir reyna eins oft og þeir vildu. Þess má geta að aðeins hafa verið farnar 5 eða 6, 5.14 leiðir í heiminum í dag.

Aðeins einn náði að klára báðar leiðirnar, en það var Stefan Glowacs frá V-Þýskalandi. Skaut hann þar með ref fyrir rass ekki ómerkari mönnum en Jacky Godoffe, Jean Babinette Tribout, Marc Le Menestrel og Didier Rababoutou frá Frakklandi; Martin Atkinson, Chris Core, Ben Moon og Jerry Moffat frá Bretlandi og Alan Watts og Todd Skinner frá Bandaríkjum.

Að sögn fréttaritara ÍSALP var við-burður þessi hreinasta augnakonfekt og fljúga fregnir um að hann hafi lagt skóna á hilluna og snúið sér þessi í stað að bingó-spilamennsku í Templarähöllinni.

SKOTLAND

Ben Nevis

Einar Torfi Finnsson og Leifur Örn Svavarsson klifu Point Five gilið, sígilda ísklifurleið á Ben Nevis (1343 m) í febrúar 1987. Leiðin sem er 300 m löng, er af 5. gr. Er þetta í þrója sinn sem Íslendingar klífa þessa krefjandi leið.

Stöng

Í fjallaröðinni milli Berufjarðar og Breiðdals rísa margar sérkennilegar og egghvassar gnípur og trónur. Einн fallegasti tindurinn þar heitir Stöng og er 942 m. Þann 13. apríl 1987 var þessi fallegi líparítstindur klifinn í fyrsta sinn svo vitað sé. Þar voru á ferðinni þeir Ari Trausti Guðmundsson, Hreinn Magnússon og Höskuldur Gylfason.

SUÐAUSTURLAND**Öræfajökull**

Björgvin Richardsson, Óskar Þorbergsson og Kristján Maack fóru allsérstæða dagsferð á fjallaskíðum um páskana 1986. Lagt var af stað snemma morguns og gengið á alla tinda á gígbarmi Öræfajökuls. Fyrst gengu þeir á Rótarfjallshnúk 1858 m, Vestari og Eystri Hnappa, 1851 m og 1758 m, þá Sveinstind 2044 m, Hvannadalshnúk 2119 m og loks Efri-Dyrhamar 1911 m. Ær þetta eflaust í fyrsta sinn sem farið er á alla þessa tinda í einni ferð, – og það dagsferð!

Hvannadalshnúkur

Helgi Benediktsson kleif einn síns liðs vesturhlíð Hvannadalshnúks um páskan 1986. Leið þessi er sú alvarlegasta á Hvannadalshnúk fram að þessu.

Í sömu ferð fór Helgi ásamt Arnóri Guðbjartssyni og tveimur öðrum á Hrútfjallstinda.

Hrútfjallstindrar

Hrútfjallstindrar voru 3 sinnum gengnir á tímabilinu 1986 til vors 1987. Þar af ein ný leið sem liggur upp og með vesturhrygg Vesturtinds (1756 m). Leiðina fóru þeir Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson og var hún af PD grádu, alvarleg leið, með einu erfiðu ísklifurhafti. Ætta var um hvítasunnu 1986.

Um hvítasunnu 1987 var farin þyrluskiðaferð á Vesturtind Hrútfjallstinda og var skíðað vestur af fjallinu niður á Skaftafellsjökul. Þar tók þyrlan skíðamennina upp og flutti þá yfir á Hvannadalshnúk. Þaðan var skíðað niður með Dyrhamri, Hvannadalshrygg, þá Svínahrygg og niður á Svínafellsjökul. Skíðafærí á jöklum var fremur óhagstætt. Fyrir ferðum þessum stóðu Helgi Benediktsson og Arnór Guðbjartsson.

Hafræfell

Þeir sem hafa virt fyrir sér Hvannadalshnúk á góðviðrisdegi frá tjaldsvæðinu í Skaftafelli hafa örugglega



Björgvin Richardsson á hæstu klettaspírunni í Hafræfell. Ljósm. Kristján Maack.

einnig veitt athygli tindóttri fjallsegg í fremri hluta Hafræfells (1174 m). Fremst þar sem fjallseggin er skörð-óttust heita illuklettar. Þar klifu þeir Björgvin Richardsson og Kristján Maack hæstu klettaspíruna (ca. 10 m) um páskanu 1986.

þeir Kristinn Rúnarsson og Páll Sveinsson stutta IV. gráðu klettaleið í Vestrahorn. Leiðin liggur upp lítin hrygg ofarlega í gilinu vestan við Kamphornið og sameinast venjulegri leið eftir tvær spannir.

Fallastakkanöt


Hin stórglæsilega klettaklifurleið Orgelpíurnar í Fallastakkanöt í Borgarhafnarfjalli var klifin í annað sinn um páskanu 1987. Þar voru á ferð þeir Páll Sveinsson og Snævarr Guðmundsson. Leiðin er þrjár spannir (5.10, 5.10 og 5.9; 90 m) og án efa erf-iðasta fjlóspanna klettaklifurleið sem farin hefur verið hérlandis. Peir félagar voru 6 tíma að klífa leiðina eftir að hafa beðið í 6 daga samfleytt í rigningarsudda aftan í sendiferðabíl. Ágætis Patagóníuæfing það.

Súlutindar

Súlutindar nefnist hvöss tindaröð, allstórbrotin, í Eystrafjalli vestan við Skeiðarárjökul. Súlutindar eru um 700 m háir. Í ágúst 1986 reyndu Björgvin Richardsson og Kristján Maack að klífa fallegasta tindinn í tindaröðinni, mjög reglulegla spíru stundum kallaða Súlutind.

Vestrahorn

Um verslunarmannahelgi 1986 klifu



Gollum. 5.11 b í Eillífsdal. Ljósm. Jón Geirsson.

SUÐVESTURLAND

ESJA

Nokkrar nýjar leiðir hafa verið farnar í Esju á seinstu misserum og hafa þá bæst við 19 nýjar leiðir í Esjuhlíðum frá útgáfu leiðarvísirisins í ársriti 1985. Að auki hafa fáfarnari leiðir verið endurklifnar og undantekningalaust hefur gráðun þeirra verið staðfest.

Vesturbrúnir

Athyglisvert er að engin ný leið hefur bæst við í Vesturbrúnnum, þó klifurferðir þangað séu ekki ótíðar. Vesturhryggurinn á Stút er enn óklifinn, en haustið 1986 reyndu þeir Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson við hann. Þeir náðu að klífa neðsta lykil-

kaflann (A2-A3) og svo áfram 2/3 leiðarinnar, en djúpt skarð í hrygnum og mosavaxinn klettaveggur handan gerði áframhald illmögulegt.

Búahamrar

Ísfossinn í kverkinni rétt austan við 55° N var klifinn í fyrra sinn þann 7. desember 1986 af Jóni Geirssyni og Snævarri Guðmundssyni. Ísfossinn er um 25 m og telst vera af 4. gráðu.

Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson klífu tvær blandaðar ís- og klettaleiðir sl. vetrur. Annars vegar klífu þeir stutta leið í gili rétt vestan við Skráargatið (2+ og II). Hin leiðin fylgir svo byrjuninni á leið nr. 26 (2/3), en beygir síðan til vinstri og endar með klifri upp víða sprungu (IV).

Vesturrif heitir ný leið vinstra megin við Miðrif (leið 31) og hafa þá öll rifin 3 verið klifin. Það voru þeir Jón, Kristinn og Þorsteinn sem klífu Vesturrif í október 1986 og er það af gráðu IV.

Pennan sama mánuð voru klífin tvö ný afbrigði á Nálina (leið nr. 33). Jón og Snævarr klífu upp klettsstafnið í hömrurnum beint niður af Nálinni – tvær spannir (IV og II). Kristinn og Þorsteinn byrjuðu hins vegar heldur austar, með einni spönn af III. gráðu, og fóru svo upp með Nálinni austan megin frá, þar til hún sameinaðist leið 33 fjórum metrum fyrir neðan toppinn.

Síðast liðið vor (1987) klífu Guðmundur Helgi Christensen og tittefnendur Snævarr Guðmundsson stutta, en erfiða klettaleið af V. gráðu í kverkinni vestan megin í Loka. Sú leið hlaut nafnið Þjörsni.

Að lokum má geta þess að ísfláarnir vestan við Loka (leið nr. 35) eru ákjósanlegir til æfingaklifurs fyrir byrjendur (2. gráða) – en varasamir görump!

Pverfell – Suðurbrúnir

Michael Scott klífraði nýja leið í suðurbrúnum í maí 1986. Er hún af III. gráðu.

Grafarfoss

Athyglisvert er að 3 nýjar leiðir voru farnar í Grafarfossi. Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson klífu leið sem liggur upp vinstra megin í fossinum og er 80 m löng, þann 7. nóvember 1986.

Premur vikum seinna fór Jón ásamt Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga Christensen beint upp fossin miðjan (65 m). Loks er þess að geta að þeir Páll og Guðmundur Helgi fóru beinna afbrigði að síðast nefndu leiðinni í mars 1987 (sjá grein).

Allar leiðirnar eru erfiðari en upphaflega leiðin, en hljóta þó sömu gráðu, 4.

Kistufell

Í suðurhlíðum Kistufells voru farnar tvær leiðir veturni 1986 af Jóni Geirssyni, Snævarri Guðmundssyni og Þorsteini Guðjónssyni. Báðar fylgja þær giljum og eru af 2.-3. gráðu.

Leiðréttung

Villa er í leiðarvísinum um Esju í fyrra ársriti ÍSALP 1985. Leið nr. 52 er vitlaust merkt inn á mynd 18 bls. 37. Leiðin á að fylgja gilinu vestan við sýnda leið. Er beðist velvirðingar á þessum mistökum.

STARDAHLHNÚKUR

Árið 1986 var metar hvað varðar klifur í Stardalshnúk og bættist mikill fjöldi leiða við. Ber það tvennu að bakka. Í fyrra lagi verkaði ritun leiðarvísis um svæðið sem vítamínsprauta á klettaklifara og í annan stað varð heimsókn Michaels Scotts til þess að

opna augu manna fyrir nýjum möguleikum í leiðarvali. Ásóknin í Dalinn og áhuginn var svo mikill að loka varð fyrir skráningu nýrra leiða í leiðarvísinn í maílok, svo hann kæmst í prentun.

Arið 1987 ætlað að vera engu síðra hvað varðar klifur í Dalnum og hefur fjöldi nýrra leiða bæst við. Frá því í júní 1986 til lok júlí 1987 hafa því verið farnar alls 10 nýjar leiðir.

Hér á eftir er ætlunin að geta nýrra leiða, en fyrst eru nokkrar leiðréttningar.

Leiðréttningar

Leið 62 í V1 er ekki merkt inn á mynd, en hún á að fylgja vestasta stuðlinum (sjá mynd V-1, bls. 30).

Leið 67 í A-4 er ekki lýst (mynd A-4, bls. 38), en skal hér úr því bætt. Hún var klifin í maí 1986 af Birni Vilhjálms-syni og Snævarri Guðmundssyni. Er hún 5.7 og erfiðust í neðri hluta, 10-12 m löng.

Leið 52, Vonbrigði, er ekki eins mikil vonbrigði og af er látið, því leiðin telst vera 5.5 en ekki 5.3.

Einnar eldri leiðar gleymdist að geta í leiðarvísinum í síðasta ársriti. Þeir bað bogadregin stutt sprunga af gráðu 5.6. Leiðina klifu Guðmundur Helgi Christensen og Óskar Gústafsson 1985 og er næsta sprunga hægra megin við leið 10 (sést best á mynd M-1 bls. 32).

Og loks er þess að geta að leið 8 telst vera 5.7 en ekki 5.8 eins og fram kemur í leiðarvísi.

Nýjar leiðir eru eftirfarandi:

I V-1 fóru þeir Snævarr Guðmundsson og Þorsteinn Guðjónsson 10 m langa sprungu hægra megin við leið 66. Ofar krossar hún leið 5 og liggur síðan upp stutt hvast, en skemmtilegt sprungukerfi í gróf (5.7). Jón Geirsson og Kristinn Rúnarsson fóru stutta sprungu hægra megin við fyrrnefnda leið, sem einnig krossar leið 5 og fylgir síðan áberandi sprungu hægra megin við lítið þak. Leiðin er 5.6 og hlaut nafnið Drjúgur dráttur! Jón og Kristinn fóru einnig Bjarnargreida Alberts, leið upp af byrjuninni á leið 5. Er hún erfiðust í miðjum vegg (5.7), þar sem er tæp hliðrun upp til hægrí.

I M-1 hefur verið farin ein ný leið frá útkomu leiðarvísis. Þeir Snævarr Guðmundsson og Páll Sveinsson klifu utanverðan stuðulinn milli leiða 63 og 12. Fylgir hún áberandi skásprungu og er lykilkafinn að komast upp fyrir hana. Leiðin hlaut nafnið Eftímáli og er af gráðu 5.9 og tortryggð. Einnig má geta þess að leið 17 Gegnumbrotið hefur verið klifin viðstöðulaust (Áþýsku: Rotpunkt), þ.e. leiðin hefur verið klifin í einni lotu án hvíldar og án falls.



Jón Geirsson leiðir lykilhlutann (V) í erfiðum ísfossi í Múlafjalli í Hvalfjörði. Ljósmynd: Kristinn Rúnarsson.

Athyglisverðustu nýju leiðirnar hafa verið farnar í M-2. Þar ber hæst að þjárf sprungur á svarta vegnum milli leiðar 29 og 31, sem áthnar voru framtíðarverkefni vegna þess hversu tortryggðar eða erfiðar þær eru, voru klifnar sumarið 1987. Vestasta leiðin, Tumbler (Veltikart), er tortryggð 5.10 með erfiðum lykilkafla, en fyrir ofan syltu 5.8. Hana klifu þeir Snævarr Guðmundsson og Chris Bonington. Miðsprunguna, Hvítur depill, klifu Páll Sveinsson og Þorsteinn Guðjónsson og er hún einnig 5.10, en seinni hlutinn 5.7 með tveimur mögulegum endakoflum. Í leiðinni var fleyg komið fyrir vegna þess hversu tortryggð hún var að hluta. Að öðru leyti gefur hún góðar tryggingar, en með löngu millibili. Austasta sprungan er þó sýnu erf-

iðust þó hún teljist einnig 5.10, enda hlaut hún nafnið Örvæting. Nafnið kemur til vegna langs klifurs í lykil-kaflanum upp frá lelegri tryggingu. Snævarr og Páll klifu leiðina.

Langbráðu markmiði var náð þegar Páll, Snævarr og Jón Geirsson klifu Pak Jóða brúna, sprungu hægra megin við leið 33. Greinilegt þak er í byrjun leiðarinnar, sem er 5.8 en tortryggð án vina.

Einnar nýrrar leiðar er enn ógetið og er hún í gilið milli M-I og M-II. Leiðin er stutt, aðeins 7 m og er 5.6. Páll og Snævarr klifu leiðina, sem hlaut hið dularfulla nafn, Óvænt endalok.

Loks er skylt að geta þess að með vaxandi aðsókn í Dalinn hefur umgengni hrakað til muna. Sérstak-

lega er áberandi hversu mönnum er gjarð að skilja eftir rusl, svo sem tómar ölfloðskur eða önnur drykkjarílat. Er þess hér með krafist að menn beri heim allt sem borið er á staðinn, ella stundi sitt klifur innan girðingar á utanverðu Gufunesi.

NB! Í undirhlíðum Stardalshnúks er farið að bera á uppblástri. Ættu menn því að hafa í huga fræpoka Landgræðslunnar, sem fást á bensínstöðum, næst þegar þeir fara í Dalinn.

Eillífsdalur – Valshamar

Valshamar í Eillífsdal er eitt af kletta-klifursvæðum í nágrenni Reykjavíkur. Þar eru nokkrar auðveldar leiðir (5.3-5.7) og svipar svæðinu í mörku til Stardals, þótt minna sé. Í sumar (1987) tók klifur þar nýja stefnu, þegar boltaðar voru nokkrar erfiðar leiðir. Leiðirnar liggja utan á breiðum stuðlum, sem gefa enga aðra möguleika til trygginga. Allar eru þær tæknilega erfiðar, enda með mjög tæpum hand- og fótfestum.

Nyrsta leiðin liggur upp klettaflága og er 5.8+. Hana klifu Snævarri Guðmundsson og Páll Sveinsson. Gollum er erfiðasta leiðin og erfiðasta klettaklifurspönn, sem farin hefur verið hérlandis. Hún liggur upp utanverðan stuðul, miðsvegar í hamrinum og er með löngum lykilkafla á afar tæpum festum. Þetta mun vera fyrsta 5.11 leiðin á landinu, líklega 5.11 a eða 5.11 b. Gollum var klifin af Snævarri Guðmundssyni í júní 1987.

Syðsta leiðin, sem heitir Hrúðurkarlar, getur að sér tvö afbrigði. Hið auðveldara er gráða 5.9 og liggur í fyrstu upp stuðul, að tveim boltum, þá hliðun til hægri og svo loks upp með víðri sprungu. Erfiðara afbrigðið hefur sömu byrjun, en frá bolta númer 2 er klifrað beint upp á mjög tæpum jafnvægishreyfingum. Teist þá leiðin vera



Úr fyrstu spönninni í Fallastakkanörf (5.10). Ljósm. Páll Sveinsson.

5.10. Báðar leiðinar voru klifnar af Snævarri og Páli Sveinssyni.

Athyglisvert við nýju leiðirnar er, að þær gefst kostur á mjög erfiðum leiðum, en einnig mjög öruggum.

Klifurveggir

Í framhaldi af nýju bylgjunnini í kletta-klifri voru búrir til 2 klifurveggir, einn í kjallara Skátaheimilisins við Snorrabraut og svo í húsnæði Hjálparsveitar Skáta í Kópavogi.

Klifurveggurinn í Skátaheimilinu við Snorrabraut er mun aðgengilegri fyrir hinum óháða klifrara, en báðir hafa ýmislegt til síns ágætis. Þann vegg hönnuðu Páll Sveinsson og Snævarri Guðmundsson. Veggurinn er tæpir 4 metrar á hæð og rúmir 5 metrar á breidd. Tryggingaboltar eru til staðar, svo einnig er hægt að æfa línumeðferð. Er bæði hægt að klifra erfiðar

hreyfingar sem og hliðranir. Er vinsælt að klifra hrungi, en þannig fæst mest úr æfingum í veggnum. Hafa verið klifraðir mest 15 hrungir fram að þessu, þá án falls eða viðkomu á gólfí.

Klifurvegg þeirra Kópavogsmanna hönnuðu Björgvin Richardsson og Óskar Þorbergsson. Hann er 6,5 m á hæð og 3 m á breidd. Hann býður upp á meðal- og erfiðar hreyfingar, en með öllu er bannað að klifra í honum án línu. Enn sem komið er mun hann að mestu leyti þjóna Kópavogsmönnum.

Nú hefur engin afsökun fyrir að fara ekki á „fjöll“.

BOTNSSÚLUR

Háasúla

Pann 10. mars 1986 klifu þeir Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson nýja leið í norðurhlíð Háusúlu (916 m). Leiðin liggur upp áberandi skoru í miðri norðurhlíðinni. Leiðinni svipar til Prengslana (í Syðstusúlu) og er af 3. gráðu með einu íshafti.


Syðstasúla

Í heimsókn sinni til Íslands í maí 1986 fór Michael Scott meðal annars á Botnssúlur. Þar einför hann nýja leið í norðurhlíð Syðstasúlu (1095 m). Leiðin liggur upp eitt af rifunum í norðurhlíðum ofan Súlnadals og er af 3.-4. gráðu.

HVALFJÖRÐUR

Múlafjall

Múlafjall heitir fjallsraninn milli Brynjudals og Botnsdals. Að vetrarlagi verða norðurbrúnir fjallsins oft nær óslitið íspil. Ísfossar þar verða frá 20 til 80 m háir og bjóða upp á mikla möguleika til ísklifurs. Áberandi eru



Háasúla í Botnssúlum. Leiðin þeirra Kristins og Þorsteins liggur upp greinilegu rennuna í miðjum veggnum. Ljósm. K.R.

þrír stórir ísfossar vestarlega í Múlafjalli, sem nú hafa allir verið klifnir.

Austasti ísfossinn klofnar í tvær greinar og var sú vestari (Rísandi) klífin 1983. Austari greinin var svo klífin 14. desember 1986 af þeim Jóni Geirsyni og Snævarri Guðmundssyni. Reyndist hún af 4. gráðu, en þó ívið lettari en Rísandi.

Vestan við Rísanda er hæsti og mest áberandi ísfossinn í Múlafjalli og einkennist hann af háum ísprepum. Þann foss klífu þeir Jón og Snævarr ásamt Kristni Rúnarssyni, 6. desember 1986. Fossinn er 80-100 m langur og af 5. gráðu.

Litlu vestar er breitt íspil, um 30 m hátt. Jón og Snævarr klífruðu þetta íspil, sem var mjög erfitt (5. gráða) 14. desember 1986.

Brynjudalur

Tveir stuttir ísfossar voru farnir í gljúfrinu fremst í Brynjudal í janúarbyrjun 1987. Ísfossana, sem eru af 3. og 4. gráðu, klífu þeir Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson.

Kjósarskarð

Ein ný leið var klífruð í Kjósarskarði um veturn 1986. Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson klífruðu 25 m háan ísfoss af 4. gráðu.

VESTURLAND

SKARÐSHEIÐI

Skarðshorn

Ný leið var klífin í Skarðshorn í nóvember 1986, af þeim Jóni Geirsyni, Snævarri Guðmundssyni, Kristni Rúnarssyni og Þorsteini Guðjónssyni. Leiðin, sem liggur upp vestasta hrygg Skarðshorns, fékk heitið Vesturrif og er af 3+/4 gráðu, erfiðust í höfuðvegg (sjá leiðarvísni).

Hnitbjörg

Þann 4. apríl 1987 var farið fallegt afbrigði af Sólei af þeim Birni Vilhjálmsyni, Páli Sveinssyni og Snævarri Guðmundssyni. Afbrigðið, Dreyri, er mjög erfið, gráða 5, og felst í 40 m ísfoss í fyrstu spönn (sjá leiðarvísir og forsíðumynd).

Lónandrangi

Í heimsókn sinni hingað til lands í júní síðastliðnum fór Chris Bonington m.a. í tveggja daga ferð út á Snæfellsnes. Fyrri daginn klífraði Bonington Lóndranga hinn hærri (75 m), ásamt nokkrum félögum úr ISALP. Klífríði, sem var tvær spannir, gekk vel og fóru þeir nýja leið í seinni spönninni. Upp sprungu sem er vinstra megin við skoruna sem venjulega er farin. Klífur betta var af gráðu 5.6.

Seinni daginn var síðan farið á Snæfellsjökul, upp frá Dagverðará.

NORDURLAND

Kjarni

Hin langbráða og sérkennilega klettaklífurleið, Indjáninn, var klífin um hvítasunnu 1987. Páll Sveinsson klífræði hana og var bar með fyrstur til að leiða hana. Eriðasti hluti Indjánans er lokahreyfingin og datt Páll þrisvar sinnum þar áður en honum tókst að sigra hana. Góður ávinnungur þar og enn ein 5.10 leiðin.

Þessir hafa styrkt útgáfuna

Útivist, ferðafélag

Grófinni 1 – 101 Rvk. – Sími 14606

Rafkraft hf.

Grensásvegi 5 – sími 681750

Rakarastofan Dalbraut

Dalbraut 1 – Sími 686312

Teigabúðin

Kirkjuteig 19 – Sími 32655

Íslensk-erlenda verslunarfélagið hf.

Tjarnargötu 18 – Sími 20400

Prentstofa Guðjóns Ó. hf.

Pverholti 13 – Sími 27233, 27263

Kolburstagerðin Kóráll sf.

Vesturgötu 55 – Sími 16484

Hárprýði

Háaleitisbraut 58–60 – Sími 32347

Vestfjarðaleið

Sætúni 4 – Sími 29950

Veitingahúsið við sjávarsíðuna

Tryggvagötu 4–6 – Sími 15520, 621485

Áfengis og tóbaksverslun ríkisins

Ískort

Skipholti 21 – Sími 22680

Fagtækni hf.

Lágmúla 7 – Sími 688595

Brunabótafélag Íslands

Laugaveg 103 – Sími 69600

Slickumboðið

Brekkubýggð 30, Garðabæ – Sími 46187


Harðfisksala

Álfabrekku 17 – Sími 641702, 40044

Tveir félagar

„Velunnari“

SKÁTABÚÐIN SKÁTABÚÐIN SKÁTABÚÐIN



ajungilak.



ÓRKINSLA

Allt fyrir útiveruna

Ert þú á leið í útilegu eða bara í gönguferð með hundinn. Vertu viss um að hafa komið við í Skátabúðinni og kannað úrvalið af útiverubúnaði. Skátabúðin á mikil úrvall af heimsþekktum vörum sem henta jafnt reyndum sem óreyndum fjallagörpum og útiverufólk.

Verslaðu við traust fólk.



SKÁTABÚÐIN
Snorrabraut 60 sími 12045